

**ÁLIT**  
**STARFSHÁTTANEFNDAR**  
**ÞJÓDKIRKJUNNAR**


**LAGT FYRIR**  
**PRESTASTEFNU**

**1977**



EFNISYFIRLIT:BLS.

1.	ALMENNUR INNGANGUR	5.
1.1.	Formáli	7.
1.2.	Kirkja Krists	9.
1.3.	Þjóðkirkja Íslands	13.
2.	TILLÖGUR UM STARFSHETTI	25.
2.1.	Sókn	27.
2.1.1.	Álitsgjörð	27.
2.1.2.	Sóknir og stjórn	28.
2.1.3.	Sóknarkirkjur	39.
2.1.4.	Fjárreiður sókna	44.
2.2.	Prófastsdæmi	51.
2.2.1.	Álitsgjörð	53.
2.2.2.	Prófastsdæmi, stjórn og embætti	59.
2.2.3.	Fjárreiður prófastsdæma	69.
2.3.	Biskupsdæmi	73.
2.3.1.	Álitsgjörð	75.
2.3.2.	Biskupsdæmi og stjórn	78.
2.3.3.	Greinargjörð	85.
2.4.	Þjóðkirkja	87.
2.4.1.	Álitsgjörð	89.
2.4.2.	Þjóðkirkjan, stjórn og starfsmenn	94.
2.4.3.	Greinargjörð	97.
2.5.	Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar	99.
3.	FRÆDSLUMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR	105.
3.1.	Skylda þjóðkirkjunnar til fræðslu sóknar- barna sinna	107.
3.2.	Frankvæmd skírnarfræðslunnar	111.
3.3.	Önnur atriði fræðslumála	113.



4.	FYLGIEFNI	115.
4.1.	Afar lausleg áætlun um kostnað við prestastefnu, kirkjuþing o.fl.	117.
4.2.	Um sérþjónustu	120.
5.	LOKAORD	123.
5.1.	Skrá yfir gögn starfsháttanefndar	125.
5.2.	Skrá yfir erlendar bækur	131.
5.3.	Eftirmáli	132.

1. A L M E N N U R I N N G A N G U R

1.1. FORMÁLI

1.2. KIRKJA KRISTS

Eðli kirkjunnar  
Einkenni kirkjunnar  
Markmið kirkjunnar  
Kirkjan og þjófðin

1.3. ÞJÓÐKIRKJA ÍSLANDS

Fjármálatengsl ríkis og kirkju  
Skipulag og starfshættir  
Mynd af uppbyggingu kirkjulegs starfs  
Skýringar við mynd

### 1.1. Formáli.

Á þjóðhátíðarárinu 1974 fól Prestastefna Íslands biskupi að skipa fimm manna nefnd til að fjalla um aðalmál prestastefnunnar, sem var: "Kirkjan og samtíðin." Skyldi nefndin skila álitsgjörð um starfshætti kirkjunnar til næstu prestastefnu.

Með bréfi dags. 27. ágúst 1974 skipaði biskup eftirtalda menn í nefnd þessa samkvæmt tillögu miðnefndar prestastefnunnar: séra Halldór Gunnarsson, sóknarprest í Holti undir Eyjafjöllum, séra Heimi Steinsson, rektor í Skálholti, séra Jón Einarsson, sóknarprest í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, séra Jónas Gíslason, lektor, Reykjavík og séra Þórhall Höskuldsson, sóknarprest á Möðruvöllum í Hörgárdal.

Jafnframt því að skipa nefndina lét biskup henni í té "til athugunar og úrvinnslu" þau gögn, sem héraðsfundir höfðu samkvæmt tilmælum hans lagt fram varðandi starfshætti kirkjunnar. En upphaf þessa máls er að rekja til tillögu frá séra Jóni Bjarman, er samþykkt var á prestastefnu 1972, um endurskoðun á starfsháttum kirkjunnar. Þeirri tillögu var vísað til kirkjuráðs, sem sendi hana út í prófastsdæmin og til héraðsfunda til umræðna og athugunar. Í flestum héruðum störfuðu millifundanefndir presta og leikmanna, er fjölluðu um starfshætti kirkjunnar og settu fram tillögur og ábendingar.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar í safnaðarsal Hallgrímskirkju í Reykjavík hinn 19. október 1974. Á þeim fundi var séra Jón Einarsson kosinn formaður nefndarinnar og séra Halldór Gunnarsson ritari. Á öðrum fundi lagði formaður til, að nefndinni yrði gefið heitið: "Starfsháttanefnd þjóðkirkjunnar." Var það samþykkt, og undir því nafni hefur nefndin starfað síðan.

Hinn 6. nóvember 1974 óskaði séra Heimir Steinsson eftir því með bréfi til biskups að verða sakir annríkis leystur frá störfum í nefndinni og að annar maður yrði skipaður í staðinn. Séra Heimir féllst þó á að starfa með nefndinni fyrst um sinn gegn því að fá skipaðan varamann. Hinn 6. febrúar 1975 skipaði biskup séra Jón Bjarman, fangaprest, Reykjavík, til þess að taka sæti sem varamaður hans. Og er séra Heimir hætti að fullu störfum í nefndinni að loknu fyrsta starfsári, tók séra Jón sæti hans.

Hlutverk nefndarinnar var að vinna að athugun og endurskoðun á starfsháttum kirkjunnar og setja fram tillögur og ábendingar til breytinga og úrbóta. Nefndin fékk þó eigi í hendur erindisbréf eða reglur um umfang og hlutverk starfsins utan þess, sem fram kom í samþykkt prestastefnu 1974 og í skipunarbréfi biskups.

Starfsháttanefnd gerði sér í öndverðu ljóst, að hennar beið umfangsmikið og vandasamt starf, sem ekki yrði auðið að gera nein viðhlítandi skil, nema á löngum tíma og með mikilli vinnu. Nefndinni var það einnig ljóst frá byrjun, að grundvöllur og forsenda að framtíðartillögum um starfshætti kirkjunnar væri athugun eða úttekt á starfi því, sem unnið er eða rúmast gæti innan ramma gildandi laga og skipulags.

Þessari úttekt lauk nefndin að mestu leyti fyrsta starfsárið og gerði fyrir því ýtarlega grein á prestastefnu í Skálholti 1975. Þá þegar var ljóst, í hvaða átt starf nefndarinnar beindist og hvers var af henni að vænta. Verður ekki annað sagt en að störf nefndarinnar hafi hlotið góðar undirtektir á þeirri prestastefnu, og var nefndinni einróma falið að starfa áfram næstu tvö árin og skila álitni til prestastefnu 1977.

Að athuguðu máli og að höfðu samráði við biskup taldi Starfsháttanefnd rétt að leggja fram hluta af álitni sínu á prestastefnu 1976. Skilaði nefndin þá fjölrítaðri skýrslu mönnum til kynningar og umhugsunar. Síðan hefur nefndin ýmsu breytt og aukið miklu við, og kemur nú fyrir sjónir manna endanlegt álit hennar.

Starfsháttanefnd hefur fjallað um flest svið og þætti kirkjulegs starfs og kirkjulegrar skipunar í landinu, eins og fram kemur í álitni því, sem hér fer á eftir. Þess ber vel að gæta, að þetta tvennt er saman slungið. Sem þjóðfélagsstofnun hlýtur kirkjan að lúta ákveðnu skipulagi. Það skipulag hefur mótagandi áhrif á starfshætti hennar og þjónustu í samfélaginu.



## 1.2. Kirkja Krists.

Eðli kirkjunnar.

Kirkja Krists er líkami hans hér á jörðu, þar sem Guð starfar áfram í Heilögum anda, svo að notuð sé frumkirkjuleg líking. Nýja testamentið sýnir, að frumsöfnuðurinn notaði fleiri myndir og líkingar til þess að segja, hvað kirkjan er. Þar er talað um kristna menn sem Guðs lýð, hinn nýja Ísrael, víntré með mörgum greinum, hjörð og byggingu, svo að nokkuð sé nefnt. Þessi skilgreining Guðs orðs og arfleifðar helgrar trúar á eðli kirkjunnar endurómar í hinum fornkirkjulegu játningum, þar sem játað er, að kirkja Krists sé ein, heilög, almenn og postulleg.

Hún er ein, af því að Drottinn hennar er aðeins einn, Jesús Kristur.

Hún er heilög, af því að hún þiggur helgi sína frá honum, sem hefur frátekið hana sér til eignar um eilífð.

Hún er almenn, af því að hún á erindi við alla menn um gjörvalla jörðina á öllum tímum og er og hefur verið farvegur þess hjálpræðis, sem nægir til eilífs lífs.

Hún er postulleg, af því að hún byggir trú sína og kenningu á þeirri opinberun Guðs í Jesú Kristi, sem okkur er geymd í orðum Heilagrar ritningar og til okkar er komin fyrir vitnisburð postulanna, sem kallaðir voru af frelsara sínum og Drottni til þess að flytja fagnaðarerindið út um gjörvallan heim. Köllun allra kristinna manna til þeirrar boðunar er einnig komin frá hinum krossfesta og upprisna Drottni Jesú Kristi sjálfum, og þar eiga vígsluembætti kirkjunnar rætur sínar.

Einkenni kirkjunnar.

Evangelísk-lútherskur skilningur byggir á þessum forsendum, er hann segir, að kirkjan sé "söfnuður heilagra, þar sem fagnaðarerindið er réttilega boðað og sakramentín eru réttilega um hönd höfð" (Ágsb.játn. 7. gr.).

Það sérkenni, sem gjörir kirkjuna sýnilega í heiminum, felst þannig í prédikun Orðsins og þjónustu sakramentanna. Kirkjan er því samfélag um hinn upprisna og lifandi Krist, þar sem menn koma saman til þess að heyra Orðið samkvæmt Heilagri ritningu og hafa sakramentin um hönd í samhljóðan við innsetningarorð Krists. Líf kirkjunnar einkennist af því, að hún er samfélag, communio, bæði við Guð og meðbræðurna.

Markmið kirkjunnar.

Þessi kirkja er kölluð til að útbreiða Guðs ríki um jörðina með því að boða fagnaðarerindið og skíra menn og kenna þeim að halda allt það, sem Drottinn býður. Kristnir menn eru þannig kallaðir til fylgdar við Krist í heiminum og þjónustu við hann og meðbræðurna. Hún horfir til þess, að líf hans verði að veruleika í lífi allra manna.

Líf og starf kirkjunnar miðar að því einu, að þessu marki verði náð. Jafnframt hlýtur öll umræða um "starfshætti kirkjunnar" að taka mið af því, að hún verði fær um að starfa í samræmi við þetta grundvallareðli, einkenni og köllunarhlutverk.

Ytra skipulag þjóðkirkju Íslands lýtur að því, hvernig kirkjan birtist sem þjóðkirkja. Sem slík hefur hún skyldum að gegna við þjóðina alla, þar sem nær 93% þjóðarinnar eru skráðir þegnar hennar. Hún er kölluð til þess að útbreiða Guðs ríki meðal þjóðarinnar með því að boða fagnaðarerindið í Orðinu og sakramentunum, vinna að líknarþjónustu og taka við öllum í kristið samfélag, sem þess óska.

Hvernig verður þessu marki náð á beztan hátt miðað við þær takmörkuðu aðstæður, sem við búum við? Verkefnin virðast yfirþyrmandi, þörfin stöðugt vaxandi og hlutverkið takmarkalaust. Það nær til allra þjóða og allra manna.

Hvernig getur orð Krists um Guðs ríki orðið að veruleika í lífi nútímamannsins? Hvernig getum við sem kirkja með óumbreytanlegu markmiði náð til síbreytilegs heims? Hvernig megnum við að nýta möguleikana og mæta þörfinni, þrátt fyrir allar takmarkanir okkar og vandamál?

Við hljótum að geta orðið sammála um, að þetta eru erfiðar og mikilvægar spurningar, sem mikið veltur á, að svar fáiist við. Hér er raunverulega um það að ræða, að hve miklu leyti kirkjunni tekst að gegna köllunarhlutverki sínu. Með þetta í huga verðum við að reyna að meta þörfina á ytra skipulagi fyrir þjóðkirkjuna.

Kirkjan og þjóðin.

Frá fyrstu tíð hefur kirkjan staðið í nánum tengslum við það þjóðfélag, sem hún hefur starfað í, og tengsl kirkju og þjóðar á Íslandi þarf ekki að ræða, svo náin hafa þau verið frá upphafi kristni hér. Íslenska kirkjan hefur í raun ætíð verið þjóðkirkja, og þrátt fyrir það, að nokkuð kunnir að hafa losnað um tengsl kirkju og þjóðar, eru þó böndin, sem tengja, enn margvísleg og sterk.

Þjóðfélagsbreytingar hljóta að kalla á breytta starfshætti kirkjunnar. Seinustu áratugi hefur íslenskt þjóðfélag tekið miklum breytingum frá landbúnaðarsamfélagi sveitanna til iðnaðarsamfélags borgar og bæja. Þessar breytingar hafa gjört miklar kröfur til kirkjunnar, sem hún hefur aðeins getað mætt að takmörkuðu leyti. Hvorttveggja er, að kirkjunni hefur ekki sem skyldi tekizt að gjöra grein fyrir þörfum sínum og meiri háttar ákvarðanir, sem snerta störf hennar og starfshætti, hafa verið teknar af Alþingi og ráðuneyti, án þess að ætíð hafi verið tekið fullt tillit til þarfa kirkjunnar sjálfrar.

Mikilvægt er að leggja áherzlu á, að vöxtur og viðgangur Guðs ríkis er ekki kominn undir skipulagningu okkar, heldur gæti hann alveg eins komið þvert á allar áætlanir. Þegar dýpra er skyggnzt, er allt komið undir Guði og því, sem hann skapar okkar á meðal fyrir Orð sitt og Anda. Þessi staðreynd segir samt ekki, að þar með sé öll skipulagning í kirkjunni óþörf. Hún er nauðsynleg, ekki vegna Guðs, heldur vegna okkar, svo að okkur geti orðið ljóst, hvernig við getum bezt leyft Guði að komast að hjá okkur. Við þurfum að reyna að gjöra okkur grein fyrir, hvernig kirkjan á að starfa í framtíðinni og láta til sín taka í samfélaginu á hverjum stað, hver skuli vera tengsl kirkju og þjóðar og hvernig kirkjan á að verða fær um að vera kirkja þeirri þjóð, sem hún ber ábyrgð á.

Þessi skýrsla Starfsháttanefndar Þjóðkirkjunnar er tilraun til að svara þessum spurningum að því er snertir Þjóðkirkju Íslands.

### 1.3. Þjóðkirkja Íslands.

Í íslensku stjórnarskránni segir svo í 62. grein:

"Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda." Þetta er núverandi starfsgrundvöllur íslensku kirkjunnar. Hún er þjóðkirkja.

Þegar gjöra skal tillögur um framtíðaruppbyggingu starfsskipulags hennar í ytri málum, er ástæða til þess að staldra við og íhuga, hvort þessi starfsgrundvöllur teljist eðlilegur við núverandi aðstæður og hvaða valkostir eru fyrir hendi.

Þeir virðast þessir helztir:

A. Ríkiskirkja. Þar færi ríkisvaldið með allt vald í mál-efnum kirkjunnar, bæði í ytri og innri efnun. Kirkjan yrði þá raunar aðeins ein deild ríkiskerfisins, eins og sumir virðast ranglega halda, að þjóðkirkjan sé nú. Þá væri sjálfstæði kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu ekkert.

B. Þjóðkirkja. Þar er a.m.k. um tvo mismunandi möguleika að ræða:

a. Núverandi fyrirkomulag, þar sem vald ríkisins er geysimikið, ekki aðeins í fjármögnun á starfi og nær fullu tilkalli til meðhöndlunar og ráðstöfunar eigna hennar, heldur einnig í niðurröðun starfsmanna hennar. Hins vegar er kirkjunni gefið frelsi um ákvörðun vissra innri mála, þótt óglögg skil séu á milli í ýmsum efnun.

b. Frelsi kirkjunnar í innri málum sé aukið og raunar einnig í þeim ytri, að svo miklu leyti sem getur samræmt sambandi ríkis og kirkju. Hin einu raunverulegu afskipti ríkisvaldsins snerti fjárframlag til kirkjulegs starfs og launakjör starfsmanna hennar, sem séu opinberir starfsmenn, eins og nú er, en að öðru leyti njóti kirkjan frjálsræðis um ákvörðun og skipulag mála sinna.

C. Fríkirkja. Þá yrði kirkjan algjörlega skilin frá ríkinu og starfaði sjálfstætt án allra afskipta eða stuðnings þess.

Hver þessara leiða hefur sína kosti og galla.

Ríkiskirkjufyrirkomulagið hefur þann kost, að hagur kirkjunnar í ytri eignum væri tryggður og hún næði með þjónustu sína til gjörvallrar þjóðarinnar með valdboði. Gallarnir blasa við hverjum þeim, sem skilning hefur á eðli kristinnar kirkju. Slík ríkiskirkja gæti á engan hátt þjónað Kristi, nema því aðeins að ríkisvaldið leyfði slíkt. Breyta mætti kenningar- grundvelli hennar að geðþótta valdhafa hverju sinni. Slíkri stöðu gæti kristin kirkja aldrei unað.

Fríkirkjufyrirkomulagið hefur sína augljósu kosti, enda væri slíkt fyrirkomulag að verulegu leyti afturhvarf til þeirra stjórnar- og skipulagshátta, sem réðu í kirkjunni fyrir daga Konstantínusar keisara mikla. Kirkjan væri algjörlega frjáls að því að ákveða skipulag sitt, bæði í ytri og innri málum. Enginn annar gæti gripið þar inn í. Hins vegar væri kirkjan svipt styrk og aðstoð ríkisvaldsins í ytri eignum. Hún yrði að standa á eigin fótum fjárhagslega og óvíst væri, hvernig gengi að gjöra eignaskipti við ríkið. Hætt er við, að erfitt yrði að byggja upp fullnægjandi kirkjulega þjónustu í strjálbýlinu, þar sem söfnuðirnir eru fámennastir. Starfið yrði háðara starfsmiðstöðvum í þéttbýli með tímabundnu starfi í strjálbýli. Augljóst er, að slík breyting yrði starfi kirkjunnar mikill hnekkir um stóra hluta landsins. Nú er tryggð uppfærðsla í kristnum fræðum í skyldunámi skólakerfisins. Aðskilnaður ríkis og kirkju yki hættu á kirkjuklofningi. Þá eru ríkar sögulegar forsendur fyrir tengslum ríkis og kirkju allt frá kristnitöku. Þess vegna virðist þessi valkostur ekki æskilegur að sinni.

Þjóðkirkjufyrirkomulag virðist hafa bezt íslenskum aðstæðum í nútímanum. Hins vegar er ljóst, að kveða þarf skýrt á um réttarstöðu kirkjunnar gagnvart ríkinu. Skýr verkaskipting þarf að vera milli stofnana kirkjunnar og lokaákvörðunarvaldið í höndum eins aðila, sem er tilnefndur af og ábyrgur gagnvart söfnuðunum. Ljóst virðist einnig, að kirkjunni sé fyrir beztu að ráða sem mestu um skipan innri mála sinna og ytri skipulagsmála, því að kirkjulegum yfirvöldum ætti að vera ljósast, hvar skórin helzt krepur í kirkjulegu starfi og hvar úrbóta er þörf. Að athuguðu máli telur starfsháttanefnd einsýnt, að hér verði að taka valmöguleika 2.b., enda telur hún hann þjóna

bezt hagsmunum bæði ríkis og kirkju eins og staða þessara mála er nú.

Við þessa stefnu miðar starfsháttanefnd í meginatriðum. Stefnt er að því, að þjóðkirkjan fái meira sjálfstæði í starfi. Hún ráði sjálf skipulagi starfsmanna sinna. Leikmannastarf verði eftt að miklum mun og leikmönnum gefinn aukin aðild að stjórn kirkjunnar. Loks fái kirkjan meira fjárhagslegt sjálfstæði.

Fjármálatengsl ríkis og kirkju.

Þegar rætt er um fjármálatengsl ríkis og kirkju, virðast eftirtaldir þrír valkostir helztir:

#### A. Óbreytt skipan.

Núverandi skipan hefur þá augljósu ókosti, að kirkjan er of háð löggjafarvaldinu, sem deilir fjármunum til einstakra starfsháttanna hennar og hefur um það úrskurðarvald til hvaða starfs fjármagnið beinist. Þannig er fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar takmarkað. Sú takmörkun er oft hemill á það, að kirkjan geti sinnt innri málum sínum með þeim hætti, sem æskilegt er og almennt er viðurkennt, að henni beri að gera.

Fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar hefur hins vegar vaxið með tilkomu Kristnisjóðs. Með honum fékk kirkjan aukið svigrúm til að vinna að innri málum sínum og fjármagna frjálst starf.

Hugsanlegt er að auka enn fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar með því að efla Kristnisjóð og fá honum ný og aukin verkefni.

Ef halda á núverandi skipan, þarf að gera margar breytingar, svo sem á sóknartekjum, fjármögnun kirkjubygginga o.fl., eins og starfsháttanefnd leggur til. En allar breytingar verða að miða að því að auka fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar og efla hana til áhrifa í eigin málum.

#### B. Kirkjuskattur.

Lagður verði á kirkjuskattur, er nemi ákveðnum hundraðshluta af skattgjaldstekjum eða útsvarsstofni einstaklinga á aldrinum 17-67 ára, svo og skattskyldra atvinnufyrirtækja.

Af þessum tekjum verði allt kirkjulegt starf kostað, nema laun og launatengd gjöld presta og annarra fastra starfsmanna þjóðkirkjunnar, sem greidd yrðu úr ríkissjóði með sama hætti og nú. Ennfremur yrði greiddur úr ríkissjóði kostnaður við m.a. kirkjuþing, kirkjuráð, kirkjustefnur, leikmannastefnur og prestastefnur.

Annað starf kirkjunnar yrði fjármagnað með kirkjuskattinum, svo sem safnaðarstarf, viðhald, rekstur og byggingar kirkna og safnaðarheimila, æskulýðsstarf, líknarmál, útgáfustarfsemi, fjölmíðlun, fræðslustarf o.fl.

Ákveðinn hluti af kirkjuskattinum rynni í sameiginlegan heildarsjóð kirkjunnar. Sá sjóður mundi greiða ýmis konar sameiginlegan kostnað við starf og þjónustu kirkjunnar, styrkja fátækar sóknir, svo og nýstofnaðar sóknir, vera til eflingar og hvatningar frjálsu starfi, kosta nýjungar, nám-skeið o.fl.

Þessi valkostur á sér fyrirmynd í nálægum löndum. Með honum yrði fjárhagslegt sjálfstæði þjóðkirkjunnar aukið og tryggt. Hins vegar hefur slík skattheimta marga ókosti og yrði vart vinsæl hér á landi.

#### C. Þjóðkirkjuframlag á fjárlögum.

Á fjárlögum ár hvert verði ákveðin heildarupphæð, er gangi til þjóðkirkjunnar, þjóðkirkjuframlag. Það verði síðan hlutverk kirkjunnar sjálfrar að skipta fjármagninu til einstakra starfsþátta og þjónustusviða.

Eftir sem áður yrðu laun og launatengd gjöld greidd beint úr ríkissjóði, svo og kostnaður, sem getið er í valkosti B, 2. mgr. Þá yrðu sóknartekjur með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í kaflanum um fjárreiður sókna.

Annar kostnaður við starf og þjónustu kirkjunnar yrði hins vegar greiddur með þessu þjóðkirkjuframlagi samkvæmt ákvörðun kirkjuþings. Kirkjuþing mundi skila fjárhagsáætlun og fjárlagabæiðni til ríkisstjórnar og Alþingis, sem yrði skuldbundið til að veita kirkjunni ákveðið fjárframlag í samræmi við þarfir hennar, sem væru viðurkenndar að lögum.



Hluta þessa framlags mætti ef til vill inna af hendi með "árlegu gjaldi" ríkisins vegna þeirra kirkjueigna, sem eigi hafa verið seldar og það fer með forræði fyrir (sbr. 2. mál kirkjubings 1976).

Með þessum valkosti fengi kirkjan fjárhagslegt sjálfstæði, sem löggjafarvaldið gæti þó hyllzt til að takmarka. Þessi aðferð yrði hins vegar tiltölulega einföld fyrir ríkisvaldið og kæmi á annan og væntanlega þægilegri hátt við þegnana heldur en beinn kirkjuskattur.

Starfsháttahefnd telur sig skorta forsendur til að gera upp á milli þessara valkosta, enda þyrfti þá að fara fram úttekt og áætlanagerð um fjárförf þjóðkirkjunnar, sem meðal annars taki mið af tillögum nefndarinnar og gerði kirkjunni kleift að sinna betur vaxandi þörf kirkjulegrar þjónustu. Meðan slík úttekt hefur eigi farið fram, verður að byggja á núverandi skipan um fjármálatengsl ríkis og kirkju í öllum meginatriðum. Í ljósi þess ber að skoða þær tillögur um fjármögnun kirkjulegs starfs, sem er að finna í álitni nefndarinnar.

Skipulag og starfshættir.

Starfsháttanefnd er ljóst, að einn meginvandi í skipulagsmálum þjóðkirkjunnar er fólgin í því, að enginn heildarlöggjöf hefur verið sett um ytra starfsskipulag hennar. Í mörgum greinum virðist óljóst, hvar úrskurðarvaldið liggur innan þjóðkirkjunnar, óglögg skil virðast milli ytri og innri mála hennar og a.m.k. fjórir aðilar virðast hafa ákvörðunar- og neitunarvald um innri mál kirkjunnar, þ.e.a.s. biskup, kirkjuráð, kirkjubing og prestastefna. Þetta reynist oft hindrun í kirkjulegu starfi.

Starfsháttanefnd hefur miðað tillögur sínar við það að reyna að byggja upp samræmt heildarskipulag þjóðkirkjunnar, þar sem skýrt er kveðið á um starfssvið kirkjulegra stofnana og ljóst er, hvar ákvörðunarvaldið liggur í kirkjulegum málum.

Eftirfarandi mynd af uppbyggingu kirkjulegs starfs sýnir þessa tilraun nefndarinnar. Skipulag kirkjunnar er byggt upp neðan frá, frá sóknum til héraðsfunda, kirkjustefna og kirkjubings, sem fari með ákvörðunarvald í sameiginlegum málum þjóðkirkjunnar. Þar er kveðið á um þjónustu og ábyrgð starfsmanna, svo


og skyldur kjörinna fulltrúa til að gjöra umbjóðendum sínum grein fyrir afgreiðslu mála.

Síðan er í tillögum nefndarinnar kveðið nánar á um skipulag kirkjulegs starfs samkvæmt þessum meginlínunum.

Til hægðarauka eru tillögurnar settar upp í formi "lagagreina". Þær eru ekki hugsaðar sem endanleg útfærsla, sem hægt sé að senda beint til Alþingis til afgreiðslu, heldur eru þær miðaðar við, að um þær verði fjallað af þeim kirkjulegum aðilum, sem til þess yrðu kjörnir, áður en þær síðan yrðu lagðar fram fyrir Alþingi. Má hér einkum nefna laganefnd þá, sem skipuð hefur verið til athugunar á kirkjulegri löggjöf á Íslandi.

Í tillögum starfsháttanefndar hefur verið reynt að gæta þess, að kostnaði við breytingar yrði sem mest stillt í höf.

Mynd af uppbyggingu kirkjulegs starfs.



———— sýnir tengsl stofnana kirkjunnar.  
- - - - - sýnir gang mála milli þeirra.

Skýringar við mynd.

Sóknin.

Söfnuðurinn er grundvöllur alls kirkjulegs starfs, samfélag þeirra, sem eru í kirkjunni. Safnaðarstarf er skipulagt þannig, að landinu er skipt í sóknir, en staðarmörk sókna eru landfræðileg. Sókn er félag þess fólks, er býr á þessu svæði og nýtur félagslegs og fjárhagslegs sjálfstæðis innan þjóðkirkjunnar. Hver sókn nýtur þjónustu prests, eins eða fleiri, ýmist ein eða með öðrum. Í hverri sókn taka leikmenn þátt í safnaðarstarfi ásamt prestinum.

Almennur safnaðarfundur.

Árlega skal haldinn safnaðarfundur í hverri sókn. Hann fer með æðsta vald í málum sóknarinnar eftir nánari ákvörðun í lögum og er vettvangur starfsskila innan sóknarinnar.

Starfsnefndir.

Á safnaðarfundum er hægt að kjósa sérstakar starfsnefndir til þess að sinna ákveðnum verkefnum sóknarinnar. Sumar þeirra geta verið fastanefndir, en aðrar kosnar til að leysa afmörkuð, tímabundin verkefni.

Sóknarnefnd.

Almennur safnaðarfundur kýs sóknarnefnd til þess að hafa yfirumsjón með daglegu safnaðarstarfi í samráði við sóknarprest. Sóknarnefnd er kjörin til 4 ára, og fara einstakir sóknarnefndarmenn með yfirumsjón ákveðinna starfsþátta sóknarinnar í samstarfi við prestinn. Sóknarnefnd ber á allan hátt að vinna að eflingu almenns safnaðarstarfs. Henni skal sett erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um starfssvið hennar.

Sóknarprestur.

Einn prestur ber sérstaka ábyrgð á safnaðarstarfi hvernar sóknar og annast guðsþjónustuhald sóknarinnar. Hann starfar í nánú samstarfi við sóknarnefnd. Jafnframt vinnur hann að öðru kirkjulegu starfi innan prófastsdæmisins í samráði við prófast og prófastsdæmisráð eftir nánari ákvörðun héraðsfundar.

Starfsmenn.

Hægt er að ráða aðra starfsmenn til starfa í sókninni í samráði við prófast. Hafa má samráð við aðrar sóknir um starf þeirra.

Prófastsdæmi.

Sóknir mynda prófastsdæmi. Prófastsdæmi er kirkjuleg starfsheld, þar sem hópur presta og annarra kirkjulegra starfsmanna vinnur sameiginlega að kirkjulegu starfi.

Héraðsfundur.

Í hverju prófastsdæmi er árlega haldinn héraðsfundur, sem er sameiginlegur fundur allra sókna þess. Atkvæðisrétt á héraðsfundi eiga prestar og formenn sóknarnefnda í prófastsdæminu. Aðrir sóknarnefndarmenn og starfsmenn sóknanna hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Héraðsfundur tekur til umræðu og afgreiðslu mál þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og skipuleggur sameiginlega starfsemi hennar á einstökum starfssviðum. Leikmenn á héraðsfundi gefa umsögn um skipun presta til starfa í prófastsdæminu.

Starfsnefndir.

Héraðsfundur getur kosið sérstakar starfsnefndir til að sinna ákveðnum verkefnum innan prófastsdæmisins.

Prófastsdæmisráð.

Héraðsfundur kýs prófastsdæmisráð til að annast yfirumsjón kirkjulegs starfs í prófastsdæminu. Prófastsdæmisráð skal kjörið til 4 ára í senn. Í því eiga sæti auk prófasts einn prestur og einn leikmaður. Prófastsdæmisráði skal sett erindisbréf.

Prófastur.

Einn prestanna skal gegna störfum prófasts í prófastsdæminu, að fengnum tilnefningum presta þess og áliti formanna sóknarnefnda.

Starfsmenn.

Héraðsfundur getur ráðið aðra starfsmenn til ákveðinna starfa innan prófastsdæmisins.

Biskupsdæmi.

Prófastsdæmi mynda biskupsdæmi, sem er sjálfstæð kirkjuleg starfseining undir yfirstjórn biskups og biskupsdæmisráðs. Hvert biskupsdæmi fer með yfirstjórn eigin mála, en lýtur yfirstjórn kirkjupings, kirkjuráðs og biskups Íslands um öll sameiginleg mál kirkjunnar.

Kirkjustefna.

Í hverju biskupsdæmi skal annaðhvort ár haldin kirkjustefna, sem fer með yfirstjórn allra sameiginlegra mála biskupsdæmisins. Á kirkjustefnu eiga sæti allir þjóðkirkjuprestar biskupsdæmisins auk jafnmargra leikmanna, sem kjörnir eru á héraðsfundum. Kirkjustefna fer með æðsta vald í öllum sérmálum biskupsdæmisins, en sameiginlegum málum kirkjunnar skal vísað til kirkjupings. Kirkjustefna situr 3 daga.

Starfsnefndir.

Kirkjustefna getur kosið sérstakar starfsnefndir til að sinna ákveðnum verkefnum innan prófastsdæmisins.

Biskupsdæmisráð.

Kirkjustefna kýs biskupsdæmisráð, sem fer með yfirumsjón kirkjulegs starfs í biskupsdæminu. Biskupsdæmisráð skal kjörið til 4 ára í senn. Í því eiga sæti auk biskups einn prestur og einn leikmaður. Biskupsdæmisráði skal sett erindisbréf.

Biskup.

Biskup fer með yfirumsjón sérmála biskupsdæmis síns í samráði við biskupsdæmisráð og kemur fram fyrir biskupsdæmið út á við og inn á við eins og embætti hans heyrir til. Biskup er kjörinn af prestum og sóknarnefndum biskupsdæmisins.

Starfsmenn.

Biskup og kirkjustefna geta ráðið aðra starfsmenn til ákveðinna starfa innan biskupsdæmisins.

Þjóðkirkjan.

Þjóðkirkja Íslands annast skipulegt kirkjulegt starf á Íslandi í samráði við kirkjumálaráðuneytið og forseta Íslands.

Kirkjuþing.

Kirkjuþing kemur saman árlega. Það hefur yfirumsjón með öllu starfi þjóðkirkjunnar og fer með æðsta vald í sameiginlegum málum hennar. Öllum málum, er varða þjóðkirkjuna og starf hennar, skal vísað til kirkjuþings. Skytt er kirkjuþingi að leita umsagnar kirkjustefna, hafi það eigi áður verið gjört. Undanþágu má þó veita, ef 6/7 hlutar kirkjuþingsmanna eru því sammála. Kirkjuþing fer með æðsta vald í fjármálum þjóðkirkjunnar. Skal það gjöra fjárhagsáætlun Kristnisjóðs. Kirkjuþing er kjörið til 4 ára.

Starfsnefndir.

Kirkjuþing getur kosið sérstakar nefndir til þess að sinna ákveðnum verkefnum þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð.

Kirkjuþing kys kirkjuráð, sem hefur yfirumsjón með starfi þjóðkirkjunnar milli kirkjuþinga í samráði við biskup Íslands. Kirkjuráð skipa einn fulltrúi presta og einn fulltrúi leikmanna auk biskups Íslands. Varamenn skulu kjörnir jafnmargir. Sá hinna biskupa landsins, sem eldri er að starfsaldri, skal vera varamaður biskups Íslands.

Biskup Íslands.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn sameiginlegra mála þjóðkirkjunnar ásamt kirkjuráði og kemur fram fyrir hönd kirkjunnar bæði inn á við og út á við, gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðilum.

#### Starfsmenn.

Biskup Íslands og kirkjuráð geta ráðið starfsmenn til ákveðinna starfa í þjóðkirkju Íslands.

#### Biskupafundur.

Biskupar halda með sér fund, þegar þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Á biskupafundum skulu rædd þau mál, er kirkjuna varða. Biskupafundur getur vísað málum til kirkjubings til úrskurðar.

#### Prestastefna.

Prestastefna skal haldin annaðhvort ár. Þar skulu rædd öll þau mál, er snerta sérstaklega starf prestsins, auk annarra mála, er varða þjóðkirkju Íslands. Biskup Íslands boðar prestastefnu í samráði við aðra biskupa. Allir starfandi prestar þjóðkirkjunnar eiga sæti á prestastefnu auk fastra kennara guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem hafa guðfræðimenntun. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Prestastefna getur vísað málum til kirkjubings til úrskurðar.

#### Leikmannastefna.

Leikmannastefna skal haldin annaðhvort ár, sama árið og prestastefna kemur saman. Á leikmannastefnu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju prófastsdæmi kjörinn af leikmönnum á héraðsfundi og einn fulltrúi heildarsamtaka kristilegra félagasamtaka, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar. Á leikmannastefnu skulu rædd sameiginleg mál kirkjunnar, einkum þau, er snerta leikmenn og starf þeirra innan kirkjunnar. Ályktanir leikmannastefnu skulu sendar til kirkjubings. Leikmannastefna situr 3 daga.



2. T I L L Ö G U R U M S T A R F S H Æ T T I

2.1. SÓKN

2.1.1. ÁLITSGJÖRD

2.1.2. SÓKNIR OG STJÓRN

Um sóknir og skipan sókna  
Um sóknarfólk  
Um safnaðarfundir  
Um sóknarnefndir  
Um starfsmenn sókna  
Greinargjörð

2.1.3. SÓKNARKIRKJUR

Um sóknarkirkjur  
Um byggingu kirkna  
Greinargjörð

2.1.4. FJÁRREIÐUR SÓKNA

Um sóknargjöld  
Um kirkjubyggingargjald  
Um álagningu, innheimtu o.fl.  
Greinargjörð

## 2.1. Sókn.

### 2.1.1. Álitsgjörð.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir eðli kirkjunnar, einkennum og markmiði. Kirkja Krists er líkami hans. Líkaminn þiggur ekki næringu sína eða lífsviðurværi frá ytra búningi, heldur höfundí sínum og fullkonnara, Orði hans og sakramentum. Ytra skipulag þjóðkirkjunnar er því sá búningur, sem líkama Krists er búinn hér á landi. Búningurinn á að vernda hann og styrkja, en hvorki hindra hann né þrengja að honum.

Eftirfarandi lög um sóknir eru tilraun til þess að endurskipuleggja ytri búning kirkjunnar, svo að hún megi sem best gegna hlutverki sínu sem þjóðkirkja. Þess vegna er nauðsynlegt, að öll hugtök séu nákvæmlega skilgreind. Notkun hugtakanna sókn, söfnuður og kirkja hefur verið mjög á reiki. Stundum fer merking þeirra nánast saman, stundum ekki, en það getur valdið ruglingi.

Hér er hugtakið söfnuður aðeins notað í guðfræðilegri merkingu sinni og því ekki notað í þessum lögum nema í samsettum orðum, þar sem notkun þeirra orkar ekki tvímælis. Í stað þess er sóknarheitið eitt notað í þeirri merkingu, að sókn sé félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar, sem býr á afmörkuðu landsvæði. Allt þjóðkirkjufólk er í ákveðinni sókn. Þess vegna er þörf á því, að sóknin fái skýra viðurkenningu í lögum, bæði hvað snertir réttarstöðu hennar í þjóðfélaginu og eignarhald hennar og meðferð fjármuna.

Skipulag kirkjulegs starfs og ráðstöfun þjónustunnar verður að svara þörfum kirkjunnar. Þess vegna er lagt til, að sóknarkirkjur verði metnar til þjónustu sem alkirkjur, hálfkirkjur, fjórðungskirkjur o.s.frv., þar sem tekið er tillit til sérstakra þarfa einstakra sókna.

Ekki eru gjörðar tillögur um breytingar á núverandi sóknarskipan, þótt þær virðist nær óhjákvæmilegar á sumum stöðum. Slíkar breytingar gætu valdið óhæfilegri röskun á kirkjulegu starfi og hljóta ætíð að taka nokkurn tíma, enda verða þær að koma neðan frá, en ekki með valdboði að ofan. Þörf er á nokkru aðhaldi, einkum að því er varðar stærð sókna, og reynt

er að samræma reglur um hana. Taka þarf tillit til þess, að sóknin njóti eðlilegrar kirkjulegrar þjónustu. Meginreglan skal vera sú, að einn prestur fari með frumpjónustu í hverri sókn, ella skulu mörkuð skýr starfsskil milli presta.

Þá er stefnt að því að auka ábyrgð og þátttöku leikmanna í safnaðarstarfi.

Megintilgangurinn er að styrkja stöðu sóknarinnar, eftir því sem kostur er, og auðvelda kristnum söfnuði að starfa og ná settu marki kirkjunnar.

#### 2.1.2. Sóknir og stjórn.

Um sóknir og skipan sókna:

##### 1.gr.

Landinu er skipt í sóknir, sem eru félög þess fólks innan þjóðkirkjunnar, sem býr á afmörkuðu landssvæði.

Hver sókn er félagslega og fjárhagslega sjálfstæð eining, þar sem sóknarfólk á rétt á kirkjulegri þjónustu og ber sameiginlega skyldur, sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

##### 2. gr.

Stærð sókna skal við það miðuð, að sóknarfólk verði að jafnaði eigi fleira en 4000 og eigi færri en 100.

Við ákvörðun staðarmarka sókna skal jafnframt taka tillit til sögulegrar- og menningarlegrar hefðar, samgangna og landfræðilegra og félagslegra aðstæðna.

##### 3.gr.

Við skipulagningu nýrra íbúðarhverfa skal gert ráð fyrir skipan sókna og haft fullt samráð við prófastsdæmisráð.

##### 4.gr.

Þegar til þess kemur að skipta sókn, sameina sóknir eða færa til staðarmörk sóknar, gerir prófastsdæmisráð tillögur þar um til aðalsafnaðarfundar (eða - funda, ef fleiri sóknir eiga í hlut). Ný staðarmörk sókna taka gildi, ef aðalsafnaðarfundur (fundir) mælir með og héraðsfundur samþykkir, ella sker ráðherra úr að fengnum tillögum biskups.

5. gr.

Þegar sókn er skipt og tekin upp ný sókn eða staðarmörk sóknar færð til (skv. 4. gr.), skulu fjárhagsleg skipti sóknanna miðast við hlutfallslegan fjölda þess sóknarfólks, sem breytingin tekur til. Verði ágreiningur um skiptin skal ráðherra, ef honum berst krafa þar um, skipa tvo menn í nefnd með prófasti, og skera úr um ágreiningsefni að fengnum tillögum þeirrar nefndar.

6. gr.

Þegar sókn er aflögð skulu eignir hennar eða andvirði þeirra renna til þeirrar sóknar eða sókna, sem sóknarfólk hinnar aflögðu sóknar hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við fjölda sóknarfólks, er hverri sókn bætist.

Nú eyðist sókn af fólki og skulu þá eignir hennar varðveittar af prófasti, en lausafé ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði. Verði aflögð sókn endurreist og veitt sóknarréttindi að nýju og héraðsfundur samþykkir það, á sókn sú rétt til þeirra eigna, sem prófastur hefur varðveitt eða ávaxtaðar hafa verið í Hinum almenna kirkjusjóði.

Þar sem sókn hefur verið aflögð vegna sameiningar við aðrar sókn eða sóknir eða vegna þess, að hún eyðist af fólki, er heimilt að gera kirkjuna að greftrunarkirkju.

Um sóknarfólk:

7. gr.

Sóknarfólk eru allir skírðir Íslendingar, sem hafa ekki formlega sagt sig úr þjóðkirkjunni eða eru í öðrum trúfélögum.

Fólk nýtur réttinda og ber skyldur sem sóknarfólk, þar sem það átti lögheimili næstliðinn 1. desember.

8. gr.

Sóknarfólk á rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni, þátttöku í guðsþjónustum og almennu safnaðarstarfi og hefur kostningarrétt og kjörgengi á aðalsafnaðarfundum, þegar það hefur náð lögaldri.

Sóknarfólki er jafnframt skylt að hlíta samþykktum aðalsafnaðarfundum og þeim skyldum öðrum, sem eru eða á verða lagðar með lögum.

9. gr.

Sóknarfólk á rétt á guðsþjónustum í sóknum sínum, er skal að jafnaði miða við eftirfarandi:

- a. í sókn með 600 manns eða fleiri skal vera alkirkja með almennri guðsþjónustu hvern helgan dag.
- b. í sókn með 300 til 600 manns skal vera hálfkirkja með almennri guðsþjónustu annan hvern helgan dag.
- c. í sókn með 100 til 300 manns skal vera fjórðungs-kirkja með almennri guðsþjónustu fjórða hvern helgan dag.
- d. í sókn með færri en 100 manns skal vera áttungskirkja með almennri guðsþjónustu áttunda hvern helgan dag.

Þjónusturéttur skal endurskoðaður eigi sjaldnar en 10. hvert ár.

10. gr.

Sóknarfólk á rétt til kirkjulegrar sérþjónustu í sóknum sínum:

- a. við barna- og æskulýðsstarf.
- b. við fermingarfræðslu.
- c. við sóknarfólk með sérþarfir, sem býr eða dvelur í sókninni. Þar er átt við alla þá, sem ekki geta notið kirkjulegrar þjónustu á eðlilegan hátt vegna vinnu, dvalar fjarri heimili eða á stofnunum vegna sjúkleika.

Nánar skal kveðið á um þennan þjónusturétt í lögum um prófastsdæmi.

Um safnaðarfundir:

11. gr.

Aðalsafnaðarfundur skal haldinn einu sinni á ári. Hann er vettvangur starfsskila og þar skulu rædd málefni sókarinnar.

Hann fer með æðsta vald í málum sóknar og sóknarfólks, sem undir hann heyra samkvæmt lögum þessum. Greini meirihluta sóknarnefndar á við samþykktir aðalsafnaðarfundar, getur hann leitað úrskurðar héraðsfundar.

Aðra safnaðarfundu skal halda, ef meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það eða 1/4 hluti sóknarfólks.

12. gr.

Sóknarnefnd boðar safnaðarfundu með minnst þriggja daga fyrirvara á sama hátt og tíðkanlegt er um auglýsingar á guðsþjónustum í sókninni. Fundarefni skal kynnt, um leið og fundur er boðaður. Fundur er lögmatgur, ef rétt er til hans boðað, og ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Um sóknarnefndir:

13. gr.

Í hverri sókn er sóknarnefnd, sem annast framkvæmdir, gætir réttinda viðkomandi sóknar og sóknarfólks og ber ábyrgð á kirkjulegu starfi í sókninni ásamt sóknarpresti.

14. gr.

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem eru fámennari en 300, ella 5. Þegar sóknarfólk er orðið 1000, skal kjósa 2 menn til viðbótar í sóknarnefnd og enn 2 menn fyrir hver full 2000 manna, sem við bætast sókninni. Kjósa skal jafn marga varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

15. gr.

Sóknarnefnd er kosin til fjögurra ára. Á fyrsta aðalsafnaðarfundu eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa sóknarnefnd eftir þeim í öllum sóknum. Að tveimur árum liðnum skal minnihluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamenn ganga úr nefndinni, og ræður hlutkesti, en hinn hlutinn að fjórum árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá annaðhvort ár á víxl. Sóknarfólk, sem orðið er sextugt að aldri, má skorast undan kosningu. Enginn er skyldur að taka aftur kosningu, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann hafði áður verið í nefndinni.

16. gr.

Hver sóknarnefndarmaður skal hafa ákveðið verksvið innan sóknar og fá erindisbréf, sem kynnt er á aðalsafnaðarfundum, áður en kjör hans fer fram. Í erindisbréfi skal nánar kveðið á um þau sérstöku verksvið, sem hann hefur umsjón með, svo sem umsjón eigna, barna- og æskulýðsstarf, þjónustu við sjúka, einstæða og aldraða eða almenn félagsstörf meðal sóknarfólks.

Að öðru leyti skal sóknarnefnd skipta með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara og varamanna þeirra, þegar eftir kjör í sóknarnefnd.

17. gr.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim. Fundur er lögmatgur, ef 2/3 sóknarnefndarmanna sitja hann, enda hafi hann verið boðaður með nægilegum fyrirvara.

Sóknarprestur og aðrir starfsmenn sókna skulu starfa með sóknarnefnd.

18. gr.

Sóknarnefnd skal auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með samþykktum aðalsafnaðarfundar eða sérstöku lögum, sjá til þess, að viðunandi húsnæði og annar búnaður til guðsþjónustuhalds og safnaðarstarfs sé til staðar í sókninni. Hún skal vera sóknarpresti og öðru starfsfólki sóknarinnar til stuðnings í hvívetna og stuðla að eflingu kristinnar trúar og siðgæðis meðal sóknarfólks.

19. gr.

Sóknarnefnd hefur fyrir hönd sóknarfólks umsagnarrétt um val sóknarprests, og skal vægi umsagnar hennar vera í réttu hlutfalli við hlut frumþjónustunnar í starfi prestsins í viðkomandi sókn.

20. gr.

Formenn sóknarnefnda í hverju prófastsdæmi eru fulltrúar sókna sinna á héraðsfundi. Þeir senda prófasti skýrslu sóknarnefndar og reikninga sóknarinnar eigi síðar en mánuði

áður en héraðsfundur hefst. Þeir gera grein fyrir samþykktum héraðsfundar á næsta safnaðarfundi. Aðrir sóknarnefndarmenn eiga rétt á fundarsetu á héraðsfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

21. gr.

Sóknarnefnd er skylt að halda:

- a. Gerðabók, þar sem bókaðar skulu fundargerðir sóknarnefndar og safnaðarfunda.
- b. Bréfabók, þar sem varðveitt skulu bréf, sem hún ritar og fær.
- c. Sjóðbók, þar sem afrita skal alla reikninga sóknarinnar móttækna og útlagðar greiðslur, gjafir og áheit og annað, er fjármál varðar.
- d. Kirkjubók, sem rita skal í allar athafnir í kirkjunni og greina frá öllum safnaðarstörfum. Umsjónarmaður kirkju skal að öðru jöfnu sjá um færslur í kirkjubók.

Um starfsmenn sókna:

22. gr.

Sóknarnefnd ræður í umboði aðalsafnaðarfundar organista, meðhjálpara, hringjara, umsjónarmann kirkju (kirkjuvörð) o.fl. og semur um kaup þeirra og kjör.

Heimilt er sóknarnefnd í umboði aðalsafnaðarfundar að ráða djákna, safnaðarsystur eða aðra til að annast ákveðin starfssvið. Um ráðningu þessa skal leita samþykkis héraðsfundar, sem samræmir störf þessara starfsmanna við sérþjónustu á vegum prófastsdæmisins í sókninni. Kostnaður af störfum slíkra starfsmanna skal þó borinn af viðkomandi sóknum.

23. gr.

Starfsmenn sókna, sem ráðnir eru í fullt starf, eiga rétt til setu á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétt.

24. gr.

Sóknarnefndarmenn og aðrir starfsmenn sóknanna skulu eiga kost á að sækja námskeið, er fjalla um almenn safnaðarstörf eða sérstök starfssvið þeirra. Námskeið þessi skulu



haldin á vegum prófastsdæmisins eða biskupsdæmisins, og skulu sóknirnar ekki bera annan kostnað en ferðakostnað þátttakenda.

25. gr.

Sóknarprestur, sóknarnefnd, formenn safnaðarféлага og kirkjukóra og annað fast starfslíð sóknarinnar mynda safnaðarráð, sem skylt er að kalla saman til fundar, ef minnst 3 ráðsmanna æskja þess. Formaður sóknarnefndar boðar safnaðarráðsfundi. Tilgangur safnaðarráðsfunda er að vera vettvangur umræðna og samræmingar á störfum innan hvernar sóknar. Samþykktir safnaðarráðs eru eigi bindandi nema til komi samþykki aðalsafnaðarfundar.

26. gr.

Ágreiningi, sem upp kann að koma innan sóknar og varðar starfsmennina eða störf þeirra og eigi verður þar leystur, skal vísa til prófasts, sem leitar lausnar í samráði við sóknarprest. Takist þar hins vegar ekki, skal ágreiningi vísað til héraðsfundar til úrskurðar, en deiluaðilar hafa þó rétt til að skjóta málum sínum til biskupsdæmisráðs, er fer með endanlegt úrskurðarvald.

Greinargjörð.

Um 1. gr.:

Í þessari grein kemur fram skilgreining á því, hvað sókn er, og er hér um nýmæli að ræða. Skýrt er kveðið á um sjálfstæði hvernar sóknar sem félagslegrar og fjárhagslegrar einingar innan þjóðkirkjunnar. Að öðru leyti skýrir þessi grein sig sjálf.

Um 2. gr.:

Eins og vikið er að í álitsgjörðinni um sóknir, eru hér ekki gjörðar breytingar á núverandi skipan sókna. Hins vegar er nauðsynlegt að setja einhverja viðmiðun um hámarks- og lágmarksstærð, þar sem sóknin á að vera heppileg starfs-eining og ráðstöfun þjónustunnar tekur mið af því. Hér er annars vegar reynt að taka tillit til fólksfjölda og hins vegar aðstæðna. Hámarksfjöldi sóknarfólks er við það

miðaður, að hver sókn sé ekki fjölmennari en svo, að einn prestur geti annað þar frumþjónustu, en erfiðara er að meta, hver skuli vera lágmarksfjöldi sóknarfólks til að geta myndað sjálfstæða sókn og notið fullra sóknarréttinda. Hér er nefnd talan 100, en um 1/3 allra sókna hérlendis mun vera undir þeim mörkum. Viða hefur sóknarfólk sýnt þann vilja sinn í verki, að þessar sóknir megi halda sjálfstæði sínu, en aðrar væru nú þegar betur komnar í sameiningu við nágrennasóknir. Sjá nánar skýringu við 4. gr.

Í stað sóknarmarkna er notað hugtakið staðarmörk sókna, þar sem hugtakið sókn hefur ekki aðeins landfræðilega merkingu. Þetta á sér hliðstæðu í lögum um hreppa, þar sem talað eru um staðarmörk sveitarfélaga (hreppa).

Um 3. gr.:

Hér er um nýmáli að ræða, sem leysir úr brýnni þörf, þegar skipulögð eru ný íbúðarhverfi í þéttbýli.

Um 4. gr.:

Þessi grein er í samræmi við lög nr. 35/1970 um skipan prestakalla og prófastsdama og Kristnisjóð, en hér er kveðið á um, hvornig staðið skuli að breytingum á sóknaskipan, og komið í veg fyrir það ósamræmi, sem er í gildandi lögum.

Um 5. gr.:

Hér er stuðzt við sömu lög og í 4. gr., en jafnframt mælt með heimild til skipunar nefndar, sem skeri úr um hugsanlegan ágreining vegna breytinga á skipan sókna.

Um 6. gr.:

Þessi grein er að mestu sniðin eftir 13. gr. gildandi laga, sem fjallar um, hvornig meðhöndla skuli eignir og andvirði sóknarkirkna, sem lagðar eru niður. Hér er þó það nýmáli, að gjöra megi sóknarkirkju að greftrunarkirkju, og er þá átt við, að kirkjuhúsið geti áfram þjónað helgihaldi, þótt rekstur þess og viðhald færist yfir á kirkjugarðinn. Með þessu móti er hægt að koma í veg fyrir afhelgun kirkna, sem gætu enn um skeið gegnt hlutverki sínu sem helguð guðshús.

Um 7. gr.:

Hér er um nýmáli að ræða, þar sem þegnrettur í þjóðkirkjunni

er bundinn skírinnni. Jafnframt er kveðið á um, hvar fólk njóti sóknarréttinda og hvernig sá réttur flytjist til.

Um 8. gr.:

Hér er um nauðsynlegt ákvæði að ræða, sem þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.:

Hér er um nýmæli að ræða. Ekki er verið að takmarka þjónustu, heldur tryggja rétt kirkjunnar sem þjóðkirkju. Notuð eru gömul hugtök, en hin tölulega viðmiðun byggir ekki á tekjum eins og forðum var, heldur mannfjölda, sem óhjákvæmilegt er að taka tillit til (sbr. 2.gr.). Þessi viðmiðun höfðar jafnframt til sem beztrar nýtingar á starfskröftum kirkjunnar, sem samræmd verður og skipulögð á vegum prófastsdæmisins.

Um 10. gr.:

Þessi grein er einnig nýmæli og verður að skoða hana í samhengi við 9. gr. Að öðru leyti vísast til 3. og 4. gr. laga um prófastsdæmi og greinargjörð með þeim, svo og til almennrar álitsgjörðar um sérþjónustu.

Um 11. gr.:

Þessi grein byggir á 2. og 3. gr. laga um sóknarnefndir og héraðsnefndir nr. 36/1907. Vald safnaðarfundar er aukið að mun, en samkvæmt gildandi lögum ber sóknarnefnd tillögur sínar fram til samþykktar á safnaðarfundum, og má þá þar einar breytingar á þeim gjöra, sem sóknarnefnd aðhyllist. Rétt þótti, að binda þó ekki hendur sóknarnefndar alfarið við ákvarðanir fundarins, og er því lagt til, að þær geti leitað úrskurðar héraðsfundar, verði um ágreining að ræða.

Um 12. gr.:

Hér er um nokkra einföldun að ræða frá gildandi lögum um boðun og lögmæti aðalsafnaðarfundar.

Um 13. gr.:

Hér er kveðið fastar á um almennt hlutverk og ábyrgð sóknarnefndar en í gildandi lögum.

Um 14. gr.:

Um fjölda sóknarnefndarmanna er höfð nokkur hliðsjón af gildandi lögum og samþykkt kirkjuþings frá 1972. Þó er gjört ráð fyrir, að í sóknum, sem fjölmennari eru en 300, verði sóknarnefndarmenn 5, enda er þar um hálfkirkju að ræða, sbr. 9. gr. Þar sem fjöldi sóknarmanna er nú meiri í mörgum sóknum en áður var, er nauðsynlegt að hafa nánari ákvæði um fjölda sóknarnefndarmanna miðað við tölu íbúa í hverri sókn.

Um 15. gr.:

"Kjörtímabil sóknarnefnda hefur verið 6 ár. Reynslan sýnir, að það er of langur tími, til þess að nefndirnar séu nægilega virkar og þær endurnýist svo sem þörf er á hverju sinni. Einnig má benda á, að 4 ár er eðlilegur tími og í samræmi við ríkjandi venjur þjóðfélagsins, og því þörf úrbóta.

Í þessari grein eru og nánari ákvæði um það hvernig kjósa skal og endurnýja kjör í þessar nefndir". (Ingiberg Hannesson, greinargjörð með frumvarpi um sóknarnefndir 1975 - 1976).

Síðari hluti þessarar greinar er í samræmi við 6. gr. gildandi laga um sóknarnefndir og héraðsnefndir.

Um 16. gr.:

Í fyrri málsgrein þessarar greinar er um nýmæli að ræða, þar sem lagt er til, að allir sóknarnefndarmenn fái erindisbréf. Jafnframt er gjört ráð fyrir, að um ákveðna verkaskiptingu verði að ræða, þar sem sóknarnefndarmenn verði kvaddir til ábyrgðar og umsjónar með kirkjulegu starfi fyrir hönd sóknarfólks. Hér eru nefnd nokkur starfssvið, án þess að þau séu skilgreind nánar, en það yrði gjört í erindisbréfi. Hér er stefnt að því að auka þátttöku leikmanna í stjórn og starfi kirkjunnar.

Um 17. gr.:

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.:

Þessi grein er að mestu í sama anda og gildandi lög, en markar einnig stöðu sóknarnefndar gagnvart sóknarpresti og öðrum starfsmönnum kirkjunnar.

Um 19. gr.:

Hér er um nýmæli að ræða, sem er nauðsynlegt vegna breytinga á gildandi lögum um veitingu prestsembættu.

Um 20. gr.:

Hér er um nýmæli að ræða. Starf safnaðarfulltrúa er lagt niður, en formanni sóknarnefndar falið hlutverk hans. Sú tilhögun þykir eðlilegri, ekki sízt vegna aukinnar ábyrgðar og umsvifa héraðsnefndar. Ætla verður, að formenn sóknarnefnda séu kunnugastir málefnum sóknanna til þess að koma fram fyrir þeirra hönd. Einnig er það nýmæli, að grein skuli gjörð fyrir störfum og ákvörðunum héraðsfundar á næsta safnaðarfundum. Þá er einnig kveðið á um, að aðrir sóknarnefndarmenn eigi seturétt á héraðsfundi.

Um 21. gr.:

Ákvæðið um kirkjubókina er nýmæli, sem auðvelda á skýrslugjörð og eftirlit með kirkjulegu starfi.

Um 22. gr.:

Fyrri málsgrein þessarar greinar er í samræmi við gildandi lög, en nokkru nánari. Heimildarákvæði síðari málsgreinar er nauðsynlegt að skoða í samhengi við aðgreiningu starfs kirkjunnar í frumþjónustu og sérþjónustu, sbr. almenna álitsgjörð um sérþjónustu og ákvæði í lögum um prófastsdæmi.

Um 23. gr.:

Hér er um nýmæli að ræða, sem þarfnast þó ekki nánari skýringar.

Um 24. gr.:

Vegna aukinnar ábyrgðar og þátttöku leikmanna í starfi kirkjunnar, er nauðsynlegt að kveða á um rétt þeirra til að sækja námskeið og fá undirbúning undir störf sín.

Um 25. gr.:

Hér er um nýmæli að ræða. Tilgangur safnaðarráðs er að auka samstarf og auðvelda framkvæmd kirkjulegrar þjónustu í sókninni. Í lögum nr. 35/1970 er ákvæði um safnaðaráð í Reykjavíkuprófastsdæmi, sem hefur nokkuð öðru hlutverki að

gegna og tekur til þess prófastsdæmis í heild. Sjá nánar ákvæðið um prófastsdæmisráð í lögum um prófastsdæmi.

Um 26. gr.:

Hér er nýmáli um meðferð ágreinings, sem þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

### 2.1.3. Sóknarkirkjur.

Um sóknarkirkjur:

1. gr.

Í hverri sókn skal vera kirkja (kapella), þar sem guðsþjónustur og aðrar helgiathafnir fara fram.

Þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, geta tvær sóknir haft afnot af sömu kirkju. Skal þá gerður um það samningur, er prófastur staðfestir.

2. gr.

Sóknarkirkja skal að jafnaði vera eign sóknar og á ábyrgð sóknarnefndar og sóknarprests undir yfirstjórn prófasts og biskups.

Verði ágreiningur milli sóknarnefndar og sóknarprests um notkun eða forræði kirkju, skal leita úrskurðar prófasts-sæmisráðs.

3. gr.

Reksturs- og viðhaldskostnaður sóknarkirkna og annars húsnæðis fyrir safnaðarstarf skal greiðast af sóknartekjum. Sé viðhaldi og umhirðu sóknarkirkju ábótavant að dómi prófasts eða biskups, skal hann láta úr bæta á kostnað viðkomandi sóknar.

Hafi sóknarkirkja verið gerð að greftrunarkirkju (sbr. 6.gr.) skal hún áfram lúta yfirumsjón prófasts og biskups, en kostnaður greiðast af tekjum kirkjugarðsins.

4. gr.

Sóknarkirkjur og önnur kirkjuhús þjóðkirkjunnar eru friðhelg og skulu eigi tekin í notkun, fyrr en þau hafa verið vígð af biskupi eða prófasti í umboði hans. Sama gildir um kirkjur, sem byggðar eru að mestu leyti að nýju.

Óheimilt er að taka aflagðar sóknarkirkjur til annarra nota, fyrr en þær hafa verið afhelgaðar.

Um byggingu kirkna:

5. gr.

Þegar reisa á sóknarkirkjur, skal bygging þeirra og búnaður háð samþykki kirkjubyggingarnefndar, sem jafnframt skal vera sóknarprestum og sóknarnefndum til ráðgjafar og leiðbeiningar.

Í kirkjubyggingarnefnd skulu eiga sæti: Biskup Íslands eða fulltrúi tilnefndur af honum, húsameistari ríkisins eða arkitekt tilnefndur af honum, en kirkjumálaráðherra skipar þriðja mann, er hafi sérþekkingu á kirkjubyggingarlist.

Biskup eða fulltrúi hans er formaður nefndarinnar.

Laun hennar greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Skylt er sveitarfélögum að leggja til án endurgjalds lóðir undir kirkjubyggingar, safnaðarheimili og embættisbústaði kirkjulegra starfsmanna. Við skipulagningu nýrra íbúðahverfa skal þess gætt, að lóðir séu ákveðnar til þessara nota, og fullt samráð haft við prófastsdæmisráð.

7. gr.

Kostnað við að reisa og endurbyggja sóknarkirkjur greiðir ríkissjóður að 2/5 hlutum, viðkomandi sveitarfélag (sveitarfélög) að 3/10 hlutum og hlutaðeigandi sókn að 3/10 hlutum. Ákvæði þetta tekur einnig til stofnbúnaðar sóknarkirkna og safnaðarheimila og frágangs kirkjulóða.

## Greinargjörð.

Hér er kveðið á um réttindi sókna til að eiga og starfrækja kirkjur, skyldur þeirra að byggja kirkjur að sínum hluta, viðhalda þeim og annast rekstur þeirra og umsjá. Þá er fjallað um skyldur opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, vegna stuðnings við byggingu kirkna og safnaðarheimila.

Það verður vart vefengt, að nú á tímum skortir mjög fjármagn, reglur, aðhald og skipulagningu í sambandi við kirkjubyggingar, viðhald þeirra og umhirðu. Hér er reynt að setja fram tillögur til úrbóta í þessum efnunum.

### Um 1. gr.

Hér er kveðið á um rétt hvernar sóknar til að eiga kirkju. Þá þykir eðlilegt að gera ráð fyrir því, að tveir söfnuðir geti haft afnot sömu kirkju, þegar sérstaklega stendur á, svo sem nú er t.d. í Kópavogi og Hafnarfirði. En rétt er að setja ákveðnar reglur um slík afnot og þá vantanlega einnig um eignar- og stjórnunaraðild hvernar sóknar.

### Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að hver kirkja sé eign þeirrar sóknar, er hana notar, en kirkjur séu ekki í eigu einstaklinga eða hins opinbera. Þá þykir rétt að hafa ákvæði um, hvernig skuli fara með ágreiningsatriði milli sóknarprests og sóknarnefndar um notkun eða forræði kirkju. Dæmi eru um, að ágreiningur hafi verið milli þessara aðila um, hvað megi flytja í kirkjum og hvað megi þar fram fara.

### Um 3. gr.

Til að mata þeim kostnaði, sem hér er um fjallað, verður að sjá sóknum fyrir eðlilegum og nauðsynlegum tekjum. Vitað er, að viðhaldi og umhirðu kirkna er víða ábótavant. Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að því, að úr megi bata, og kvaðir lagðar á prófata.

Eðlilegt er, að viðhalds- og reksturskostnaður greftrunar-kirkna verði greiddur af tekjum kirkjugarða.



Um 4. gr.

Þetta er óbreytt frá því, sem nú er. Til að standa stráum af þessum kostnaði verður að sjá sóknum fyrir eðlilegum og nauðsynlegum tekjum.

Um 5. gr.

Með ákvæðinu um kirkjubyggingarnefnd er höfð hliðsjón af gildandi lögum um kirkjubyggingarsjóð. Skal kirkjubyggingarnefnd skipuð með svipuðum hætti og nefnd sú, sem þar er fjallað um. Hér er þó gert ráð fyrir, að einn nefndarmanna hafi sérþekkingu í kirkjubyggingarlist. Þá er kirkjubyggingarnefnd með grein þessari fengin talsverð umsvif og völd, enda nauðsynlegt, að kirkjubyggingarmál verði betur skipulögð og samræmd en nú er.

Um 6. gr.

Hér er höfð hliðsjón af ýmsum kvöðum og hefðum í sambandi við lóðir undir opinberar byggingar. Grein þessi er einnig í fullu samræmi við ákvæði laga um kirkjugarða. Sjálfsagt er að gjöra ráð fyrir aðstöðu fyrir kirkjulegt starf, þegar ný íbúðanverfi eru skipulögð, og hafa um það fullt samráð við prófastsdæmisráð.

Um 7. gr.

Þessi grein fjallar um, hver skuli bera kostnað af byggingu kirkna og safnaðarheimila, Svo sem kunnugt er, bera sóknirnar nú einar þennan kostnað. Þó hefur félagsheimilaskjóður veitt byggingarstyrki til safnaðarheimila hin allra síðustu ár. Þá eiga sóknir rétt á vaxtalausum lánum úr kirkjubyggingasjóði. Samkvæmt lögunum mega þau nema allt að 2/5 hlutum byggingarkostnaðar, en það er að sjálfsögðu háð fjárhagsgetu sjóðsins hverju sinni. Fjárveitingarvaldið hefur ekki hækkað framlög til sjóðsins í hlutfalli við verðbólgu og hækkun byggingarvísitölu.

Vitað er, að mörg sveitarfélög láta sóknum í té styrki til kirkjubygginga. Um þetta gilda þó engin lagaákvæði, og hvíla engar kvaðir á sveitarfélögum í þessum efnum. Meginþunginn af fjármögnun kirkjubygginga hvílir á sóknarfólki.

Er sá fjárhagsbaggi þeim oft ofviða, veldur því að kirkjubyggingar taka óeðlilega langan tíma og er hemill á eðlilegt starf nýrra sókna. Ur þessu er brýnt að bæta sem fyrst.

Með skírskotun til 62. gr. stjórnarskrárinnar um skyldur ríkisins til að styðja og vernda þjóðkirkjuna er eðlilegt, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við byggingu kirkna. Hinn löghelgaði stuðningur ríkisins við kirkjuna hlýtur m.a. að vera fólgin í því, að sóknum verði séð fyrir viðunandi starfsaðstöðu.

Hlutfallið 2/5 til byggingar kirkna og safnaðarheimila frá ríkissjóði er í rauninni lágmarkskrafa, sem þó verður eftir atvikum að teljast sanngjörn. Hún er meðal annars studd þeim rökum, að samkvæmt lögum um félagsheimilaskjöld frá 1970 greiðir ríkið 2/5 hluta byggingarkostnaðar og stofnbúnaðar félagsheimila á móti 3/5 hlutum heimaaðila, þ.e. sveitarfélaga og frjálsra félaga, sem að byggingu félagsheimilis standa.

Staðreynd er, að félagsheimilaskjöldur hefur veitt og veitir enn fámennum sveitarfélögum styrki til að reisa félagsheimili, er nema 40% af byggingarkostnaði. Er hér oft um að ræða sveitarfélög, sem eru álíka stór eða jafnvel minni en viðkomandi kirkjusókn. Og nýting kirkna er víða mun meiri en nýting félagsheimila. Þetta styður tvímálalaust þá kröfu, að ríkið kosti byggingu og búnað kirkna og safnaðarheimila að 2/5 hlutum.

Með tilliti til þess, að staðamörk sókna fylgja víða mörkum sveitarfélaga og hver kirkja þjónar ákveðinni félagsheild, þykir rétt, að sveitarfélög styrki byggingu kirkna og safnaðarheimila, enda er mörgum forráðamönnum sveitarfélaga það ljúft og telja það sjálfsagðan hlut. Eðlilegt er, að sveitarfélög styrki kirkjubyggingar eins og aðrar samfélagsstofnanir, svo sem skóla, sjúkrahús, elliheimili, heilsugæzlustöðvar, bókasöfn, íþróttamannvirki o.fl.

Sjálfsagt er, að sóknirnar beri áfram ábyrgð á kirkjubyggingum og leggi til þeirra nokkurt fjármagn, til dæmis

30% eins og hér er lagt til. Byggingar kirkna styrkja samstöðu og samheldni meðal sóknarfólks og örva menn til fórnna og gjafa í þágu sóknarkirkju sinnar. Hætt er við, að slíkur hugur kynni að breytast til hins verra, ef sóknarfólk ber ekki áfram talsverða ábyrgð á fjármögnun kirkjubygginga.

#### 2.1.4. Fjárreiður sókna.

Um sóknargjöld.

##### 1. gr.

Hver Íslendingur á aldrinum 17 til 67 ára sem er í þjóðkirkjunni, er heimilisfastur hér á landi og greiðir útsvar samkvæmt IV. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skal árlega greiða sóknargjald til þeirrar sóknar, sem hann átti lögheimili í næstliðinn 1. desember samkvæmt þjóðskrá.

##### 2. gr.

Sóknargjald skal vera 0,15 til 0,3% af álagningarstofni útsvars hvers gjaldanda samkvæmt ákvörðun prófastsdæmisráðs, enda liggi þá fyrir fjárhagsáætlun sóknanna. Sóknargjaldið skal að jafnaði vera hið sama innan hvers prófastsdæmis.

Nú telja hjón fram sameiginlega og einungis annað hjóna er innan aldursmarka samkvæmt 1. gr., og skal sóknargjaldið þá reiknað af hálfum útsvarsstofni þeirra.

##### 3. gr.

Nú hrökkva tekjur sóknarkirkju samkvæmt 2. gr. eigi fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests, og er þá heimilt að leggja allt að 100% álag á sóknargjaldið, enda komi til samþykki safnaðarfundar og prófastsdæmisráðs.

##### 4. gr.

Hver sá, er telst til skráðs trúfélags utan þjóðkirkjunnar, sbr. lög um trúfélög, skal greiða árlega til trúfélags síns

eigi lægri fjárhæð en honum annars hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

5. gr.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 4. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð, er nemur sóknargjaldi, sem honum annars hefði borið að greiða. Gjald þetta, svo og gjald samkvæmt 4. gr., skal greiða til Háskólans eða til viðkomandi trúfélags í samræmi við trúfélagsskráningu hjá þjóðskrá miðað við næstliðinn 1. desember.

Um kirkjubyggingagjald.

6. gr.

Til að standa straum af kostnaði vegna byggingar kirkju eða safnaðarheimilis er sóknarnefndum heimilt að leggja sérstakt kirkjubyggingagjald á þá, er sóknargjald skulu greiða. Gjald þetta eða sambærilegt vinnuframlag má aðeins leggja á, meðan á byggingu stendur, þó eigi lengur en þrjú ár í senn, og má það eigi nema hærri upphæð árlega en sem nemur 1/7 hluta af áætlaðri hlutdeild viðkomandi sóknar í byggingarkostnaði, enda komi til samþykki ráðherra.

Um álagningu, innheimtu o.fl.

7. gr.

Þeir, sem annast álagningu útsvara, skulu jafnframt annast álagningu sóknargjalda og gjalda samkvæmt 6. gr., svo og gjalda samkvæmt 4. gr., ef viðkomandi trúfélag óskar þess. Um álagningu þessara gjalda gilda að öðru leyti sambærilegar reglur og um útsvör, eftir því sem við á.

Sóknarnefnd skal að fenginni ákvörðun prófastsdæmisráðs sbr. 2. gr. tilkynna þeim, er álagninguna annast, ákvarðanir um upphæð gjalda fyrir 1. febrúar ár hvert.

8. gr.

Gjaldalagi og eindagi sóknargjalda og gjalda samkvæmt 4. og 6. gr. er hinn sami og á útsvörum. Um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti gilda sömu ákvæði og gilda um útsvör, eftir því sem við á.

9. gr.

Sveitarfélögum er skylt að annast innheimtu sóknargjalda og gjaldsamkvæmt 4. gr., ef sóknarnefndir og stjórnir skráðra trúfélaga æskja þess. Ríkissjóður skal innheimta gjöld samkvæmt 6. gr. Framangreindum gjöldum skal skilað viðkomandi sókn, trúfélagi eða Háskólanum í samræmi við álagningu og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Sveitarsjóðir skulu fá hæfilega þóknun fyrir álagningu og innheimtu, þó eigi hærri en fyrir lögboðna innheimtu á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Nú annast sóknarnefnd eða stjórn skráðs trúfélags álagningu og innheimtu sóknargjalds eða gjalds samkvæmt 4. gr., og eiga þær þá rétt á hæfilegri þóknun, þó aldrei hærri en 6% af innheimtu fé.

10. gr.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

11. gr.

Sóknarnefndir skulu árlega greiða í jöfnunarsjóð prófastsdæmis 5 til 10% af sóknargjöldum eftir nánari ákvörðun héraðsfundar. Sóknarnefndum ber að gera stjórn sjóðsins skil á gjaldi þessu eigi síðar en 30. apríl næstan á eftir, að gjöldin eru gjaldfallin.

Prófastur tilkynnir sóknarnefndum fyrir lok hvers árs, hvert gjaldið skuli vera í prófastsdæminu.

Greinargjörð.

Inngangur.

Á undanförnum árum hafa farið fram miklar umræður um sóknargjöld og nokkrar tilögur komið fram til breytinga og úrbóta í þeim efnum.

Árið 1972 samþykkti kirkjuþing ályktun um tekjustofna safnaða, og 1974 afgreiddi þingið frumvarp til laga um

sóknargjöld. Þá samþykkti kirkjuþing 1976 að fela kirkju-  
ráði að skipa nefnd til að gera úttekt á fjárhagsstöðu og  
fjárförf kirkjunnar og leggja fram tillögur til úrbóta, er  
miða skulu að því að auka fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar  
og leysa heildarfjárförf hennar, þar á meðal fjárförf sókna.  
En úttekt á fjárförf sókna er að sjálfsögðu forsenda þess,  
að hægt sé með nokkurri nákvæmni að setja ákvæði um tekju-  
öflun þeirra.

Kirkjumálaráðherra lagði fram á Alþingi árið 1975 frumvarp  
til laga um sóknargjöld. Það frumvarp náði ekki fram að  
ganga, enda mundi það alls ekki leysa fjárförf sókna og er  
jafnvel óhagstæðara en núverandi skipan.

Í framhaldi af ályktun kirkjuþings 1972 skipaði biskup nefnd  
átta manna til að gera tillögur um breytta skipan sóknar-  
gjalda, og skilaði nefndin álit í nóvember 1973. Að fengnum  
þeim tillögum samdi Höskuldur Jónsson í fjármálaráðuneytinu  
drög að frumvarpi um sóknargjöld.

Árið 1973 gerði Framkvæmdastofnun ríkisins nokkra athugun  
á tekjuörf og tekjuöflun safnaða þjóðkirkjunnar.

Allt þetta hefur Starfsháttanefnd athugað og byggir tillögur  
sínar að nokkru leyti á þeim tillögum og umræðum, sem fram  
hafa farið. Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, svo og upp-  
lýsingar frá sóknarprestum í svari við könnunarbréfi hafa  
einnig komið nefndinni að haldi.

Enda þótt Starfsháttanefnd telji nauðsynlegt, að fram fari  
ýtarleg úttekt á fjárförf sókna, er þess freistað að setja  
hér fram ákveðnar tillögur til lausnar á þessum vanda.

Grundvallarbreytingin er sú, að lagt er til, að sóknargjald  
verði aftekið sem persónuskattur. Í stað þess verði það  
lagt á sem ákveðinn hundraðshluti af álagningarstofni út-  
svars, en ekki af álögðu útsvari, eins og gert er ráð fyrir  
í frumvarpi kirkjuþings og einnig í frumvarpi kirkjumála-  
ráðherra. Ákvæði þessi eru hins vegar nokkuð rúm, svo sem  
einnig er í frumvarpi kirkjuþings og í áður greindum tillögum  
Höskuldar Jónssonar.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að þeir einir greiði sóknargjald, sem útsvar greiða, en þó verði sóknargjald ekki lagt á fyrr en við 17 ára aldur.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal sóknargjald lagt á sem hundraðshluti af álagningarstofni útsvars, en miklu raunhæfara er að miða við útsvarsstofn, heldur en álagt útsvar, einkum vegna þess hve útsvarsstigi er misjafn í hinum einstöku sveitarfélögum. Samkvæmt greininni getur munað allt að helmingi á hlutfalli álagningarinnar. Er þá miðað við, að sóknarnefndum gefist nokkurt svigrúm í þessum efnum og geti tryggt, að sóknartekjur verði að jafnaði ekki lægri en verða mundi með persónuskatti miðað við núverandi skipan. Þetta tryggir betur fjárhag sókna heldur en áður greindar tillögur ráðherra og kirkjuþings. Telja verður óaskilegt að stefna að tvenns konar kerfi eins og þar er gert. Hér er málið gert einfaldara og skilvirkara.

Hér er nýmæli um fjárhagsáætlun sókna, en eðlilegt er, að gerðar séu áætlanir um rekstur og fjárförf kirkna eins og annarra stofnana.

Þar sem Starfsháttanefnd miðar við prófastsdæmið sem eina starfsheild, er eðlilegt, að sóknargjald sé að jafnaði hið sama innan þess og að prófastsdæmisráð hafi þar nokkur völd.

Um 3. gr.

Hér er heimildarákvæði, sem nauðsynlegt er að hafa í lögum, og er það í samræmi við 3. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Þessi grein er samhljóða 3. gr. í frumvarpi ráðherra, og sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 4. gr. og 7. gr., 2. mgr., í frumvarpi ráðherra, og sambærileg ákvæði eru í gildandi lögum.

Um 6. gr.

Eðlilegt er, að lögbundnar sóknartekjur verði fyrst og fremst notaðar til að standa straum af rekstrar- og viðhaldskostnaði kirkna og þeim kostnaði við guðspjónustur og aðra kirkjulega starfsemi, sem eigi er greiddur með öðru móti. Fastar tekjur sókna hljóta í meginatriðum að miðast við þennan kostnað. Sóknir verða því að minnsta kosti í einhverjum mæli að fá fjármagn til kirkjubygginga með öðrum hætti. Þess vegna er hér lagt til, að sóknarnefndir fái heimild ráðherra til að leggja á sérstakt kirkjubyggingargjald, meðan á byggingu stendur. Gjaldið verði ekki lagt á nema þrjú ár í senn og eigi lengur en sjö ár alls, enda ættu kirkjubyggingar ekki að taka lengri tíma.

Um 7. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 5. gr. í frumvarpi ráðherra. Æskilegt er, ekki sízt af hagkvæmnisástæðum, að sami aðili fjalli um álagningu sóknargjaldsins og annast álagningu útsvara, hvort sem það eru skattstjórnar eða sveitarstjórnir.

Um 8. gr.

Þessi grein er samhljóða ákvæðum 6. gr. í frumvarpi ráðherra. Eðlilegt er, að sömu innheimtuleglur gildi um sóknargjöld eins og opinber gjöld.

Um 9. gr.

Með grein þessari er sveitarfélögum gert skylt að innheimta sóknargjöld, sé þess óskað, og skuli greidd fyrir það sambærileg innheimtuþóknun eins og fyrir innheimtu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Gengið er út frá, að ekki verði um að ræða sérstaka þóknun fyrir álagningu, heldur sé hún innifalin í þóknun fyrir innheimtu.

Sleppt er ákvæði 1. gr., 5. mgr., gildandi laga þess efnis, að utanþjóðkirkjumönnum beri að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt gjald sitt til safnaðar síns eða Háskólans, ella beri þeim að greiða sóknargjald. Um þetta vísast til ákvæða 6. gr., þar sem trúfélagsskráning hjá þjóðskrá er lögð til grundvallar við álagningu þessara gjalda.



Um 10. gr.

þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í frumvarpi kirkjubings er gert ráð fyrir stofnun sjóðs, er nefnast skal Jöfnunarsjóður kirkjusókna, og skal hann taka til landsins alls. Starfsháttanefnd finnst hyggilegra að hafa sérstakan jöfnunarsjóð í hverju prófastsdæmi, enda verði prófastsdæmið sérstök starfseining. Gjald þetta er haft nokkuð rúmt og héraðsfundi fengið ákvörðunarvald í þeim efnum. Nánari skýringar er að finna í sambandi við ákvæðin um Jöfnunarsjóð prófastsdæmis.

2.2. PRÓFASTSDÆMI

2.2.1. ÁLITSGJÖRD

Um veitingu prestsembættu

Um frumþjónustu og sérþjónustu

2.2.2. PRÓFASTSDÆMI, STJÓRN OG EMBÆTTI

Um prófastsdæmi

Um héraðsfund

Um prófastsdæmisráð

Um prófast

Um prest

Greinargjörð

2.2.3. FJÁRREIÐUR PRÓFASTSDÆMA

Jöfnunarsjóður

Greinargjörð

## 2.2. Prófastsdæmi.

### 2.2.1. Álitsgjörð.

Eitt meginatriði í tillögum starfsháttanefndar er að gjöra prófastsdæmin að sjálfstæðum starfseiningum í stað prestakallanna eins og nú er. Prestar verða þá ekki lengur ráðnir til ákveðinna prestakalla, heldur í ákveðið prófastsdæmi. Hver prestur skal þjóna ákveðinni sókn eða sóknum sem sóknarprestur með föstum starfsskyldum svo sem messuskyldu, en auk þess skulu honum falin ákveðin þjónustusvið, sem taka til prófastsdæmisins í heild og nánar verður vikið að. Með þessu móti skal stefnt að auknu samstarfi presta og annarra, sem ráðnir kunna að verða til starfa í prófastsdæmunum. Er að vænta, að þannig nýtist betur sérmenntun þeirra og hæfni, jafnframt því sem betur verði unnt að mæta þörf á kirkjulegri þjónustu en nú er. Eftir sem áður sitji prestar hver á sínu prestsetri í einhverri þeirra sókna, þar sem þeir annast frumþjónustu.

Núverandi skipan prestakalla á Íslandi á sér fornar rætur. Hún er í meginatriðum miðuð við bændasamfélag og hæfði íslenzku þjóðskipulagi næsta vel allt fram á þessa öld. Seinustu áratugina hafa hins vegar orðið svo örar breytingar á búsetu manna og atvinnuháttum, að mest líkist gjörbyltingu. Öllum má því ljóst vera, að núverandi skipan prestakalla hæfir engan veginn kröfum tímans og róttakra breytinga er þörf.

Prestakall er ekki jafnmikilvæg stærð í kirkjulegu tilliti og sókn. Eina sameiningarafl prestakallsins er presturinn, sem þjónar því. Prestakallið er upphaflega ákveðið með tilliti til þess, að það sé hæfilegur starfsvettvangur eins prests. Þess vegna er breyting á prestakalli miklu auðveldari en breyting á sókn. Og jafnan hefur verið við það miðað í skipan íslenzkra prestakalla, að einn prestur þjóni prestakalli. Einu undantekningarnar frá þeirri reglu eru þau tvímenningsprestaköll, sem tekin hafa verið upp: Fimm í Reykjavík, eitt á Akureyri og eitt í Vestmannaeyjum. Reynsla af tvímenningsprestaköllum verður að teljast neikvæð, þótt nokkuð muni hún misjöfn, enda er þar um enga fastákveðna starfsskiptingu að ræða milli prestanna, heldur eru báðir fullgildir sóknarprestar í öllu prestakallinu. Má nærri geta,

að slíkt fyrirkomulag hlýtur að leiða til ýmissa árekstra, bæði fyrir presta og sóknarfólk. Munu nú allir prestar sam- mála um, að tvímenninguþrestaköll í núverandi mynd verði lögð niður.

Nútímapjóstfélag krefst sífellt aukinnar sérhæfingar í starfi. Gætir þess á öllum sviðum þjóðlífsins. Flestir aðilar þjóð- félagsins hafa horft í augu við þessa staðreynd og reynt að breyta starfsháttum sínum til samræmis við það. Þetta gildir einnig um kirkjuna, þótt í smáum stíl sé. Má þar nefna ýmis konar sérþjónustu, sem nú er sinnt af ákveðnum starfsmönnum, svo sem æskulýðsmál, fangahjálp, sjúkrahúspjónustu o.fl. Hins vegar er meginskipulag kirkjulegs starfs enn miðað við þarfir gamla tímans, þar sem einum presti er ætlað að sinna öllum hinum margvíslegu þörfum sóknarinnar án nokkurrar aðstoðar annarrar en þeirrar, sem hann kann að geta orðið sér úti um meðal leikmanna. Ljóst er, að þetta er algjörlega úrelt, ekki hvað sízt í fjölmönnum prestaköllum í úthverfum þéttbýlisins, þar sem ný íbúðahverfi rísa upp á fáeinum árum, en aðstöðu skortir til kirkjulegs starfs, og prestinum er sjálfum ætlað að hafa forystu í því að byggja upp ytri starfs- aðstöðu sóknarinnar, auk þess sem hann á að sinna andlegum þörfum sóknarfólks. Þetta er hverjum manni ofviða, enda sýnir reynslan það.

Á fjölmörgum sviðum þjóðfélagsins hafa menn snúizt við nýjum vanda með auknu samstarfi og hópvinnu, þar sem ákveðnum starfs- hópi er ætlað að leysa sameiginleg verkefni stærri heilda. Víða erlendis hafa verið reyndar sömu aðferðir til að leysa vanda kirkjulegs starfs, bæði í hratt vaxandi þéttbýli og fá- mennum byggðarlögum, þar sem fólki sífellt fækkar, svo að erfiðara verður um vik í öllu menningarlegu starfi. Hefur þetta gefið góða raun bæði í Evrópu og Ameríku.

Augljóst er, að þjóðkirkjan verður að taka tillit til þessara breyttu þarfa þjóðfélagsins. Vandinn er sá, hvernig því marki verði náð, um leið og sem allra minnst verði hróflað við mikilvægustu starfseiningu kirkjunnar, sem er sóknin. Tillögur starfsháttanefndar taka mið af þessu og eru því til- raun til þess að varðveita hið jákvæðasta úr gildandi skipu- lagi fortíðarinnar, jafnframt því sem tekið er tillit til meginþarfa núverandi þjóðskipulags.

Um veitingu prestsembætta.

Gildandi lög um veitingu prestakalla eru nr. 32 frá 3. nóvember 1915. Þar er kveðið á um, að prestar skuli kosnir til starfa. Þessi lög hafa mjög verið gagnrýnd, bæði af prestastéttinni og öðrum, sem um þessi mál hafa fjallað. Kirkjuþing hefur nokkrum sinnum fjallað um málið og gjört tillögur til breytinga á þessum lögum, seinast árið 1976, þar sem samþykkt var samhljóða, að prestskosningar skyldu lagðar niður, en prestur skuli valinn af sérstökum kjörmönnum sóknanna, sem megi einnig kalla prest til starfa, ef nægur meirihluti fæst fyrir því. Þá hefur Prestastefna Íslands rætt málið og gjört samþykktir um breytingar á lögum um prestskosningar, auk þess sem málið hefur verið sent próföstum og héraðsfundum til umsagnar.

Tillögur kirkjuþings hafa verið lagðar fram á Alþingi, seinast árið 1974, en aldrei fengizt afgreiddar þar, heldur verið vísað frá til frekari umsagnar eða ekki verið afgreiddar í nefndum. Ljóst er, að ástæðan til tregðu á því að samþykkja breytingar á þessum lögum á ekki fyrst og fremst rætur í fylgi meirihlutans við núgildandi fyrirkomulag, heldur mun hitt valda meiru, að menn eru ekki sammála um þá skipan, sem taka skuli við, þ.e. kjörmannafyrirkomulagið. Þetta kemur raunar berlega fram í nefndaráliti menntamálanefndar Efri deildar Alþingis, dagsettu 18. marz 1974, þar sem m.a. segir svo:

"Nefndin telur eðlilegt, að gerðar verði breytingar á lögum nr. 32 1915, um veitingu prestakalla, með hliðsjón af óánægju með prestskosningar, sem virðist vera ríkjandi meðal presta, guðfræðinema og ýmissa kirkjunnar manna. Hins vegar getur nefndin ekki fallizt á það skipulag, sem felst í frumvarpi Kirkjuþings, að valdið til að velja prest verði fyrst og fremst í höndum sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa í stað sóknarbúa."

Einsýnt virðist, að kirkjan þurfi að búa við rýmri löggjöf um skipan starfsmanna sinna, svo að kirkjulegir aðilar geti valið menn til ákveðinna starfa í þjónustu kirkjunnar með hliðsjón af sérmenntun þeirra og hæfileikum til ákveðinnar kirkjulegrar þjónustu. Þess vegna skulu prestskosningar lagðar niður í núverandi mynd og nánar kveðið á um veitingu

prestsembættu, en prestar verði skipaðir eins og aðrir opinberir embættismenn að fengnum tillögum biskups, prófasts og fulltrúa leikmanna, sem atlað er að fjalla um ráðningu starfsmanna prófastsdæmisins.

Um frumþjónustu og sérþjónustu.

Sú þjónusta, sem sóknarfólki ber innan sóknar sinnar, er nefnd "frumþjónusta". Hér er um að ræða hina reglubundnu guðsþjónustu í sóknarkirkjunni með veitingu altarissakramentisins og boðun orðsins, skírn, vígslur og greftranir og þá sálgæzlu, sem slíku starfi fylgir, svo sem vitjanir, sáttumleitanir, váboð og gleðiboð. Það sem hér er nefnt "sérþjónusta", er öll önnur þjónusta kirkjunnar. Vettvangur frumþjónustunnar er sóknin, en vettvangur sérþjónustunnar getur einnig verið prófastsdæmið, stiftið eða kirkjan öll.

Við athugun og úttekt nefndarinnar á sérþjónustu kirkjunnar hefur margt verið skoðað. Þyngst á metunum hafa verið fundir og viðtöl við æskulýðsfulltrúa, sjúkrahúsaprest, fangaprest o.fl. og fundir með frjálsum kirkjulegum samtökum, sem vinna að líknarmálum, t.d. Bindindisráði kristinna safnaða. Einnig hafa verið gagnlegar viðræður við presta, sem hafa aflað sér sérþekkingar á ýmsum greinum sálgæzlufraðinnar.

Þegar reynt er að gjöra grein fyrir aðalþáttum sérþjónustunnar, má m.a. benda á:

- a. þjónustu við börn og æskulýð,
- b. þjónustu við þá, sem geta ekki notið frumþjónustu kirkjunnar eða tekið þátt í eðlilegu lífi og starfi sóknarinnar,
- c. þjónustu við þá, sem eru í eða búa við óeðlilegar aðstæður vegna vinnu sinnar, ferðalaga eða annars konar fjarveru frá heimili sínu. Hér má nefna sjómenn, vitaverði, ferðafólk, vinnuflokka við stórframkvæmdir og landsmenn erlendis.

Allt krefst þetta ákveðinna viðbragða og aðgjörða kirkjunnar. Þessa þjónustu er hægt að veita á fleiri en einn veg. Nauðsynlegt er að veita og meta í hverju tilviki, hvernig henni verður bezt við komið. Eðlilegt er, að prófastur og héraðsfundur hafi glögga yfirsýn yfir, hvernig hún verði veitt í prófastsdæminu og sóknum þess.

Aðalreglan ætti að vera, að prestur sá, sem veitir frumþjónustu, hafi einnig með höndum sérþjónustu í sóknnum sínum, meðan hún er ekki meiri en 40% af starfi hans. Einnig er sjálfsgagt að kalla sóknarnefndarmenn til ábyrgðar og samstarfs um sérþjónustuna, og sé þá nánar kveðið á um það í erindisbréfum þeirra.

Heildarskipulagning sérþjónustunnar í prófastsdæminu verður þó alltaf á ábyrgð prófasts og héraðsfundar og þar af leiðandi í umsjá prófastsdæmisráðs. Einnig gætu starfað fastanefndir á vegum prófastsdæmisins, sem gjöri tillögur um samræmingu sérþjónustunnar og tryggi, að hún sé veitt, eftir því sem þörf krefur.

Hér má minna á, þegar tekjuþörf sókna vegna safnaðarstarfsins er metin svo og tekjuþörf prófastsdæmisins, að nauðsynlegt er að taka tillit til kostnaðar vegna sérþjónustunnar. Hér er um margs konar kostnaðarliði að ræða, t.d. vegna kennslugagna við barnastarf, ljóss, hita og húsnæðis við æskulýðsstarf, skrifstofu- og aðstöðukostnaðar á heilsugæzlu- og refsivistarstofnunum, pappírs-, síma- og póstkostnaðar og ferðakostnaðar. Ekki er eðlilegt, að allur slíkur kostnaður sé greiddur af sóknartekjum, heldur sé hluti greiddur af jöfnunarsjóði prófastsdæmanna, hluti af opinberu fé og hluti af þeim stofnunum, sem kirkjan veitir þjónustu.

Ef sérþjónustan er meiri en 40% af starfi prests, verður að leita annarrar lausnar. Slíkar aðstæður geta verið fyrir hendi þar, sem eru stór sjúkrahús, elliheimili, hæli fyrir þroskahefta, hæli fyrir áfengissjúklinga og refsivistarstofnanir. Einnig má nefna umfangsmikla þjónustu við ferðafólk og tímabundnar aðstæður vegna atvinnulífs.

Grundvallarreglan ætti að vera, að slík þjónusta sé ætíð í tengslum við annað kristnilíf í sókninni og að einhverju leyti á ábyrgð sóknarprests og sóknarnefndar og undir umsjón þeirra, þó að hún sé skipulögð af prófastsdæmisráði. Ráða mætti sérþjálfað starfslíð til að veita þessa þjónustu, t.d. uppfræðara í barna- og unglingastarfi, djákna eða safnaðarsystur til almennra sálgæzlustarfa og félagsráðgjafar.

Prófastsdæmisráð getur ákveðið að draga úr frumþjónustu prests sem prestsþjónustu hans nemur og breyta þannig starfsskyldum hans. Er þá hægt að taka tillit til ytri aðstæðna svo og hæfileika og menntunar prestsins. Prófastsdæmisráð getur lagt til, að fjölgað verði prestum í prófastsdæmun, sem hafa mikla sérþjónustu.

Tillögur nefndarinnar um lagafyrirmæli í 3. og 4. gr. eru einfaldar og gefa möguleika á öllum þeim afbrigðum um tilhögun þjónustunnar, sem hér er dregið á.

Nefndin leggur til, að stærð prófastsdæma verði að jafnaði við það miðuð, að prestar þar séu ekki færri en 4 og ekki fleiri en 7, þannig að þeir geti myndað vel starfshæfan hóp. Gert er ráð fyrir, að 1 prestanna gegni störfum prófasts. Hann stjórnar héraðsfundum og er eins konar verkstjóri alls kirkjulegs starfs í prófastsdæminu. Jafnframt sér hann til þess, að ákvörðunum héraðsfundar sé framfylgt. Héraðsfundur fær mun meira ákvörðunarvald en nú er.

Fjöldi presta í hverju prófastsdæmi skal að jafnaði við það miðaður, að hver þeirra gegni frumþjónustu í sóknum, sem svarar til einnar heilkirkju. Þá skal reyna að miða við, að ekki séu færri en 600 íbúar að meðaltali í strjálbýli, nema þar sem um sérstakar aðstæður er að ræða.

Þegar metinn er þjónusturéttur sókna, skal miðað við eftirfarandi skiptingu eftir íbúafjölda:

Þéttbýli I: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður og Akureyri. Þar gildi sú regla, að sem næst 4.000 manns komi á hvern prest. Hér er þó skylt að taka tillit til sérstakra aðstæðna, t.d. ef stór sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra eða önnur sérstök hæli eru í prófastsdæminu.

Þéttbýli II: Allir aðrir kaupstaðir og kauptún með yfir 1.000 íbúa. Þar skal miðað við, að sem næst 1 - 2.000 íbúar komi á hvern prest eftir stærð þéttbýlis. Á sama hátt og áður skal tekið tillit til sérstakra aðstæðna í prófastsdæminu.

Strjálbýli: Kauptún með innan við 1.000 íbúa og sveitir.



## 2.2.2. Prófastsdæmi, stjórn og embætti.

### Um prófastsdæmi.

#### 1. gr.

Sóknir mynda prófastsdæmi, sem er sjálfstæð starfseining. Starð prófastsdæma skal að jafnaði miða við, að prestar þess séu ekki færri en 4 og ekki fleiri en 7. Mörk prófastsdæma skulu að jafnaði fylgja sýslumörkum og kjördæmum.

#### 2. gr.

Nú er mörkum prófastsdæma breytt. Skulu þá héraðsfundir gjöra tillögur um slíkar breytingar, sem síðan eru lagðar fyrir kirkjustefnu biskupsdæmisins til samþykktar. Ný mörk taka gildi, þegar allir þessir aðilar hafa samþykkt þau, ella sker ráðherra úr að fengnum tillögum biskups.

#### 3. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal skipuleggja þá frumþjónustu, er sóknarfólk á rétt á í sókn sinni og tekur til þess hluta starfs prestsins, sem fólgið er í almennu guðsþjónustuhaldi, veitingu sakramenta, vígslum, greftrunum, vitjunum, sálu-sorgun og annarri þjónustu, sem þeim störfum fylgir, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

#### 4. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal skipuleggja störf presta og annarra starfsmanna að sérþjónustu, sem er öll önnur kirkjuleg þjónusta í sókninni en frá er greint í 3. gr., auk þjónustu við þá, sem ekki geta notið frumþjónustu á eðlilegan hátt.

#### 5. gr.

Við ákvörðun frumþjónustu og sérþjónustu skal við það miðað, að einn prestur fari með frumþjónustu í hverri sókn, ella skulu starfsskil presta skýrt mörkuð. Þeim presti, er frumþjónustuna annast, skal að jafnaði falin sérþjónusta í sókninni, ef ekki er um að ræða þjónustusvið, sem snertir fleiri sóknir eða prófastsdæmið í heild, og betur færi, að aðrir hefðu með höndum.

Um héraðsfund.

6. gr.

Héraðsfundur er vettvangur sjótnunar og skipulags í hverju prófastsdæmi. Þar eru tekin til umræðu og afgreiðslu öll sameiginleg mál þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Starfsskil fara fram á héraðsfundi.

7. gr.

Á héraðsfund hafa atkvæðisrétt prestar prófastsdæmisins og formenn sóknarnefnda. Aðrir þeir, sem rétt eiga á setu í safnaðarráði, hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Prófastur heldur héraðsfundi og boðar skriflega með hálfmánaðar fyrirvara. Með fundarboði skal senda dagskrá og nauðsynleg gögn, er ræða skal og taka til afgreiðslu. Fundur er lögmatúr, ef rétt er til hans boðað.

9. gr.

Héraðsfund skal halda fyrir 15. júní ár hvert. Þar leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga fyrir síðasta starfsár. Þar eru fjármál prófastsdæmisins rædd og gjörð sérstök grein fyrir starfi síðasta árs.

10. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skylt er honum að boða slíkan fund, ef 1/4 hluti atkvæðisbærra fundarmanna óskar þess.

11. gr.

Hver fundarmaður á rétt á að bera upp á héraðsfundi sérhvað það, er lýtur að kirkjulegum málum og skipan þeirra í prófastsdæminu. Þeim málum, er snerta stiftið allt eða þjóðkirkjuna í heild, skal vísa til kirkjustefnu.

12. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ráða starfsmenn til ákveðinna starfa innan prófastsdæmisins.

13. gr.

Héraðsfundur kýs starfsnefndir. Sé starfsnefnd í tengslum við sérþjónustu prests, er hann sjálfkjörinn formaður hennar.

14. gr.

Héraðsfundur kýs prófastsdæmisráð, sem er skipað leikmanni og presti auk prófasts.

15. gr.

Leikmenn á héraðsfundi kjósa fulltrúa úr sínum hópi á kirkjustefnu stiftsins. Þeir séu jafnmargir og prestar prófastsdæmisins. Kosning fari þannig fram, að helmingur fulltrúanna sé kosinn annaðhvort ár til 4 ára.

Þeir hafa kosningarrétt til biskupskjörs, gefa umsögn til biskups um, hvern skuli skipa prófast, og umsögn til ráðherra um skipan presta í prófastsdæmið.

16. gr.

Héraðsfundur ákveður breytingar á starfsskipan prófastsdæmisins eftir tillögum prófastsdæmisráðs, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi starfsmanna.

17. gr.

Ef héraðsfundarmenn, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt að leita úrskurðar biskupsdæmisráðs. Sé sá úrskurður samhljóða samþykkt héraðsfundar, tekur hann gildi, annars sé hann borinn upp á næsta héraðsfundi, og gildir þá endanlega atkvæðagreiðsla um málið.

Um prófastsdæmisráð.

18. gr.

Prófastur situr í prófastsdæmisráði ásamt leikmanni og prest, sem kjörnir eru á héraðsfundi til 4 ára. Prófastur er oddviti ráðsins.

19. gr.

Prófastsdæmisráð hefur umsjón með málum prófastsdæmisins milli héraðsfunda.

Það gjörir m.a. tillögur til héraðsfunda um ráðningu nýrra starfsmanna og breytingar á skipan sókna og starfs innan prófastsdæmisins. Það ákvarðar sóknargjald í prófastsdæminu og gjörir tillögu til biskups um auglýsingu prestsembættis, þar sem kveðið er á um væntanlega frum- og sérþjónustuskyldu.

20. gr.

Prófastur kallar prófastsdæmisráð saman til fundar svo oft sem þurfa þykir.

21. gr.

Prófastsdæmisráð fær greidda reikninga fyrir vinnu og útlagðan kostnað úr jöfnunarsjóði prófastsdæmisins.

Um prófast.

22. gr.

Biskup skal leita álits presta annars vegar og formanna sóknarnefnda hins vegar um, hvaða prestur skuli gegna störfum prófasts. Skipar ráðherra þann, sem biskup mælir með.

23. gr.

Prófastur er fulltrúi biskups í prófastsdæminu og hefur umsjón með starfi þess. Hann gefur umsögn til ráðherra um umsækjendur til prestsembættis í prófastsdæminu. Hann gegnir úttektarskyldu á prestsetrum í prófastsdæminu, vísiterar sóknirnar með biskupi og fylgir eftir ákvörðunum vísitazíu, héraðsfundar og prestafunda. Jafnframt hefur hann eftirlit með kirkjum, kirkjueignum, heimagrafreitum o.fl.

24. gr.

Prófastur nýtur hærri launa en sóknarprestur og fær greitt að auki fyrir embættisferðir sem prófastur innan prófastsdæmisins úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

25. gr.

Prestsetur prófasts í þéttbýli II og strjálbýli er jafnframt prófastsetur. Prófastur í þéttbýli I nýtur húsnæðis fyrir skrifstofu, sem ríkissjóður og/eða sveitarfélag leggur til með samþykki ráðherra.

26. gr.

Prófastur skipuleggur endurmenntun sóknarpresta prófasts-  
dæmisins í samráði við biskup og ákvörðun prestafundar. Hann  
sér um guðfræðilegt bókasafn prófastsdæmisins, er njóti  
stuðnings frá ríkissjóði að 3/4 hlutum með samþykki ráðherra.

Um prest.

27. gr.

Prestur er sá, sem veitt hefur verið prestsembætti og gegnir  
 því.

Sá einn hefur rétt til að sækja um slíkt embætti, sem lokið  
 hefur embættisprófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða  
 öðrum viðurkenndum guðfræðiskóla.

Ráðherra auglýsir laust prestsembætti að ósk biskups og veitir  
 það að fenginni skriflegri umsögn um hæfasta umsækjanda frá  
 biskupi, prófasti, formönnum sóknarnefnda í prófastsdæminu og  
 sóknarnefndarmönnum í þeim sóknum, þar sem hann á að gegna  
 frumþjónustu.

Hafi væntanlegur prestur ekki hlotið vígslu, vígir biskup  
 hann, eftir að hafa kannað hæfni hans til embættis.

28. gr.

Prestur starfar samkvæmt erindisbréfi, sem biskup og prófastur  
 setja honum. Erindisbréf fjallar um skyldur, ábyrgð og  
 þjónustu prestsins. Þar er tilgreind frumþjónusta hans og  
 sérþjónusta.

Biskup getur í samráði við prófast sett presti nýtt erindis-  
 bréf, og er þá hið eldra úr gildi fallið.

Prestur gegnir að öðru leyti störfum eftir því, sem lög og  
 venjur standa til.

29. gr.

Prestur nýtur lögkjara sem opinber starfsmaður. Prestafélag  
 Íslands fer með sanningsrétt hans um laun og kjör.

Nú skortir á, að prófastsdæmi sé þjónað af lágmarksfjölda  
 þeirra presta, sem lög gjöra ráð fyrir. Er þá öðrum prestum  
 prófastsdæmisins skylt að taka að sér umframþjónustu, enda  
 njóti þeir fyrir það umframlauna úr Kristnisjóði. Biskup  
 úrskurðar umframlaunin, en rísi ágreiningur, skal hann úr-  
 skurðaður af 3 manna nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar biskups

og Prestafélags Íslands og ráðuneyttisstjóri, sem jafnframt er oddviti nefndarinnar.

30. gr.

Prestur fær greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, sem ráðherra kveður á um fyrirfram til tveggja ár í senn að fengnum tillögum biskups. Upphæðin greiðist prestinum mánaðarlega.

Ráðuneytið leggur prestum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

Fyrir aukaverk ber sóknarpresti einum þóknun eftir gjaldskrá, sem Prestafélag Íslands setur með samþykki ráðuneytis.

31. gr.

Biskup ákveður að fengnum tillögum prófasts og með heimild ráðherra, hvar prestsetur skuli vera. Prestar í þéttbýli I fá ekki embættisbústað.

Ráðherra skal láta byggja og halda við prestsetrum eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum. Byggingar og viðhald skal vandað og unnið eftir teikningum og kostnaðaráætlun, sem ráðuneyti samþykkir, og skal byggingaefirlitsmaður á prestsetrum hafa eftirlit með framkvæmdum.

32. gr.

Presti er skylt að sækja kirkjulega fundi, sem biskup boðar honum. Skal hann að jafnaði sækja námskeið til endurmenntunar a.m.k. á tíu ára fresti.

Greinargjörð.

Um prófastsdæmi.

Um 1.-2. gr.

Hér er fjallað um mörk prófastsdæma og breytingar á þeim.

Um 3.-4. gr.

Hér er greint frá þeirri kirkjulegu þjónustu, sem ber að veita í prófastsdæminu og hvernig hún skuli skipulögð.

Um 5. gr.

Hér er reynt að koma í veg fyrir þau vandamál, sem fylgja tvímenningaprestaköllum og jafnframt gefin vísbending um, hvernig prófastsdæmisráð skuli skipuleggja kirkjulega þjónustu.

Um héraðsfund.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um verksvið héraðsfundar.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um, hverjir eigi atkvæðisrétt á héraðsfundi. Eðlilegra virðist, að formenn sóknarnefnda séu fulltrúar sókna sinna en safnaðarfulltrúar eins og nú er, en þeir eru oft án tengsla við störf sóknarnefndar.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um, að prófastur boði og haldi héraðsfund. Í gildandi lögum er hann lögmatur, ef helmingur fundarmanna saki fund. Hér er lagt til, að héraðsfundur sé lögmatur, ef rétt er til hans boðað.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er, að héraðsfundur sé haldinn fyrr á árinu en kirkju- eða leikmannastefna.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Greinin er næstum samhljóða upphafi 20. gr. í núgildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um heimild héraðsfundar til að ráða starfsmenn til starfa í prófastsdæminu, sem launaðir séu úr jöfnunarsjóði prófastsdæmisins.

Um 13. gr.

Hér er vikið að kosningu starfsnefnda. Ef prestur er sjálfkjörinn formaður starfsnefnda, styrki það sérþjónustu hans og tryggir samvinnu og samhjálp þeirra, sem að sömu málum vinna.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um kosningar- og umsagnarrétt leikmanna á héraðsfundi.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um breytingar á starfsskipan prófastsdæmisins. Öllum tillögum um slíkar breytingar skal vísað til prófastsdæmisráðs. Ef það felst á breytingarnar, leitar það samþykkis þeirra aðila, sem breytingarnar eiga að ná til.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um rétt manna til þess að skjóta málum sínum til biskupsdæmisráðs, ef þeir geta ekki sætt sig við úrskurð héraðsfundar.

Um prófastsdæmisráð.

Um 18. gr.

Hér er fjallað um, hverjir eigi sæti í prófastsdæmisráði.

Um 19. gr.

Hér er markað starfssvið prófastsdæmisráðs.

Um 20.-21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um prófast.

Um 22. gr.

Hér er fjallað um skipan prófasts og gildir um hana svipað og nú tíðkast, nema hvað hér er ætlað til, að umsagnar formanna sóknarnefnda sé leitað, en það er nýmæli og stefnir að aukinni þáttöku leikmanna í ákvörðunartekt um málefni kirkjunnar.



Um 23. grein.

Hér er kveðið á um yfirumsjón prófasts með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu. Kveðið er á um skyldur hans og ábyrgð í starfi. Hér er tekið fram, að honum sé skylt að sjá svo um, að ákvörðunum kirkjulegra aðila sé framfylgt, en nokkuð hefur stundum þótt á skorta í þeim efnum.

Um 24. gr.

Hér er kveðið svipað á um og gjört er í gildandi lögum nr. 35 1970 um skipun prestakalla. Það er kjarasamningsatriði, hve miklu launamunur nemur hverju sinni. Eðlilegt væri, að hann yrði aukinn nokkuð frá því, sem nú er, enda er allmjög aukið við störf og ábyrgð prófaste í þessum lögum.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um rétt prófaste til embættisbústaðar. Gildir hér sama og um presta almennt. Þó fær prófastur í þéttbýli I húsnæði fyrir skrifstofu. Það er nýmæli. Hins vegar nýtur hann ekki embættisbústaðar fremur en aðrir prestar í þéttbýli I.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um skyldur prófaste til þess að fylgjast með endurmenntun presta í prófastsdæminu.

Síðari málsgreinin höfðar til gildandi laga nr. 17 1931 um bókasöfn prestakalla, þar sem m.a. er kveðið á um greiðsluskyldu ríkissjóðs að 3/4 hlutum.

Um presta.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um, hvaða skilyrði menn þurfi að uppfylla til þess að geta sótt um prestsembætti. Um veitingu er lagt til, að hún verði með líkum hætti og gildir um veitingu annarra embættismanna. Skrifleg umsögn frá biskupi, prófasti og leikmönnum um hæfasta umsækjanda hlýtur að vera ráðherra næg ábending til skipunar í embættið, sem ætla má, að allir aðilar geti sætt sig við.

Um 28. gr.

Þessi grein gjörir ráð fyrir því, að öllum prestum verði sett erindisbréf, sem kveði á um skyldur þeirra, ábyrgð og réttindi. Biskup semur erindisbréfið í samráði við prófast, og erindisbréfið hefur lagalegt gildi til jafns við reglugerð. Þannig mundi kirkjan búa við rýmri starfsreglur en nú er og vera betur hæf til þess á hverjum tíma að laga sig að breyttum þörfum um ytri starfshætti.

Um 29. gr.

Hér er fjallað um kjör presta. Skyld er að greiða þóknun vegna aukastarfa prestsins, sem stafa af því, að skortur er á fullri tölu presta prófastsdæmisins samkvæmt lögum.

Um 30. gr.

Hér er rætt um rétt presta til þess að fá greiddan embættis-kostnað. Er hér um að ræða hliðstæð ákvæði því, sem eru í gildandi lögum nr. 36 1931 með áorðnum breytingum. Í niðurlagi greinarinnar er fjallað um aukaverkagreiðslur. Nefndin telur nauðsynlegt að tryggja, að hver sóknarprestur hafi tekjur af aukaverkum, sem unnin eru fyrir sóknar börn hans. Hún treystir sér ekki til þess að benda á ákveðna framkvæmd þessa máls, en beinir því til Prestafélags Íslands að reyna að leysa það á félagslegan hátt.

Ennfremur þarf að reyna að tryggja, að ýmsir þættir sérþjónustu verði greiddir sérstaklega.

Um 31. gr.

Hér er fjallað um rétt presta, sem sitja í þéttbýli II eða strjálbýli, á embættisbústað. Miðað er við núgildandi skipan um þessi efni.

Um 32. gr.

Hér er fjallað um skyldur presta til að sækja kirkjulega fundi að boði biskups síns, svo og að viðhalda guðfræðimenntun sinni með því að sækja endurmenntunarnámskeið.

2.2.3. Fjárreiður prófastsdæma.

Jöfnunarsjóður.

1. gr.

Í hverju prófastsdæmi landsins skal vera sérstakur sjóður, sem nefnist Jöfnunarsjóður prófastsdæmis.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er

- a. að kosta að sínum hluta sérþjónustu prófastsdæmisins,
- b. að veita fámennum og fátækum sóknum í prófastsdæminu lán og rekstrarstyrki,
- c. að veita byggingarstyrk fámennum sóknum, þar sem nauðsynlegt þykir að hafa kirkju að álitum prófasts, héraðsfundar og kirkjubyggingarnefndar,
- d. að veita nýstofnuðum sóknum starfsstyrki,
- e. að styrkja safnaðarfélög, kirkjukóra og aðra kirkjulega félags- og menningarstarfsemi í prófastsdæminu,
- f. að styrkja nýjungar í kirkjulegu starfi í prófastsdæminu og stuðla að fjölbreyttara og öflugra starfi kirkjunnar,
- g. að sinna að öðru leyti þeim störfum, sem sjóðnum eru eða kunna að verða falin.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Árlegt framlag frá ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis að fenginni fjárlagabæiðni frá stjórn sjóðsins og umsógn kirkjuráðs.
- b. 5-10% af innheimtum kirkjugjöldum, sbr. 11. gr. laga um fjárreiður sókna.
- c. Aðrar tekjur, sem sjóðnum eru eða kunna að verða ákveðnar, svo og frjáls framlög félaga, einstaklinga og stofnana.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: Prófastur og tveir menn kjörnir á héraðsfundi til 4 ára í senn. Prófastur er formaður sjóðsstjórnar og hefur á hendi reikningshald og sjóðsvörzlu.

Á héraðsfundi ár hvert skal hann leggja fram endurskoðaða reikninga sjóðsins og gera grein fyrir verkefnum hans, rekstri og fjárhag.

5. gr.

Á héraðsfundi skulu kjörnir 2 endurskoðendur reikninga sjóðsins til 4 ára í senn.

Greinargjörð.

Hugtakið jöfnunarsjóður er þekkt hér á landi. Ýmsir jöfnunarsjóðir eru til og gegna því hlutverki að jafna aðstöðu og færa til fjármagn.

Jöfnunarsjóður prófastsdæma er nýmæli innan þjóðkirkjunnar. Sjóðnum er ekki ætlað það hlutverk að safna eða ávaxta fé, heldur vera farvegur, sem miðlar fjármagni og jafnar aðstöðu innan prófastsdæmisins. Grundvallarhugsun á bak við sjóðinn er sú, að sóknir hvers prófastsdæmis styðji hver aðra.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um nafn sjóðsins. Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er fjallað í sjö liðum um hlutverk sjóðsins. Flestir liðirnir skýra sig sjálfir og er ekki ástæða til að fara um þá mörgum orðum. Upptalningin er að sjálfsögðu ekki tæmandi, en ákvæði g. liðar veitir svigrúm til að ákveða sjóðnum fleiri verkefni.

Um 3. gr.

Þar sem jöfnunarsjóðnum er ætlað að greiða hluta af kostnaði við sérþjónustu innan hvers prófastsdæmis, er eðlilegt, að ríkissjóður leggi honum til árlegt framlag, enda viðurkennt af ríkisvaldinu í reynd, að kirkjulegrar sérþjónustu sé þörf. Eðlilegt er að fela kirkjuráði að hafa heildaryfirsýn og samræmingu á fjárlagabæiðnum prófastsdæmanna.

Með tilliti til eðlis og hlutverks sjóðsins er sjálfsagt að fela heimaaðilum, þ.e.a.s. sóknum hvers prófastsdæmis, að fjármagna hann að verulegu leyti, Um þetta er einnig fjallað í lagafrumvarpi um fjárreiður sókna.

Um 4. gr.

Í hverju prófastsdæmi er prófastur sjálfkjörinn formaður  
jöfnunarsjóðs, en héraðsfundur skal kjósa 2 menn til 4 ára í  
senn. Ekki er það skilyrði, að þeir eigi sæti á héraðsfundum  
eða séu úr hópi sóknarnefndarmanna, enda æskilegt að hafa  
óbundið, hverjir séu kjörgengir í stjórn.

Um 5. gr.

þarfnast ekki skýringa.

2.3. BISKUPSDÆMI

2.3.1. ÁLITSGJÖRD

Um fjölda biskupsdæma  
Skipting biskupsdæma  
Stjórn biskupsdæma

2.3.2. BISKUPSDÆMI OG STJÓRN

Um biskupsdæmi  
Um kirkjustefnu  
Um biskupsdæmisráð  
Um biskup

2.3.3. GREINARGJÖRD

## 2.3. Biskupsdæmi.

### 2.3.1. Álitsgjörð.

Um fjölda biskupa.

Þegar rætt er um biskupsembætti þjóðkirkju Íslands, er eðlilegt, að hugað sé að fjölda biskupa, hvort æskilegt sé eða nægjanlegt, að biskup sé einn og eitt biskupsdæmi eða hvort þörf sé á að hafa þá fleiri. Þegar athugað er um fjölda biskupa, virðast þessir valkostir helztir:

A. Biskup sé einn og landið eitt biskupsdæmi. Þá er nauðsynlegt að hér sé vígslubiskup, einn eða tveir, eins og nú er.

B. Biskupar séu tveir og landinu skipt í tvö biskupsdæmi. Hvor biskupa um sig fari með fullt biskupsvald í biskupsdæmi sínu og nánar sé kveðið á um ákvörðun sameiginlegra mála kirkjunnar. Þetta er í samræmi við frumvarp ráðherra, sem lagt var fram á Alþingi vorið 1976 og aftur um haustið, svo og samþykkt kirkjuþings 1958.

C. Biskupar séu þrír. Þá væri um tvær leiðir að velja:

- a. Einn biskup sé fremstur meðal jafningja ( primus inter pares) og annist ákveðin sameiginleg mál kirkjunnar. Landinu sé skipt í þrjú sjálfstæð biskupsdæmi. Þetta er í samræmi við samþykktir kirkjuþinga 1964, 1966 og 1968.
- b. Einn sé biskup Íslands og fari með sameiginleg mál kirkjunnar, en hver biskupa um sig fari með sérmál eigin biskupsdæmis. Þarna væri raunverulega byggt á núverandi skipan, en vígslubiskupum fengin umsýsla sjálfstæðra biskupsdæma. Þetta er millistig milli A. og C.a. Þetta er að verulegu leyti í samræmi við meginefni frumvarps stjórnskipaðrar nefndar, sem lagt var fram á fyrsta kirkjuþingi 1958, en náði ekki fram að ganga. Ennfremur kemur svipuð skoðun fram í frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi 1946 með samþykki kirkjuráðs.

Flestir munu sammála um, að núverandi skipan biskupsembættis íslensku kirkjunnar sé ekki hin æskilegasta. Nægir því til sönnunar að benda á samþykktir kirkjuþinga og framkomin frumvörp á Alþingi seinustu áratugi, sem öll stefna að fjölgun biskupa. Helztu rök með fjölgun munu vera eftirfarandi:

Söguleg rök. Í landinu eru tveir staðir, sem um aldir eru voru biskupssetur, en á niðurlægingartímum þjóðarinnar voru biskupsstólar það lagðir niður og biskupssetur flutt til Reykjavíkur. Endurreisn hinna fornu biskupsstóla á hljómgrunn hjá fjölda landsmanna.

Aukið starf. Biskupssembættið er orðið of viðamikið fyrir einn mann. Þjóðinni hefur fjölgað og kirkjulegt starf vaxið og verður sífellt fjölbreyttara. Fjölgun biskupa mundi mæta vaxandi þörf safnaðanna og auka samband þeirra við yfirstjórn kirkjunnar.

Erlend sambönd. Samskipti Íslensku kirkjunnar við önnur lönd hafa aukizt, bæði við alþjóðleg kirkjufélög og systurkirkjurnar á Norðurlöndum. Einum biskupi er um megn að halda þessu sambandi við á eðlilegan hátt auk vaxandi verkefna innanlands.

Þessi er skoðun nefndarinnar. Þess vegna telur hún rétt að hafna leið A. hér að framan. Núverandi skipan þarf að breyta.

Þá vaknar spurning um, hvort biskupar skuli vera tveir eða þrír. Segja má, að söguleg hefð mæli með tveimur biskupum í landinu, í Skálholti og á Hólum. Þar með væru hinir fornu biskupsstólar endurreistir. Hér er þó þess að gæta, að hvorki Skálholt né Hólar skipa sama sess með þjóðinni sem áður var. Reykjavík er höfuðstaður landsins. Eðlilegt er og æskilegt, að yfirstjórn kirkjunnar haldi hinu nána sambandi við stjórnvöld landsins og sé í miðstöð menningar og þjóðlífs, ef kirkjan á að vera fær um að rækja hlutverk sitt með þjóðinni. Starfsháttanefnd teldi það því spor aftur á bak, ef biskupssetur yrði flutt frá Reykjavík. Þá væri vandséð, hvort hinna fornu biskupssetra bæri fremur að endurreisa, ef aðeins ætti að endurreisa annað þeirra, en hætt væri við, að unendur hins sættu sig illa við slík málalok. Söguleg rök ein geta ekki ráðið þessu máli.

Um galla þess að hafa tvo biskupa er það að segja, að tvö biskupsdæmi í landinu gætu aukið hættu á, að kirkjan klfni í tvær sjálfstæðar fylkingar, einkum ef báðir biskupar væru settir jafnir um yfirstjórn kirkjunnar og ekki væru sett nægjanlega skýr ákvæði um mörk milli stjórnunarskyldu þeirra



og starfa, en það mundi vart verða auðvelt. Þá gátu komið upp svipaðir erfiðleikar og nú verður vart í tvímenningsprestaköllum. Skipan tveggja sjálfstæðra biskupa gæti þannig fremur aukið hættu á sundrunu innan kirkjunnar en eft einingu hennar.

Ýmsir þeir, sem fylgja skipan tveggja biskupa við núverandi aðstæður, telja það vera skref í átt að lokamarkinu, sem séu þrír biskupar, en telja jafnframt ólíklegt, að Alþingi fáiast að sinni til þess að samþykkja þrjá biskupa vegna útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð.

Starfsháttanefnd telur æskilegast, að á Íslandi verði þrír biskupar, sem hver um sig fari með yfirstjórn mála biskupsdæmis síns, en einn þeirra verði jafnframt fremstur meðal jafningja og hafi yfirumsjón vissra málaflokka, svo sem samskipti við stjórnvöld fyrir kirkjuna í heild og samband við erlenda samstarfsaðila. Þetta er sú skipan, sem nefnd er í C.a. hér að framan.

Hitt virðist nefndinni ljóst, að ýmsum þætti þær breytingar of kostnaðarsamar, svo að slíkar tillögur gætu teflt í tvísýnu framgangi þess, að biskupum yrði fjölgað. Má t.d. nefna kostnaðinn af því að stofna þrjár sjálfstæðar biskups-skrifstofur. Þetta sjónarmið virðist hafa verið haft í huga, er áður nefnt frumvarp stjórnskipuðu nefndarinnar var lagt fyrir kirkjuþing 1958. Í fylgiskjölum þess frumvarps er að finna kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra breytinga á skipan biskupsembættisins.

Starfsháttanefnd telur rétt að miða tillögur sínar við, hvað telja megj raunhæft, að ná fram að ganga við núverandi aðstæður. Þess vegna reynir hún að stilla kostnaði í hóf. Tillögur hennar um skipan biskupsembættisins miða því við leið C.b. hér að framan. Nefndin telur þá leið rökrétt framhald núverandi skipanar og eðlilegt skref í þá átt, að síðar, þegar þjóðfélagsástandur leyfa og reynsla er komin af fjölgun biskupa, verði skrefið stigið til fulls og skipan C.a. komið á. Telur hún, að kostnaður af þessum tillögum verða minni en af áður nefndu frumvarpi ráðherra um tvo biskupa.

## Skipting biskupsdæma.

Þegar skipta á landinu í 3 biskupsdæmi, virðist sú skipting ljós í meginatriðum. Eðlilegt er, að Reykjavíkurbiskupsdæmi nái yfir Reykjavík og Reykjanes. Það næði yfir tiltölulega lítið landssvæði, þótt þar búi yfir 60% íbúa landsins. Um skiptingar milli Skálholts- og Hólabiskupsdæma er það að segja, að þar hentar hin forna skipting illa, því að of mikill munur yrði á þeim, bæði að landfræðilegri stærð og íbúafjölda. Eðlilegt virðist, að bætt verði við Hólabiskupsdæmi, annaðhvort Austurlandi eins og lagt er til í frumvarpi kirkjumálaráðherra eða Vestfjörðum, nema hvorttveggja komi til. Áður en slík skipting yrði ákveðin, þyrfti að kanna vilja heimamanna á héraðsfundum. Í tillögum nefndarinnar er sömu skiptingu fylgt og í fyrrnefndu frumvarpi ráðherra, meðan ekkert liggur fyrir um þann vilja.

## Stjórn biskupsdæma.

Yfirstjórn biskupsdæmisins er í höndum kirkjustefnu, biskupsdæmisráðs og biskups. Kirkjustefna fer með æðsta vald í sér málum biskupsdæmisins, en biskupsdæmisráð fer með yfirstjórn þeirra milli kirkjustefna í samráði við biskup.

### 2.3.2. Biskupsdæmi og stjórn.

Um biskupsdæmi.

#### 1. gr.

Biskupsdæmi á Íslandi skulu vera þrjú, Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi.

#### 2. gr.

Reykjavíkurbiskupsdæmi nær yfir Reykjavík og Reykjanes.

Skálholtsbiskupsdæmi nær yfir Suðurland, Vesturland og Vestfirði, frá Skaftafellsprófastsdæmi til Ísafjarðarprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum.

Hólabiskupsdæmi nær yfir Norðurland og Austurland, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Austurlandsprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum.

Um kirkjustefnu.

3. gr.

Kirkjustefnu skal halda í júnimánuði annaðhvort ár og standa í 3 daga. Biskup boðar hana með mánaðarfyrirvara með skriflegri dagskrá og gögnum mála, sem taka á til afgreiðslu.

4. gr.

Biskup og biskupsdæmisráð gjöra starfskil á kirkjustefnu. Þar eru rædd og afgreidd öll sameiginleg mál biskupsdæmisins. Mál sem snerta kirkjuna í heild, skulu send kirkjuþingi.

5. gr.

Starfandi þjóðkirkjuprestar biskupsdæmisins hafa atkvæðisrétt á kirkjustefnu, svo og jafnmargir leikmenn kjörnir af fornöllum sóknarnefnda á héraðsfundum.

6. gr.

Kirkjustefna kýs leynilegri kosningu tvo leikmenn og einn prest á kirkjuþing til fjögurra ára og jafn marga til vara. Einnig kýs kirkjustefna biskupsdæmisráð.

7. gr.

Fulltrúar á kirkjustefnu fá greidda dagpeninga og ferðakostnað. Biskupsdæmisráð endurskoðar reikninga fulltrúa.

Um biskupsdæmisráð.

8. gr.

Biskup situr í biskupsdæmisráði ásamt leikmanni og presti, sem kjörnir eru á kirkjustefnu til 4 ára. Biskup er oddviti ráðsins.

9. gr.

Biskupsdæmisráð hefur yfirumsjón með málum biskupsdæmisins og úrskurðar um ágreiningsefni frá héraðsfundum.

10. gr.

Biskupsdæmisráð ber ábyrgð á fjármálum biskupsdæmisins.

11. gr.

Biskup kallar biskupsdæmisráð saman til fundar, þegar þurfa þykir, og eigi sjaldnar en þrisvar á ári.

12. gr.

Biskupsdæmisráð fær greidda úr ríkissjóði reikninga fyrir vinnu og útlagðan kostnað, sem ráðherra samþykkir.

Um biskup.

13. gr.

Biskup Íslands situr í Reykjavík.

Skálholtsbiskup situr í Skálholti.

Hólabiskup situr á Akureyri með aðstöðu til dvalar á Hólum. Með tilskipun forseta Íslands má að tillögu ráðherra ákveða biskupssetur á Hólum, enda mæli meirihluti þjóðkirkjupresta og formanna sóknarnefnda biskupsdæmisins með því og jafnframt verði biskupi búin þar eðlileg ytri starfs-skilyrði.

14. gr.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn sameiginlegra mála þjóðkirkjunnar og kemur fram fyrir hennar hönd út á við bæði gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðilum í málum, sem varða kirkjuna í heild. Hann getur þó falið öðrum biskupum að koma fram fyrir hönd kirkjunnar. Biskup Íslands hefur eðlilegt samráð og samstarf við hina biskupana um ákvörðun mála.

Biskupar fara hver með sér mál biskupsdæmis síns. Þeir vígja presta og kirkjur og hafa tilsjón með kristnihaldi hver í sínu biskupsdæmi, hafa yfirumsjón með öllu kirkjulegu starfi þar og setja fram tillögur, umsagnir og álitsgjörðir um hvaðeina það, er varðar biskupsdæmi þeirra sérstaklega. Þeir setja próföstum, prestum og sóknarnefndum erindisbréf. Þeir vísitera presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

15. gr.

Biskupsstofa skal vera í Reykjavík. Þar hafa kirkjubing og kirkjuráð einnig aðsetur. Biskupsstofa

annast afgreiðslu sameiginlegra mála kirkjunnar, einnig mál kirkjuþings og kirkjuráðs svo og sérmála Reykjavíkurbiskupsdæmis.

Skálholts- og Hólabiskupar hafa ekki sjálfstæða skrifstofu, en heimilt er þeim að ráða sér fulltrúa. Þeir bera ábyrgð á guðspjónustum í dómkirkjum biskupsdæmis síns. Um kirknaeignir og kirkjulega sjóði gildir sú regla, að eignir og sjóðir, sem bundnir eru ákveðnu biskupsdæmi, heyra undir biskup þess, en aðrar eignir og sjóðir skulu lúta vörzlu og reikningshaldi biskupsstofu. Kirkjuþing ráðstafar fé úr sjóðum þessum og kveður á um ráðstafanir kirkjueigna þeirra, sem hér um ræðir, enda mæli lög, skipulagsskrár og aðrir löggæringar því eigi í gegn.

16. gr.

Þegar biskup vígir kirkju, gefur hann út vígslubréf, þar sem lýst er kirkjunni og getið gripa hennar, eigna og réttinda. Þar skal þess og getið, hversu mikilli þjónustu kirkjan á rétt á árlega, svo og hver staðarmörk sóknarinnar eru. Kirkjuvígslubréf skal rita í sérstaka bók, er varðveitist við biskupsembættið. Þá leggur biskup hverri kirkju til sérstaka bók, kirkjubók, sem í verði færðar allar athafnir, sem framkvæmdar eru í kirkjunni. Verði ágreiningur um fornar eignir og réttindi kirkna, skal hann dæmdur eftir lögum um Kristnisjóð frá 1970 og þar, sem þau ná ekki til, skal hann útkljáður eftir þessum máldagaskrá:

1. Vilchins biskups frá 1397.
2. Auðunar biskups frá 1318.
3. Jóns biskups Eiríkssonar frá 1360.
4. Péturs biskups Þorsteinssonar frá 1394.
5. Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.
6. Sigurðarregistri frá um 1525 og síðar.

17. gr.

Biskupar skulu vandlega gæta þess, að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir, sem vel eru til þess hæfir að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæzlu sóknarbarna sinna. Er engum óvígðum guðfræðingi heimilt að sækja um preststarf í þjónustu kirkjunnar, nema hann hafi

áður fengið vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gjörðar eru til prestsvígslu. Nú synjar biskup um slíkt vottorð, og er þá þeim, sem synjað er, rétt að krefjast þess, að sérstök nefnd athugi og úrskurði hæfni hans. Í henni eiga sæti auk biskups, forseti guðfræðideildar Háskóla Íslands og fulltrúi kirkjumálaráðherra.

18. gr.

Biskup Íslands situr í forsæti á kirkjuþingi auk þess sem hann er oddviti kirkjuráðs. Biskupar eiga allir sæti á kirkjuþingi.

19. gr.

Biskup Íslands boðar prestastefnu og leikmannastefnu annaðhvort ár, það ár sem kirkjustefnur koma ekki saman. Á prestastefnu hafa atkvæðisrétt allir starfandi þjóðkirkju- prestar og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Á leikmannastefnu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju prófastsdæmi kjörinn af leikmönnum á héraðsfundi og einn fulltrúi heildarsamtaka kristilegra féлага, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar.

20. gr.

Biskup Íslands boðar biskupafund eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Biskupafundur getur lagt mál fyrir kirkjuþing.

21. gr.

Biskupar njóta þeirra lögkjara, er biskup Íslands nýtur nú.

22. gr.

Við vísitazíur skal biskup kynna sér kirkjulegt og kristilegt starf í sóknunum, sambúð prests og sóknarfólks, ásigkomulag kirkju og prestsseturs og annað það, er varðar hag sóknar og prests. Skal hann gjöra tillögur til úrbóta, þar sem þurfa þykir. Vísitazía biskups skal hafin með guðsþjónustu í sóknarkirkjunni. Er sóknarpresti og sóknarnefnd skylt að

mæta og vera biskupi til aðstoðar við vísitazíuna og láta honum í té þær upplýsingar, sem leitað er eftir. Þeir skulu undirrita vísitazíugjörðina ásamt biskupi, en heimilt er þeim að láta bóka þar ágreining, ef um slíkt er að ræða. Þyki biskupi einhvers staðar áfátt um búnað kirkju eða viðhald hennar, störf sóknarnefndar, framkomu prests og embattisstörf eða það, hvernig hann situr staðinn, skal hann vanda um við hlutaðeigendur. Ennfremur getur hann í vísitazíu bókað ákveðnar kröfur sínar í þessum efnum. Prófastur skal fylgja biskupi á vísitazíum og sjá síðan um, að ákvörðunum vísitazíu sé fylgt eftir.

23. gr.

Auk lögboðinna skýrslna embattismanna þjóðkirkjunnar er biskupi rétt að krefja þá skýrslna um störf þeirra og embattisrekstur í því formi, sem hann ákveður. Þá getur biskup skyldað presta til þess að sækja kirkjulega fundi.

24. gr.

Biskupar setja prófasta um stundarsakir, þegar þörf er á. Ennfremur presta til þess að gegna aukapjónustu samkvæmt tillögum prófastsdæmisráðs, ef á skortir, að lágmarksfjöldi presta gegni störfum í prófastsdæmi.

25. gr.

Biskup hefur umsjón með skipun í embætti í biskupsdæmi og er ráðherra til ráðuneytis um veitingu þeirra.

26. gr.

Nú getur biskup ekki gegnt störfum vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum sérstökum ástæðum, og getur hann þá með samþykki ráðherra falið öðrum að gegna starfinu um hríð á sína ábyrgð.

Nú fellur biskup Íslands frá eða latur af embætti, og skal þá setja þann biskup, sem eldri er að biskupsvígslu, til þess að gegna embættinu, unz nýr biskup hefur verið skipaður.

Nú fellur Skálholts- eða Hólabiskup frá eða latur af embætti, og skal þá biskup Íslands gegna störfum hans, unz nýr biskup hefur verið skipaður.

27. gr.

Biskup vígir eftirmann sinn í embætti, ella vígir biskup Íslands eða sá hinna biskupanna, sem eldri er að biskups- vígslu.

28. gr.

Nú losnar biskupsembætti í þjóðkirkjunni. Skal þá ráðherra láta fara fram biskupskjör og sé því lokið innan þriggja mánaða frá því, er embætti losnaði eða fráfarandi biskupi var veitt lausn.

29. gr.

Kosningarrétt við kjör biskups Íslands hafa biskupar, prófastar, allir fastir kennarar við guðfræðideild Háskóla Íslands, sem kjörgengir eru til biskupskjörs, og allir starfandi þjóðkirkjuprestar innan biskupsdæmisins.

Kosningarrétt við kjör Skálholts- og Hólabiskupa hafa biskupar, prófastar og allir starfandi þjóðkirkjuprestar innan biskupsdæmisins.

Leikmönnum sé með reglugjörð tryggð þátttaka í biskupskjöri.

Kjörgengir til biskupsembættis eru allir þeir, sem rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni.

30. gr.

Kosning skal vera leynileg og skrifleg, og tilnefnir kjósandi einn mann sem biskupsefni. Undirbúning og framkvæmd kosningarinnar skal ráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé ráðuneytisstjóra kirkjumálaráðuneytisins sem formanni, einum manni tilnefndum af stjórn Prestafélags Íslands og einum tilnefndum af ráðherra. Nánari ákvæði um kosningarnar setur ráðherra með reglugjörð.

31. gr.

Réttkjörinn biskup er sá, sem fær yfir helming greiddra atkvæða. Nú fær enginn það atkvæðamagn, og skal þá kosið aftur milli þeirra þriggja, er flest atkvæði fengu. Sá er þá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær.



2.3.3. Greinargjörð.

Um 1. - 2. gr.

Hér er kveðið á um, að biskupsdæmi skuli vera 3 og mörk þeirra ákveðin. Um rökstuðning vísast til álitsgjörðarinnar.

Um 3. - 7. gr.

Hér er fjallað um kirkjustefnu og starfssvið hennar afmarkað.

Um 8. - 12. gr.

Hér er fjallað um biskupsdæmisráð og stöðu þess.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um búsetu biskupa. Einsýnt virðist, að Hólabiskup geti ekki setið á Hólum að óbreyttum aðstæðum þar. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og í áður nefndu frumvarpi kirkjumálaráðherra 1976.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um starfsskiptingu biskupa. Lagt er til, að stöðu vígslubiskupa verði breytt þannig, að þeim verði fengið eigið biskupsdæmi, þar sem þeir fari með yfirstjórn sér mála, en biskup Íslands fari með sameiginleg mál þjóðkirkjunnar.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um, að skrifstofa biskups Íslands sé sameiginleg skrifstofa þjóðkirkjunnar. Öðrum biskupum er veitt heimild til þess að ráða sér fulltrúa til aðstoðar í starfi. Þannig er kostnaði við þessa breytingu í hóf stillt.

Um 16. gr.

Þessi grein er að mestu leyti samhljóða grein, sem var að finna í frumvarpi til laga um biskupa þjóðkirkju Íslands, sem lagt var fyrir kirkjuþing frá 1958.

Um 17. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 3. gr. áður nefnds kirkjuþingsfrumvarps frá 1958. Hér er nauðsynleg viðbót

við nügildandi löggjöf, enda er hliðstæð ákvæði að finna í löggjöf nágrannaþjóðanna. Einfaldast er að kveða svo á, að engum óvígðum guðfræðingi sé heimilt að sækja um prestsstarf í þjónustu kirkjunnar, nema hann hafi áður fengið vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gjörðar eru til prestsvígslu.

Um 18. gr.

Hér er gjörð grein fyrir þátttöku biskupa í sameiginlegum stofnunum þjóðkirkjunnar.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um presta- og leikmannastefnu, sem biskup Íslands boðar.

Um 20. - 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. - 31. gr.

Hér er kveðið á um framkvæmd biskupskjörs. Aðalbreytingin er sú, að leikmönnum er tryggð þátttaka í því samkvæmt nánari ákvæðum í reglugjörð.

2.4. ÞJÓDKIRKJA

2.4.1. ÁLITSGJÖRD

2.4.2. ÞJÓDKIRKJAN, STJÓRN OG STARFSMENN

Um skipan þjóðkirkjunnar

Um kirkjuþing

Um kirkjuráð

Um fjölda launaðra starfsmanna þjóðkirkjunnar

2.4.3. GREINARGJÖRD

## 2.4. Þjóðkirkja.

### 2.4.1. Álitsgjörð.

Eftirfarandi kafli fjallar um þjóðkirkjuna í heild; starfs-  
einingar hennar og stjórn. Efni hans má skipta í tvennt:

#### A. Skipan biskupsdæma, prófastsdæma og sókna.

Starfsháttanefnd telur rétt, að endanleg skipan þessara mála  
verði ákveðin í samráði við viðkomandi aðila á hverjum stað,  
og gjörir því ekki endanlegar tillögur um skiptinguna. Hins  
vegar bendir hún á eftirfarandi valkosti:

##### a. Reykjavíkurbiskupsdæmi.

Samkvæmt lögum skal safnaðaráð Reykjavíkur fjalla um skiptingu  
Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir. Eðlilegt er, að safnaðaráð  
fjalli einnig um skiptingu þess í prófastsdæmi í samræmi við  
heildarstefnu starfsháttanefndar um nýja og breytta starfs-  
hætti kirkjunnar.

Reykjavíkurbiskupsdæmi nær yfir um það bil 60% af íbúum  
landsins. Langmestur hluti þess telst til þéttbýlis I, en  
aðeins örfáar og fámenningar sóknir til strjálbýlis. Sérstakur  
vandi er við skipan mála hér, sem gætir ekki í hinum biskups-  
dæmunum.

Þegar huga er almennt leitt að því, hvernig hugsanlegt væri  
að skipuleggja kirkjulegt starf á Stór-Reykjavíkursvæðinu,  
virðast þessi kostir helst fyrir hendi:

#### I. Reykjavík verði eitt prófastsdæmi:

1. Óbreytt skipan, sambland einmennings- og tvímennings-  
prestakalla.
2. Einmenningsprestaköll eingöngu:
  - a. Prestaköllin starfi algjörlega sjálfstætt.
  - b. Prestaköllin hafi samstarf um lausn ákveðinna  
verkefna.
3. Ein óskipt starfsmiðstöð, en sóknir og prestaköll  
verði lögð niður.

## II. Reykjavík verði skipt niður í prófastsdæmi:

1. Reykjavík verði 3-4 prófastsdæmi, sem taki mið af skólahverfum, umferðaræðum og íbúafjölda. Innan hvers prófastsdæmis yrði ákveðin sókna- og starfsskipting.
2. Reykjavík verði 3-4 prófastsdæmi, en skiptingin miðuð við mörk núverandi prestakalla.
3. Reykjavík verði 3-4 prófastsdæmi, en án frekari undirskiptingar.

Ljóst er, að hver þessara leiða hefur kosti og galla. Sennilega mundu margir kjósa, að Reykjavík yrði allri skipt niður í einmenningsprestaköll, sem störfuðu sjálfstætt. Því fylgja margir augljósir kostir, ekki sízt frá sjónarmiði prestsins. Hægt væri að byggja upp sjálfstætt starf við hverja kirkju, þar sem sóknarpresturinn væri miðpunktur þess. Hins vegar fylgja þessu miklir gallar, sem valda því, að starfsháttanefnd hafnar þessari skipan. Þá væri byggt á þeirri meginreglu, að allt starf sóknarinnar tæki beint mið af prestinum. Flestir munu sammála um, að nauðsyn beri til þess að efla þátttöku leikmanna í starfi kirkjunnar, sem nái þá fyrst eðlilegri fjölbreytni, þegar ábyrgð og verkefnum er dreift á sem flesta. Annað atriði vegur þó jafnvel enn þyngra. Mannfjöldi hinna ýmsu hverfa borgarinnar er svo breytilegur samkvæmt reynslu liðinna ára, að ógjörlegt er að skipta henni eingöngu upp í einmenningsprestaköll, nema með því móti, að skiptingin verði endurskoðuð á nokkurra ára fresti og mörkum prestakallanna breytt. Öllum má ljóst vera, hvílík vandræði slíkt hefði í för með sér, enda væri það vísasti vegurinn til þess að brjóta niður sóknarvitund fólks. Dæmi eru til þess, að fólk hafi verið í þremur sóknum á 20 ára bili, þótt það hafi allan tímann búið í sama húsi. Þá má minna á, að örir flutningar fólks milli hverfa í Reykjavík gjöra það æskilegt, að starfssvæði kirkjunnar stækki.

Flestir munu sammála um, að núverandi skipan sé óviðunandi, einkum eru gagnrýnd tvímenningsprestaköll með tveimur jafnréttháum sóknarprestum án nokkurrar starfsskiptingar. Hins vegar verður að teljast óheppilegt að gjöra alla Reykjavík að einu starfssvæði, einkum þegar þess er gætt, að nefndin gjörir tillögu um, að biskupsdæmi verði þrjú. Þá fellur miklu meira af sameiginlegu starfi svæðisins undir verksvið Reykjavíkurbiskupsdæmis.

Í samræmi við heildarstefnuna í tillögum nefndarinnar leggur hún til, að Reykjavík verði skipt í 3-4 prófastsdæmi. Með því móti fengist hæfilegur fjöldi presta til starfa í hverju prófastsdæmi, svo að hægt sé að koma við heppilegu hópstarfi. Hver prestur þjónar áfram ákveðnu starfssvæði, sem hann ber ábyrgð á. Kirkjur þurfa ekki að vera jafnmargar og prestarnir, enda geta fleiri en einn prestur notað sömu kirkju. Messustaðir geta einnig verið fleiri en kirkjurnar. Hægt væri að skipuleggja starf hvers prófastsdæmis í heild, þannig að ákveðnir þættir starfsins væru fengnir ákveðnum manni, sem hefði yfirumsjón með þeim í öllu prófastsdæminu og sæi um skipulagningu þeirra, t.d. starf fyrir æskulýð, aldraða, sjúkl-  
inga o.fl. Sérstakt tillit þarf að taka til þeirra prófasts-  
dæma, þar sem stór sjúkrahús eru eða dvalarheimili aldraðra.

Augljóst ætti að vera hagræði þess, að starf hvers prófasts-  
dæmis sé skipulagt í heild af starfshópi. Hvert prófastsdæmi  
gæti ráðið sér sérlerða starfsmenn, svo sem kennara, félags-  
ráðgjafa o.fl., samanber tillögu skipulagsnefndar Reykjavíkur-  
prófastsdæmis, sem samþykkt var samhljóða á safnaðaráðsfunði  
9. marz 1976 svo og samþykkt kirkjubings sama ár. Miðað er  
við, að starfsmenn hvers prófastsdæmis haldi fundi til að  
skipuleggja starfið og prófasturinn verði verkstjóri, sem  
beri ábyrgð á starfi prófastsdæmisins í heild.

Samkvæmt þessu telur starfsháttanefnd eðlilegast, að skipting  
Reykjavíkurbiskupsdæmis í prófastsdæmi verði á þessa leið:

1. prófastsdæmi: Seltjarnarnes og Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar.
2. prófastsdæmi: Reykjavík vestan frá Kringlumýrarbraut inn að Elliðaám og Reykjanesbraut.
3. prófastsdæmi: Árbæjar- og Breiðholtshverfi.
4. prófastsdæmi: Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Hafnarfjörður og Vatnsleysuströnd.
5. prófastsdæmi: Suðurnes.
6. prófastsdæmi: Nýbyggðin í landi Korpúlfsstaða, Mosfells-  
hreppur, Kjalarnes og Kjós.

Hér er þó rétt að benda á, að skiptingin gæti verið sú, að fylgt væri mörkum núverandi sókna í Reykjavík. Þá yrði skiptingin eftirfarandi:

1. prófastsdæmi: Seltjarnarnes-, Nes-, Dómkirkju- og Hallgrímssóknir.
2. prófastsdæmi: Háteigs-, Grensás-, Bústaða- og Fossvogs-sóknir.
3. prófastsdæmi: Laugarnes-, Ás- og Langholtssóknir.

Önnur prófastsdæmi yrðu óbreytt. Þar til nýbyggðin í landi Korpúlfsstaða kemur til sögunnar, mega Mosfells- og Reynivalla-prestaköll velja, hvaða prófastsdæmi þau tilheyrja.

Starfsháttanefnd hefur ekki viljað gjöra fastmótaðar tillögur um endanlega skiptingu Reykjavíkur, heldur telur hún rétt, að vísa málinu til safnaðaráðsfundar. En nefndin telur óhjákvæmi-legt, að um skiptingu verði að ræða til samræmis við aðrar tillögur hennar.

Óþarft ætti að vera að benda á, að hér er á engan hátt gengið á rétt þeirra presta, sem tekið hafa við starfi, áður en slíkar breytingar kæmu til framkvæmda, og ákvörðun samstarfs um sérstök svið kirkjulegrar þjónustu innan prófastsdæmisins hljóta að byggjast á samkomulagi presta og sóknarnefnda.

#### b. Skálholtsbiskupsdæmi.

Eins og þegar hefur verið vikið að í þessum tillögum, virðist eðlilegt, að skipting milli Skálholts- og Hólabiskupsdæma verði sú, að Skálholtsbiskupsdæmi nái yfir Suðurland, Vesturland og Vestfirði, en Hólabiskupsdæmi nái yfir Norðurland og Austurland. Hugsanlegt væri að skipta þannig, að Austurland fylgi Skálholtsbiskupsdæmi, en Vestfirðir Hólabiskupsdæmi. Endanleg skipting hlýtur að miðast við vilja og tillögur heimamanna.

Innan Skálholtsbiskupsdæmis þarf að athuga ýmis atriði viðvíkjandi skiptingu í prófastsdæmi. Núverandi Skaftafells-prófastsdæmi er tiltölulega nýtt. Það skiptist milli tveggja kjördæma og á enga samstöðu lengur um önnur mál en kirkjuleg. Þar þyrfti að athuga, hvort réttara væri að skipta því þannig, að vesturhlutinn fylgi Rangárvallaprófastsdæmi, en austurhlutinn Austfjarðaprófastsdæmi. Þá virðist einsýnt miðað við

núverandi samgöngur, að Vestmannaeyjar falli undir Árnes-prófastsdæmi. Athuga þyrfti, hvort rétt væri að breyta núverandi skipan á Vestfjörðum. Óeðlilegt virðist, að Strandasýsla fylgi Húnavatnsprófastsdæmi, sem er í öðru kjördæmi.

Eðlilegast virðist að reyna að láta mörk prófastsdæma fylgja sem mest mörkum annarra svæðaskiptinga, t.d. kjördæma. Starfsháttanefnd gjörir ekki endanlegar tillögur um slíkar breytingar, heldur telur rétt, að þar komi til vilji heimanna.

c. Hólabiskupsdæmi

Hér gildir svipuðu máli og um Skálholtsbiskupsdæmi. Þörf virðist á að athuga skiptingu í prófastsdæmi. Þar má nefna, hvort Siglufjörður eigi fremur að heyra til Skagafjarðar- en Eyjafjarðarprófastsdæmi. Þá er einnig rétt að athuga stöðu Akureyrar innan Eyjafjarðarprófastsdæmis og Laufásprestakalls innan Þingeyjarprófastsdæmis. \*

B. Yfirstjórn þjóðkirkjunnar.

Í lögum um kirkjuþing og kirkjuráð nr. 43 1957, segir í 14. gr.: "Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðspjónustu, helgisiði, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó ekki bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups."

Af þessu sést, hversu yfirstjórn kirkjunnar er óljóst mörkuð, þar sem t.d. samþykktir kirkjuþings um innri mál eru ekki bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki þriggja annarra aðila. Ekki er heldur greint frá því, hver skuli senda mál til hvers þessara fjögurra aðila eða hvernig skuli með þau fara, ef greinir á.

Kirkjuþing er haldið annaðhvort ár, en það kemur sér á margan hátt illa fyrir kirkjuna. Öll afgreiðsla mála verður þunglamaleg. Erfitt hefur reynzt að fylgja fram samþykktum kirkjuþings, bæði um ytri mál til Alþingis og innri mál til þeirra aðila, sem um þau eiga að fjalla. Engin ákvæði eru til í



Lögum um skyldu kirkjuþingsfulltrúa til þess að gjöra grein fyrir málum kirkjuþings heima fyrir eða flytja mál umbjóðenda sinna þar. Þá virðist mikið misræmi í fjölda kirkjuþingsmanna frá einstökum kjördæmum, sem sum eru of stór. Nægir um þau efni að benda á samþykktir þingsins 1976 um breytingar á kjöri til kirkjuþings.

Með tilliti til þessa má ljóst vera, að hér er þörf úrbóta. Kirkjuþing þarf að hafa með höndum yfirstjórn kirkjunnar í samráði við biskupa hennar. Það þarf að koma saman árlega, svo að lokaákvörðun um sameiginleg mál kirkjunnar dragist ekki úr hömlu. Mál séu send til kirkjuþings frá sóknum, héraðs-fundum og kirkjustefnum, enda séu kirkjuþingsmenn kjörnir af sömu aðilum. Með þessum breytingum er skýrt kveðið á um með-ferð mála kirkjunnar.

Kirkjuráð skal vera framkvæmdastjórn þjóðkirkjunnar og sjá um að fylgja eftir samþykktum kirkjuþings.

Þessar breytingar leiða ekki til mikils kostnaðarauka. Vísast til fylgiskjals frá Þjóðhagsstofnun, þar sem gjörður er samanburður á kostnaði við yfirstjórn kirkjunnar nú og því, sem verða mundi, ef tillögur nefndarinnar næðu fram að ganga. Starfsháttanefnd hefur lagt áherzlu á í tillögum sínum, að þær hefðu sem minnstan kostnaðarauka í för með sér.

Megintilgangur allra þessara tillagna er að styrkja stöðu þjóðkirkjunnar og auka sjálfstæði hennar og ábyrgð sem mest.

#### 2.4.2. Þjóðkirkjan, stjórn og starfsmenn.

Um skipan þjóðkirkjunnar.

##### 1. gr.

Þjóðkirkja Íslands skiptist í biskupsdæmi, prófastsdæmi og sóknir.

##### 2. gr.

Í Reykjavíkurbiskupsdæmi eru eftirtalin prófastsdæmi og sóknir: (Hér komi upptalning prófastsdæma og sókna samkvæmt samþykktum héraðsfunda og safnaðaráðs Reykjavíkur. Sjá nánar ábendingar í greinargjörð. Hér komi einnig ákvæði um sendiráðsprest í Kaupmannahöfn.)

3. gr.

Í Skálholtsbiskupsdæmi eru eftirtalin prófastsdæmi og sóknir:  
(Hér komi upptalning prófastsdæma og sókna eftir því, sem héraðsfundur ákveða. Sjá nánar ábendingar í greinargjörð.)

4. gr.

Í Hólabiskupsdæmi eru eftirtalin prófastsdæmi og sóknir:  
(Hér komi upptalning prófastsdæma og sókna eftir því, sem héraðsfundur ákveða. Sjá nánar ábendingar í greinargjörð.)

Um kirkjuþing.

5. gr.

Kirkjuþing fer með æðsta vald í sameiginlegum málum þjóð-  
kirkjunnar.

6. gr.

Kirkjuþing skal halda í febrúarmánuði ár hvert og starfa í  
allt að 10 daga.

7. gr.

Málum, sem varða þjóðkirkjuna og starf hennar í heild, skal  
vísað til kirkjuþings. Það tekur við málum frá kirkjustefnum,  
prestastefnu, leikmannastefnu, biskupafundi og ráðherra.  
Kirkjuþingi er skylt að leita umsagnar kirkjustefna um mál,  
hafi það eigi verið gjört áður. Undanþágu má þó veita, ef  
a.m.k. 6/7 hlutar kirkjuþingsmanna eru um það sammála.

8. gr.

Kirkjuþing fer með æðsta vald í fjármálum þjóðkirkjunnar og  
semur fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

9. gr.

Á kirkjuþingi sitja: Biskupar, ráðherra eða fulltrúi hans og  
1 prestur og 2 leikmenn kjörnir af kirkjustefnu hvers biskups-  
dæmis til 4 ára, auk 1 fulltrúa frá guðfræðideild Háskóla  
Íslands.

10. gr.

Biskup Íslands er forseti kirkjuþings. Hann boðar þing með  
hálfmánaðar fyrirvara og sendir um leið dagskrá þingsins  
ásamt nauðsynlegum gögnum. Ritari biskups Íslands annast  
ritarastörf á þinginu.

11. gr.

Kirkjuping kýs starfsnefndir í einstökum málum, bæði þingnefndir og millipinganefndir. Millipinganefndir taka laun úr ríkissjóði eftir nánari ákvörðun ráðherra.

12. gr.

Kirkjuping kýs þriggja manna þingfararkaupsnefnd. Ráðherra úrskurðar reikninga, sem ríkissjóður greiðir.

Um kirkjuráð.

13. gr.

Kirkjuráð er framkvæmdastjóri þjóðkirkjunnar og úrskurðar um ágreiningsefni, sem vísað er til þess.

14. gr.

Kirkjuráð skipa biskup Íslands ásamt leikmanni og presti kjörnum af kirkjupingi til 4 ára auk varamanna. Varamaður biskups Íslands er sá biskupa, sem eldri er að starfsaldri.

15. gr.

Biskup Íslands kallar kirkjuráð til fundar. Skylt er að kalla það saman, þegar einn ráðsmanna óskar.

16. gr.

Ráðherra úrskurðar reikninga kirkjuráðs, sem greiddir eru úr ríkissjóði.

Um fjölda ríkislaunaðra starfsmanna þjóðkirkjunnar.

17. gr.

Fjöldi ríkislaunaðra starfsmanna þjóðkirkjunnar miðast við fólksfjölda í landinu. Kirkjan heldur núverandi fjölda starfsmanna sinna. Síðan bætist henni nýr starfsmaður hvert sinn, sem þjóðinni fjölgar um 3.000 manns. Biskup Íslands og kirkjuráð ákveða nánar, hvar nýir starfsmenn eru settir til starfa.

2.4.3. Greinargjörð.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2.-4. gr.

Þarfnast ekki skýringar umfram það, sem fram kemur í álitsgjörð.

Um 5.-12. gr.

Hér er fjallað um kirkjuþing og verksvið þess. Helztu breytingar frá gildandi lögum eru þær, að það kemur saman árlega og situr styttri tíma hverju sinni. Gjörð er grein fyrir undirbúningi og gangi mála, sem þingið fjallar um. Breyting er gjörð á kjöri kirkjuþingsfulltrúa og fjölda þeirra.

Um 13.-16. gr.

Hér er fjallað um kirkjuráð og starfssvið þess, sem er viðtákara en áður. Fulltrúum fækkar úr 5 í 3.

Um 17. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Kirkjunni er tryggður réttur til fjölgunar ríkislaunaðra starfsmanna í hlutfalli við fólksfjölgun í landinu.

2.5. SÖNGMÁLASTJÓRI OG TÓNSKÓLI ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Álitsgjörð

Um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar

Greinargjörð

## 2.5. Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar.

### Álitsgjörð.

Embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar er elzta sérþjónustu-  
svið kirkjunnar, sem þjónar henni allri. Til þess var stofnað  
með lögum nr. 73/1941. Þessi lagasetning var merk nýbreytni,  
og hafa þeir þrír menn, sem gegnt hafa embættinu undanfarin  
35 ár, unnið kirkjunni vel og eftt og mótað tónmennt hennar.  
Þyngst á metunum mun vera leiðbeiningarstarf þeirra við  
organista og kirkjukóra, kennsla og handleiðsla guðfræðinema  
í tóni og litúrgískum fræðum og rekstur og stjórn Tónskóla  
þjóðkirkjunnar, sem starfað hefur svo til óslitið frá því, að  
fyrsti söngmálastjórinn kom til starfa. oft við þröngar  
aðstæður og án þess að eiga nokkurn tryggan grundvöll í lögum.

Vegna aldurs laganna og þeirrar reynslu, sem komin er á starf  
söngmálastjóra, var brýnt að endurskoða þau. Við endur-  
skoðunina hefur nefndin farið eftir tillögum Hauks Guðlaugs-  
sonar söngmálastjóra.

Um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

#### 1. gr.

Söngmálastjóri starfar innan þjóðkirkjunnar. Skal hann hafa  
sérmenntun í orgelleik, litúrgíu og kórstjórn.

Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra að fenginni tillögu  
biskups Íslands. Laun hans, svo og embættis- og ferða-  
kostnaður, greiðast úr ríkissjóði.

#### 2. gr.

Söngmálastjóri hefur með höndum yfirumsjón og skipulagningu  
kirkjusöngs innan þjóðkirkjunnar. Hann heldur námskeið með  
kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim í orgelleik, söngkennslu  
og söngstjórn og aðstoðar þá við stofnun kirkjukóra. Hann  
skal eftir því sem við verður komið heimsækja kirkjukóra og  
organista og vera þeim í hvívetna til leiðbeiningar og hvatn-  
ingar um kirkjusöng. Hann hefur jafnframt samstarf við  
sóknarpresta og sóknarnefndir og er þeim til aðstoðar við  
ráðningu organista og útvegum og val kirkjuhljóðfara.

Biskup Íslands setur í erindisbréfi nánari ákvæði um starf  
söngmálastjóra.

3. gr.

Heimilt er biskupi Íslands, með samþykki ráðherra og að fengnum tillögum söngmálastjóra, að ráða 2 menn til aðstoðar við raddþjálfun, kennslu o.fl. Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

4. gr.

Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skal skólinn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum, svo sem pípuorgeli og píanói til kennslu og æfinga.

Hlutverk tónskólans er að veita verðandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, lítúrgíu, tónfræði, hljómfraði, tónheyrn og öðru því, er að kirkjutónlist lýtur.

Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugjörð.

Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Þeir sem æskja inngöngu í Tónskóla þjóðkirkjunnar, skulu hafa hæfileika til tónlistarnáms. Þeir skulu hafa meðmæli sóknarprests síns.

6. gr.

Lokapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunnar veitir réttindi til organistastarfa og tónlistarkennslu.

Nemendur tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig), sem þeir ljúka í náminu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugjörð.

7. gr.

Störf organista skulu tengd tónlistarkennslu, þar sem því verður við komið.

Greinargjörð.

Um 1. gr.

Þessi grein er styttri en 1. gr. gildandi laga. Hér er tilgreint, hvaða menntun söngmálastjóri skal hafa, hvernig hann er ráðinn til starfs og hver skuli kosta embættisrekstur hans.

Um 2. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða meginmáli 1. gr. gildandi laga. Síðasta málsgrein hennar er samhljóða 3. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Þetta heimildarákvæði er nýmæli. Söngmálastjórar hafa oft þurft að ráða aðstoðarmenn og kennara til samstarfs vegna námskeiða eða aðstoðar við kirkjukóra og organista. Kostnaður við það hefur verið greiddur af takmarkaðri fjárveitingu söngmálastjóra. Ákvæðið gefur söngmálastjóra aukið svigrúm til að sinna störfum sínum.

Um 4. gr.

Þessi grein byggir á þeirri reynslu, sem fengizt hefur af rekstri Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjunni er nauðsyn, að sá skóli verði efldur og fái fulla stoð í lögum.

Um 5. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er ákveðið, hvaða réttindi próf frá skólanum veita. Með því að veita nemendum rétt til tónlistarkennslu, er komið á mótis við brýna þörf landsbyggðarinnar á því sviði. Einnig er fámennari sóknum auðveldað að ráða organista í hlutastarf.

Um 7. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.



3. FRÆÐSLUMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

3.1. SKYLDA ÞJÓÐKIRKJUNNAR TIL FRÆÐSLU SÓKNARBARNNA SINNA

Skírn ungbarna  
Börn við 4 ára aldur  
Börn á skólaskyldualdri  
Ferming  
Unglingar  
Hjónaefni og ung hjón  
Fullorðnir  
Aldraðir

3.2. FRAMKVÆMD SKÍRNARFRÆÐSLUNNAR

Þjóðkirkjan  
Biskupsdæmið  
Prófastsdæmið  
Sóknin

3.3. ÖNNUR ATRIÐI FRÆÐSLUMÁLA

Skólar kirkjunnar  
Almennir skólar  
Kennaramenntun  
Guðfræðimenntun  
Fjölmiðlun  
Útgáfumál kirkjunnar  
Tengsl við önnur lönd

### 3. Um fræðslumál þjóðkirkjunnar.

Starfsháttanefnd hefur ekki unnizt tími til þess að taka fræðslumál þjóðkirkjunnar til jafn gagngjörnar endurskoðunar og æskilegt hefði verið. Hins vegar hefur hún taussvert rætt þessi mál, og þessar hugleiðingar, sem hér birtast, eru árangurinn af þeim umræðum. Nauðsynlegt virðist að skipa sérstaka nefnd til þess að athuga þau með hliðsjón af þeim heildartillögum, sem hér liggja fyrir.

#### 3.1. Skylda þjóðkirkjunnar til fræðslu sóknarbarna sinna.

Þjóðkirkjan hefur sérstökum skyldum að gegna við uppfræðslu sóknarbarna sinna. Hún þarf að leitast við að mæta þörfum hvers einstaklings frá vöggu til grafar í trúarefnum. Öll fræðsla kirkjunnar er skírnarfræðsla, en hún er sett saman úr ólíkum þáttum, sem saman spanna mannsævina.

Skal nú reynt í höfuðdráttum að nefna hina ýmsu þætti skírnarfræðslunnar.

Skírn ungbarna.

Þörf er á að veita uppfræðslu um kristna skírn, innihald hennar og gildi, svo að foreldrum sé ljóst, hvað hún er, er þau bera börn sín til skírnar. Eðli máls samkvæmt hlýtur þessi þáttur fræðslunnar fyrst og fremst að beinast að foreldrum og öðrum forráðamönnum barna. Nauðsynlegt er að gefa út skýringarrit um skírnina og gildi hennar. Halda þarf námskeið fyrir verðandi hjón og foreldra ungbarna, þar sem áhærzla er lögð á trúarlegan þátt uppeldisins.

Börn við 4 ára aldur.

Eðlilegt má telja, að bein uppfræðsla barna hefjist við 4 ára aldur. Athugað verði um möguleika á að stofna forskóladeild við sunnudagaskólana, þar sem allt efni sé sérstaklega miðað við hæfi þessa aldurs. Útbúa þarf hentugt myndefni fyrir börnin með einföldum skýringum og kenna þeim létta barnasöngva.

Jafnframt þarf að halda áfram aðstoð við foreldra þessara barna um trúarlegt uppeldi þeirra og útbúa lesefni og halda námskeið fyrir þau.

Börn á skólaskyldualdri.

Hér þarf að hafa sem allra nánast samband og samstarf við skóla barnanna. Reynt skal að fylgjast með og hafa áhrif á gerð kennslubóka í kristnum fræðum. Þörf er á að tengja kristindómsfræðslu skólanna sem mest lifandi starfi kirkjunnar í sókninni eins og núverandi námsskrá í kristnum fræðum í grunnskóla gjörir ráð fyrir.

Stofna skal sunnudagaskóla og skipuleggja barnastarf með hnitmiðaða fræðslu við hæfi barna á ýnsum aldri, þar sem þau fá tækifæri til þess að taka þátt í guðsþjónustulífi kirkjunnar. Hér eru kirkjuskólar góð fyrirmynd.

Útbúa skal hentugt fræðsluefni til afnota í þessu starfi sem og önnur hjálpargögn til uppfyllingar kennslubóka skólanna. Þá þarf að taka saman hentugt úrval sálma og söngva við hæfi barna.

Ferming.

Nauðsynlegt er að samræma og skipuleggja fermingarfræðslu kirkjunnar, þar sem gjörð sé nákvæm grein fyrir skyldunámsefni og þekkingarkröfum. Ákveða skal skyldulágmark fræðslunnar og lágmarkslengd undirbúningstíma. Semja skal eða þýða og staðfæra hentugar bækur til nota við undirbúninginn og hafa gjarna fleiri en eina slíka bók á markaðnum hverju sinni, svo að hægt sé að mæta mismunandi þörfum við ólíkar aðstæður.

Fermingarfræðsluna skal tengja lifandi safnaðarstarfi og reyna að leiða börnin til virkrar þátttöku í tilbeiðslu- og guðsþjónustulífi kirkjunnar. Þá þarf að finna ákveðin hagnýt verkefni fyrir börnin á einhverju þjónustusviði, meðan fermingarfræðslan varir, t.d. heimsóknir til sjúkra eða gamals fólks, þátttöku í barnastarfi, virka þátttöku í guðsþjónustu sóknarinnar o.s.frv. og reyna þannig að vekja áhuga þeirra á virkri þátttöku.

Leita skal samstarfs við skólana um tengsl fermingarfræðslunnar við skólanám barnanna og finna heppilegan tíma og leiðir til þess að leysa þau vandamál og þá árekstra, sem upp kunna að koma milli kirkju og skóla, meðan fermingarundirbúningurinn varir. Miða skal við, að bekkjarsystkini geti fermzt saman, ef þess er óskað, þótt á mismunandi aldri séu.

Athuga skal möguleika á sérstökum námskeiðum og mótum fyrir fermingarbörnin, bæði meðan undirbúningurinn varir og eftir að ferming hefur farið fram.

Unglingar.

Nauðsynlegt er að reyna að brúa bilið milli þátttöku í sérstöku barnastarfi kirkjunnar og almennri guðsþjónustu sóknarinnar. Unglingastarfið þarf að brúa þetta bil, um leið og það beinist að því að leiða unglíngana til meðvitaðrar persónulegrar trúararfstöðu.

Gæta skal þess, að unglíngurinn fái tækifæri til virkrar þátttöku í þjónustustarfi kirkjunnar í sókninni í framhaldi af því, sem gjört var í fermingarundirbúningnum.

Gefa þarf út hentugar söngbækur, þar sem nægilegrar fjölbreytni gæti í sálma- og söngvavali, gjarna að hluta í lausblaðaformi, svo að auðvelt sé að bæta við og fella burt söngva eftir þörfum. Gefa þarf út hentugt fræðsluefni um meginatriði í kristinni trúfræði og siðfræði, einföld skýringar- og hjálparrit við lestur Biblíunnar, fræðandi efni um samanburð við önnur trúarbrögð, aðgengilegt yfirlit um mikilvægustu tímabil kirkjunnar með lifandi frásögnum um ýmsa þá menn, sem mest áhrif hafa haft í kirkjunni á liðnum öldum, og kynningu á kristniboðsstarfi einkum íslensku kristniboði, þar sem vakinn er skilningur á ábyrgð kristinna manna á því og hvatt til stuðnings við það. Þá skal lögð áherzla á fræðslu um hindindis- og líknarmál. Þess sé gætt, að allt efnið sé sérstaklega miðað við hæfi unglínga.

Hjónaefni og ung hjón.

Veita skal hjónaefnum uppfræðslu og leiðbeiningar um stofnun hjúskapar, ábyrgð og skyldur hjóna og gildi trúarlegrar mótunar heimilisins, svo að fjölskyldulífið megi mótast af kristinni trú. Veita skal fræðslu um heimilisguðrækni og leiðbeiningar um fyrirkomulag hennar og framkvæmd. Gefa skal út hentug leiðbeiningarrit.

Veita skal fræðslu um uppeldi og mótun barna. Hér komi til fræðslan um skírnina.

Æskilegt væri að reyna að stofna til umræðuhópa hjónaefna og ungra hjóna, þar sem rædd séu sérstök áhuga- og vandmál nýstofnaðra heimila og trúarleg mótun þeirra. Hér mætti hafa hliðsjón af hreyfingunni "Unge hjem" á Norðurlöndum. Reynt verði að stofna sérstaka biblíuleshópa um þessi mál.

Fullorðnir.

Veita skal áframhaldandi fræðslu um uppeldismál, þar sem sérstaklega verði rætt um unglinga, áhugamál þeirra og vandamál.

Koma skal á fót biblíuleshópum til almennrar trúfræðslu sóknarfólks. Námskeið skal halda til fræðslu og þjálfunar til undirbúnings þátttöku í kristilegu starfi. Ráðstefnur skal halda um ýmis atriði, sem snerta kirkjulegt og kristilegt starf. Reynt skal að kynna alla þætti kirkjulegs starfs og hvetja til þátttöku í því. Halda skal námskeið til þjálfunar starfsmanna kirkjunnar og kynna nýungar í starfi og nota skóla kirkjunnar til þess. Nauðsynlegt er að efla þá skóla sem mest og beina starfi þeirra inn á menntun og fræðslu fólks til þátttöku í hinum ýmsu starfsgreinum kirkjunnar.

Hér skal minnt á það, sem verið er að vinna í þessum efnum hjá öðrum kirkjum Norðurlanda.

Aldraðir.

Taka skal sérstakt tillit til þess fólks, sem hætt er daglegri þátttöku í atvinnu- og athafnalífinu vegna aldurs eða lasleika. Skipuleggja skal heilbrigt tómsundastarf til uppfræðslu og afþreyingar. Mæta skal þörfum þessa fólks fyrir skipulegar guðræknisiðkanir og tilbeiðslulíf. Æskilegt væri að reyna að hagnýta þekkingu og lífsreynslu þessa aldurshóps í kirkjulegu starfi, auk þess sem gott væri að auka samneyti fólksins við börn og unglinga til gagnkvæms ávinnings.

### 3.2. Framkvæmd skírnarfræðslunnar.

Hér hlýtur að vakna spurning um, hvernig kirkjan geti sem best mætt þessum ólíku þörfum mannsins á ýmsum aldurs skeiðum og hvaða kirkjulegur aðili eigi að mæta þeim. Eðlilegt er, að fræðslustarfið sé skipulagt ýmist innan einstakra sókna eða prófastsdæma, ef það er ekki unnið af biskupsdæminu eða þjóðkirkjunni í heild. Skal nú reynt að gjöra grein fyrir, hvernig hentugast mundi að vinna að framkvæmd fræðslunnar.

Þjóðkirkjan.

Sérstakir menn hafi á vegum þjóðkirkjunnar yfirumsjón með einstökum þáttum skírnarfræðslunnar í meginatriðum í samræmi við þá skiptingu, sem þegar hefur verið rakin. Þessir þættir eru:

- Barnastarf
- Fermingarfræðsla
- Æskulýðsstarf
- Hjúskaparmál
- Fullorðinsfræðsla
- Fræðsla aldraðra

Hægt væri að sameina einstaka þætti undir yfirstjórn eins manns. Umsjónarmenn þessir myndi Fræðslunefnd þjóðkirkjunnar ásamt fulltrúum biskupsdæmanna, einum eða fleiri úr hverju. Fræðslunefndin skal annast alla útgáfu á fræðsluefni kirkjunnar og gjöra áætlun um hana. Hún skal einnig gangast fyrir námskeiðum og ráðstefnum, sem varða kirkjuna í heild og hafa yfirumsjón með skólum hennar.

Biskupsdæmið.

Fulltrúi biskupsdæmisins í Fræðslunefnd skal í samráði við biskupsdæmisráð eða sérstaka nefnd kjörna af kirkjustefnu hafa yfirumsjón með fræðslumálum biskupsdæmisins. Leitast skal við að skipuleggja og samræma einstaka þætti fræðslunnar, sem snerta biskupsdæmið sérstaklega, t.d. námskeið og ráðstefnuhald. Þá skal hér farið með yfirstjórn sumarbúða, sem reknar eru sameiginlega af fleiri en einu prófastsdæmi.

### Prófastsdæmið.

Héraðsfundur kjósi fræðslunefnd, sem hafi yfirumsjón með fræðslumálum prófastsdæmisins í samráði við prófastsdæmisráð. Hún skipuleggi allt fræðslustarf innan prófastsdæmisins, sem nær til fleiri en einnar sóknar, og beri ábyrgð á framkvæmd þess. Sé þess óskað, skal hún annast útvegum á nauðsynlegum gögnum til fræðslunnar. Nefndin skal stuðla að auknum kynnum þeirra, sem hafa einstaka þætti fræðslunnar með höndum með sameiginlegum fundum og taka þátt í þjálfun þessara starfsmanna, ef þjálfun þeirra fer ekki fram sameiginlega innan biskupsdæmisins eða kirkjunnar.

### Sóknin.

Þegar stjórn og umsjón fræðslumála fer fram innan sóknarinnar, skal hún vera á ábyrgð sóknarprestisins í samráði við þann sóknarnefndarmann, sem hefur sérstökum skyldum að gegna um fræðslumál, eða sérstaka nefnd, ef skipuð verður. Nauðsynlegt er að gjöra heildaráætlun um fræðslustarf sóknarinnar. Hægt er að fela ákveðnum mönnum framkvæmd einstakra þátta fræðslunnar. Áherzla skal lögð á að skipuleggja biblíuleshópa, kirkjukvöld, fræðandi erindi um ýmsa þætti kristinnar kenningar og kirkjulegs starfs, kynningu og stuðning við kristnið, stofna smáhópa nýgiftra hjóna og fleiri sérstaka hópa, ef óskað er, o.s.frv. Ennfremur skal skipulagt sunnudagaskólustarf, barna- og unglíngastarf og starf fyrir aldraða.

Nefndin skal annast útvegum hjálpargagna við þetta fræðslustarf og vera á allan hátt til aðstoðar.

### 3.3. Önnur atriði fræðslumála.

Að framan hefur verið rætt um þá þætti fræðslumála kirkjunnar, sem snerta sérstaklega hvern einstakling sem hluti skírnarfræðslu hans. Augljóst er, að slík upptalning verður ekki tæmandi, þegar rætt er um fræðslumál kirkjunnar almennt. Þar koma fjölmörg fleiri atriði til greina.

Hér verður tæpt á ýmsum þeirra án þess að gjöra fullnaðargrein fyrir þessum þáttum kirkjulegs starfs eða telja upp allar greinar þess.

Skólar kirkjunnar.

Þjóðkirkjan á lýðháskólann í Skálholti, húsmæðraskólann á Löngumýri og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Þegar hefur verið bent á, hvernig mætti nota þessa skóla í ýmsum þáttum beinnar skírnarfræðslu. Þessa skóla þarf að efla, svo að þeir komi að sem drýgstum notum, og tryggja starfsgrundvöll þeirra. Gjöra verður kröfu til þess, að þeir sitji við sama borð og aðrir sambærilegir skólar í skólakerfinu, að því er snertir þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri þeirra.

Almennir skólar.

Þegar hefur verið minnst á tengsl barnafræðslunnar við kennslu grunnskólans. Þjóðkirkjan hefur ákveðnum skyldum að gegna við almennt skólakerfi landsins, bæði nemendur og kennara. Nauðsynlegt er að efla sambandið við skólana, t.d. með heimsóknunum. Þetta starf þyrfti að skipuleggja á vegum Fræðslunefndar. Þá þarf að efla sem bezt kennslu kristinna fræða á öllum skólastigum. Einkum má benda á, að kristinfræði verði kennslugrein á menntaskólastigi, a.m.k. sem valgrein.

Kennaramenntun.

Uppfræðsla kennaraefna er í höndum Kennaraháskóla Íslands og guðfræðideildar. Þetta er mikilvægur þáttur í íslensku menntakerfi, sem efla þarf og auka tengsl hans við þjóðkirkjuna.

Guðfræðimenntun.

Guðfræðideild Háskóla Íslands annast menntun prestsefna. Nauðsynlegt er að efla tengsl hennar við þjóðkirkjuna og leggja áherzlu á símenntun presta.



### Fjölmiðlun.

Þjóðkirkjunni er nauðsyn á að efla sem mest tengsl við almenna fjölmiðla, sjónvarp, hljóðvarp og blöð. Fjölmiðlarnir hljóta ætíð að vera mikilvægur farvegur kristinnar boðunar, auk þess sem nauðsynlegt er að tryggja eðlilega kynningu kristilegs starfs á þessum vettvangi. Gott væri að halda námskeið til þess að leiðbeina starfsmönnum kirkjunnar um nýtingu þessara fjölmiðla. Ráðinn skal sérstakur umsjónarmaður fjölmiðlunar kirkjunnar, sem jafnframt hafi með höndum útgáfumál hennar, erlend samskipti og sé blaðafulltrúi hennar.

### Útgáfumál kirkjunnar.

Þjóðkirkjunni er mikil nauðsyn á að eignast eigið málagn, sem komi út eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Athugað verði um útgáfu árbókar kirkjunnar, þar sem gjörð verði grein fyrir helztu þáttum í starfi liðins árs. Þá verði aukin og eflað útgáfa kristilegra bóka og athugað um möguleika á biblíubræfa-skóla. Þessi mál heyra undir fjölmiðlunarfulltrúann.

### Tengsl við önnur lönd.

Þjóðkirkjan þarf að efla tengsl við kirkjur annarra landa, einkum aðrar lútherskar kirkjur, ekki sízt á hinum Norður-löndunum. Æskilegt væri að hafa bein tengsl við kirkjulega aðila þar, sem vinna að ýmsum þáttum kirkjulegrar fræðslu, svo að nýta megi reynslu þessara kirkna á því sviði. Þessi tengsl skulu vera undir yfirumsjón fjölmiðlunarfulltrúa, en athuga mætti, hvort rétt væri að skipa sérstaka utanríkisnefnd þjóðkirkjunnar í samráði við biskup Íslands.

Gefa þarf prestum og öðrum starfsmönnum kirkjunnar tækifæri til þess að fara kynnis- og námsferðir til annarra landa til endurmenntunar og kynningar á nýjungum í kirkjulegu starfi.

4. F Y L G I E F N I

- 4.1. AFAR LAUSLEG ÁÆTLUN UM KOSTNAÐ VIÐ  
PRESTASTEFNU, KIRKJÚPING O.FL.
- 4.2. UM SÉRÞJÓNUSTU

4.1. Afar lausleg áætlun um kostnað við prestastefnu,  
kirkjuþing o.fl.

A. Núverandi kerfi.

Prestastefna er haldin á hverju ári og stendur í 3 daga. Samkvæmt kjarasamningum fá prestar greiddar ferðir og dagpeninga á prestastefnu. Hér er gert ráð fyrir 125 þátttakendum og þar af fá 80 greiddar ferðir og dagpeninga. Er þetta sama hlutfall utanbæjarmanna og var á síðasta kirkjuþingi, en ekki hefur náðst í gægn um síðustu prestastefnu. Dagpeningar eru nú 4.750 krónur á dag og ferðakostnaður er áætlaður 10.500 krónur. Er þá tekið mið af meðalkostnaði á síðasta kirkjuþingi og hann færður til verðlags á fyrri hluta árs 1977. Kostnaður verður þá:

	<u>Þús.kr.</u>
Dagpeningar: 240 dagar á 4.750 krónur	1.140
Ferðakostnaður: 80 ferðir á 10.500 krónur	840
Annað, ágizkun	<u>200</u>
Samtals	2.180

Kirkjuþing er haldið annaðhvort ár. Á kirkjuþingi 1976 sátu 19 fulltrúar að meðaltali í nær 15 daga. Hér er reiknað með greiðslu þingfararkaups í 285 daga, dagpeninga í 185 daga og ferðakostnaðar fyrir 11 fulltrúa, eins og var á síðasta þingi. Þingfararkaup er reiknað 3.500 krónur, dagpeningar 4.750 krónur og ferðakostnaður 10.500 krónur. Kostnaður verður þá:

	<u>Þús.kr.</u>
Þingfararkaup: 285 dagar á 3.500 krónur	998
Dagpeningar: 185 dagar á 4.750 krónur	879
Ferðakostnaður: 11 ferðir á 10.500 krónur	116
Annar kostnaður samkvæmt reikningi 1976 á verðlagi 1977	<u>1.315</u>
Samtals	3.308
Á ári	1.654

Kirkjuráð. Á fjárlögum 1977 eru ætlaðar 300 þúsund krónur til starfsemi kirkjuráðs og er sú tala notuð óbreytt hér.

B. Tillögur starfsháttanefndar.

Prestastefna. Gert er ráð fyrir, að prestastefna verði haldin annaðhvort ár. Aðrar forsendur eru hinar sömu og í núverandi kerfi. Kostnaður við prestastefnu var áður áætlaður 2.180 þúsund krónur eða 1.090 þúsund krónur á ári.

Kirkjubing verði haldið á hverju ári og standi að meðaltali í 10 daga. Fulltrúar verði 14. Aðrar forsendur eru þær sömu og í núverandi kerfi. Kostnaður er áætlaður:

	<u>Þús.kr.</u>
Þingfararkaup: 140 dagar á 3.500 krónur	490
Dagpeningar: 72 dagar á 4.750 krónur	428
Ferðakostnaður: 7 ferðir á 10.500 krónur	74
Annað, lauslega áætlað	<u>800</u>
Samtals	1.792

Leikmannastefna verði haldin annaðhvort ár og standi í 3 daga. Fulltrúar verði 30 og þar af er hér gert ráð fyrir að 17 komi utan af landi. Er þetta sama hlutfall og á prestastefnu. Kostnaður er áætlaður:

	<u>Þús.kr.</u>
Dagpeningar: 58 dagar á 4.750 krónur	276
Ferðakostnaður: 17 ferðir á 10.500 krónur	179
Annað, ágizkun	<u>75</u>
Samtals	530
Á ári	265

Kirkjustefnur verði haldnar í hverju biskupsdæmi fyrir sig annaðhvort ár og saki þær allir prestar og jafn margir leikmenn. Kirkjustefnur standi í 3 daga og fái fulltrúar greidda dagpeninga og ferðakostnað eftir sömu reglum og á prestastefnu. Þar sem fundirnir eru haldnir í hverju biskupsdæmi, má gera ráð fyrir, að nokkru færri fulltrúar fái greidda dagpeninga en ella auk þess sem ferðakostnaður verður minni. Kostnaður er lauslega áætlaður:

	<u>Þús.kr.</u>
Dagpeningar: 375 dagar á 4.750 krónur	1.781
Ferðakostnaður: 125 ferðir á 7.000 krónur	875
Annar kostnaður, ágizkun	<u>300</u>
Samtals	2.956
Á ári	1.478

Kirkjuráð. Kostnaður við kirkjuráð er hér afar lauslega áætlaður 240 þúsund krónur á ári og er þá höfð hliðsjón af fjárveitingu til kirkjuráðs í ár. Í kirkjuráði sitja 5 menn, en gert er ráð fyrir, að þeim fækki í 3.

Biskupsdæmisráð. Í biskupsdæmisráði sitji 3 menn. Kostnaður við hvert ráð er hér áætlaður helmingi lægri en við kirkjuráð eða 120 þúsund krónur fyrir biskupsdæmi. Heildar-kostnaður er því 360 þúsund krónur.

Samantals á áætlun fyrir núverandi kerfi og tillögur starfs-háttanefndar.

Miðað er við kostnað á einu ári.

	<u>Núverandi kerfi</u>	<u>Tillögur starfsháttanefndar</u>
	þús.kr.	þús.kr.
Kirkjubing	1.654	1.792
Prestastefna	2.180	1.090
Kirkjuráð	300	240
Leikmannastefna	.	265
Kirkjustefnur	.	1.478
Biskupsdæmisráð	.	<u>360</u>
Samtals	4.134	5.225

#### 4.2. Um sérþjónustu.

Meðal þess efnis, sem nefndin fékk til úrvinnslu, voru gögn frá ráðstefnu norænna sjúkrahúspresta í Svíþjóð 1975.

Eftirfarandi er útdráttur úr þessum gögnum.

Á ráðstefnunni var fjallað um eftirfarandi spurningar. Svörin verða lauslega rakin hér á eftir.

Fyrsta spurningin var: Hver ber ábyrgð á sál-gæzlu á almennum sjúkrahúsum, geðsjúkrahúsum og hælum fyrir þroskahefta í landi yðar?

Í Danmörku er slík þjónusta fyrst og fremst á ábyrgð sóknarprestanna, þar sem slíkar stofnanir eru. Áður fyrr voru sér-ráðnir prestar, sem unnu þessi störf. Nú er þjónustunni þannig háttað, að einum prestanna í sókninni er falin hún sérstaklega, venjulega aðalhluti starfs hans. Þegar um stóra stofnun er að ræða og einn prestur starfar í sókninni, skipta prestar úr nærliggjandi sóknum með sér störfunum. Á geðsjúkrahúsunum eru yfirleitt gerðar þær kröfur, að sérmenntaðir prestar annist sál-gæzluna. Heildarskipulagning málanna á að vera í höndum prófastanna, sem ber að sjá til þess, að þessi störf séu unnin.

Í Finnlandi ber sál-gæzlunefnd kirkjunnar ábyrgð á sál-gæzlu á almennum sjúkrahúsum. Hún skipuleggur starfið og annast fræðslu starfsmanna. Við flest stærri sjúkrahúsin vinna sérstakir sjúkrahúsprestar, en við minni húsin sóknarprestarnir. Á geðsjúkrahúsum vinna yfirleitt sérmenntaðir prestar sál-gæzlustörfin. Á hælum fyrir þroskaheftra bera sóknirnar ábyrgð á sál-gæzlustarfinu, sem víða eru unnin af djákna eða djáknasystur.

Í Noregi er ábyrgð á sál-gæzlu á sjúkrahúsum, geðsjúkrahúsum og hælum fyrir þroskahefta í höndum sóknarpresta. Reglan er sú, að smærri sjúkrahúsum og stofnunum er þjónað af viðkomandi sóknarpresti, en á stærri sjúkrahúsum ræður biskup prest til sál-gæzlunnar.

Í Svíþjóð er kirkjuleg þjónusta á sjúkrahúsum, geðsjúkrahúsum og stofnunum fyrir þroskahefta á ábyrgð sóknarnefnda. Flest stærri sjúkrahúsin í Svíþjóð hafa presta í fullu starfi í þjónustu sinni.

Önnur spurningin var: Hve margir eru í fullu starfi við slíka sál-gæzlu í landi yðar?

Í Danmörku eru 2 prestar í fullu starfi við ríkisspítalann. Auk þeirra starfa 6 prestar við einkastofnanir.

Í Finnlandi eru 51 prestur í fullu starfi við sál-gæzlu á sjúkrahúsum, auk aðstoðarmanna.

Í Noregi eru 27 opinberar sálusorgarastöður á sjúkrahúsum og stofnunum, þar af þrjár stöður fangelsispresta. Við einkastofnanir eru starfandi 8 prestar í fullu starfi.

Í Svíþjóð eru 11 prestar í fullu starfi við sál-gæzlu á sjúkrahúsum. Auk þess eru um 100 prestar í hálfu starfi við sál-gæzlu á slíkum stofnunum.

Þriðja spurningin var: Hvaða menntun er þeim boðin, sem stunda sál-gæzlu í landi yðar?

Í Danmörku er tæpast um nokkra sérmenntun að ræða fyrir sjúkrahúspresta. Á undanfórnum árum hafa verið þar fjölsótt námskeið fyrir sjúkrahúspresta.

Í Finnlandi hefur verið samin fræðsluáætlun fyrir sál-gæzlu-fólk á sjúkrahúsum. Boðið er upp á sérmenntun ásamt verklegri þjálfun á sjúkrahúsum. Við guðfræðideild háskólans í Helsinki hefir verið stofnað lektorat í kliniskri guðfræði.

Prestafélag norsku kirkjunnar hefur um árabil haldið námskeið í sál-gæzlufræðum. Samið hefur verið álit um menntun og þjálfun sjúkrahúspresta.

Í Svíþjóð annast sérstakar stofnanir menntun sjúkrahúpresta, sem gefa kost á tveimur námsbrautum. Í þeirri fyrri er gefin fræðileg undirstöðumenntun, en í hinn síðari starfsþjálfun undir handleiðslu. Þessar námsbrautir eru ekki einvörðungu nýttar af prestum, heldur einnig læknum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum o.fl.

Fjórða spurningin var: Hafa sálusorgarar á sjúkrahúsum samtök sín á meðal?

Í Danmörku hefur verið stofnað opinbert ráð fyrir sjúkrahúspresta.

Í Finnlandi hefur sjúkráhusnefnd kirkjunnar samband við sálusorgara á sjúkráhusum og sjúkráhusprestar hafa einnig samtök sín á milli.

Í Noregi eru engin sérstök samtök sjúkráhuspresta, en fastanefnd prestafélagsins vinnur að þessum málum.

Í Svíþjóð eru starfandi samtök sjúkráhuspresta.

Í finnsku skýrslunni er rætt nokkru nánar um efnið. Bent er á, að vaxandi tækni og skipulag á sjúkráhusum leiði til þess, að oft sé komið fram við sjúklinginn á ópersónulegan og vélrænan hátt. Skammur vistunartími og ör skipti á sjúkradeildunum gera starf sálusorgarans mjög örðugt, og honum tekst ekki að veita hverjum einstökum sjúklingi þann tíma og þá andlega aðhlyningu, sem hann þarfnast. Þó hefur almennur skilningur á gildi sálgæzlu á sjúkráhusum farið vaxandi.



5. L O K A O R Ð

5.1. SKRÁ YFIR GÖGN STARFSHÁTTANEFNDAR

5.2. SKRÁ YFIR ERLENDAR BÆKUR

5.3. EFTIRMÁLI

5.1. Skrá yfir gögn starfsháttarnefndar.

Gögn synodusárið 1974 - 1975.

1. Fyrsta fundargerð 19. október 1974.
  2. Dreifibréf til sóknarpresta í desember 1974.
  3. Lagaleg staða kirkjunnar.
  4. Um skipan prestakalla.
  5. Endurskoðun á starfsháttum kirkjunnar.
  6. Flokkun, Sr. Ingólfur Guðmundsson.
  7. Fundargerð annars fundar 22. - 23. janúar 1975.
  8. Nokkur drög um lagalega stöðu þjóðkirkjunnar.
  9. Skýrsla æskulýðsnefndar á haustráðstefnu 1974.
  10. Drög að könnun á æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar.
  11. Bréf til biskups 4. febrúar 1975 og svarbréf.
  12. Bibliography.
  13. Fundargerð 3. fundar 5. - 6. marz 1975.
  14. Frumvarp til laga um trúfélög 1974.
  15. Nokkrar hugmyndir um áframhaldandi úrvinnslu starfsh.n.
  16. Nokkur drög um lagalega stöðu ísl. þjóðkirkjunnar. Síðari hluti.
  17. Til starfsháttanefndar.
  18. Um synodus 1975.
  19. Fundargerð 4. fundar 22. - 24. marz 1975.
  20. Dreifibréf til sóknarpresta í apríl 1975.
  21. Nokkrar spurningar.
  22. Fundargerð 5. fundar 23. apríl 1975.
  23. Útsent dreifibréf.
  24. Dagskrá 6. fundar.
  25. Kostnaðaráætlun nefndarinnar f. synodusárið 1975-1976.
  26. Greinargerð um sérþjónustu íslensku kirkjunnar.
  27. The Icelandic Church.
  28. Stutt álitsgjörð varðandi kristindómsfræðslu á Íslandi.
  29. "Prismet"-Problemorientert kristendomsundervisning.
  30. Nokkrir þættir um lagalega stöðu ísl. þjóðkirkjunnar.
- Ymis gögn, sem starfsháttanefnd vann úr á synodusárinu.
31. Tillögur millifundanefndar Rangárvallaprófastsdæmis.
  32. Frá Múlaprófastsdæmi.
  33. Frá Skagafjarðarprófastsdæmi.
  34. Frá Húnavatnsprófastsdæmi.
  35. Frá Kjalarnesprófastsdæmi.

36. Frá Þingeyjarprófastsdæmi.
37. Frá Borgarfjarðarprófastsdæmi.
38. Framsöguræða sr. Þórhalls Höskuldssonar á synodus 1974.
39. Framsöguræða sr. Halldórs Gunnarssonar á synodus 1974.
40. Álitsgjöðrð miðnefndar á prestastefnu 1974.
41. ÞingskUP kirkjuþings.
42. Um sóknargjöld. - Tillögur og ýmsar umsagnir. Endanleg tillaga.
43. Skipulagsskrá fyrir tónmenntasjóð kirkjunnar.
44. Ýmsar tillögur á 9. kirkjuþingi 1974.
45. Greinargerð Inga Karls Jóhannessonar og sr. Guðjóns Guðjónssonar.

Gögn synodusárið 1975 - 1976.

1. SYNODUS 24. - 26. júní 1975. Vinnuþlagg um lagalega stöðu, vinnuþlagg um íbúatölu ofl., framsöguræða um kristindómsfræðslu, útdráttur frá umræðuhópum, frá Vestlendingum og Vestfirðingum, Reykvíkingum, Sunnlendingum, Austlendingum og Norðlendingum.
2. Fundargerð 1. fundar 8. - 9. júlí 1975.
3. Skoðanakönnun meðal kennara.
4. Spurningar frá starfsháttanefnd til sóknarpresta.
5. Samantekt úr ábendingum frá umræðuhópum á synodus 1975.
6. Kirkjustjórnskipun og byggðaþróun. Sr. Jakob Ág. Hjálmarsson.
7. Dagskrá 2. fundar.
8. Ýmis skýrsluform frá Norðurlöndum.
9. Tillögur um skýrsluform og skýrslugerð.
10. Frumvarp til laga um sóknargjöld.
11. Fundargerð 2. fundar 22. - 23. október 1975.
12. Kort af Reykjavík og Íslandi.
13. Dagskrá 3. fundar.
14. Greinargerð sr. Ólafs Skúlasonar og sr. Þóris Stephensen.
15. Erindi um starfshætti kirkjunnar flutt á aðalfundi Prestafélags Hólastiftis.
16. Fundargerð 3. fundar 1. - 2. desember 1975.
17. Breyting við fundargerð frá sr. Þóri Stephensen.
18. Dagskrá 4. fundar.
19. Hlutverk safnaðarins í æskulýðsstarfi. Sr. Guðjón Guðjónsson.
20. Skýrsla æskulýðsfulltrúa fyrir haustráðstefnu æskulýðsnefndar.

21. Kirkjustjórn . Sr. Ingólfur Guðmundsson.
22. Um sálgæzlu. Sr. Tómas Sveinsson.
23. Skýrslur um sjúkráþjónustu á Norðurlöndum.
24. Tillaga um skipan prestakalla í Vesturlandskjördæmi.
25. Frumvarp til laga um biskupa. Kirkjuþing 1958.
26. Fundargerð 4. fundar 15. - 17. janúar 1976.
27. Dagskrá 5. fundar.
28. Ýmis bréf nefndarinnar til: Kirkjuráðs, fjölmiðlunarnefndar, safnaðaráðs, bindindisráðs, Hjálparstofnunar kirkjunnar, æskulýsnefndar, menntamálanefndar, söngmála-stjóra, skipulagsnefndar og biskups.
29. Hugleiðingar um framtíðarskipan biskupsembættis á Íslandi.
30. Frumvarp til laga um biskupsembætti 1976.
31. Yfirlit yfir lögmælt verkefni biskups og starfsh.
32. Frumvarp til laga um biskupsdæmi á 6. kirkjuþingi.
33. Frumvarp til laga um biskupa á 5. kirkjuþingi.
34. Uppkast að tveimur frumvörpum með greinargerðum frá Skipulagsnefnd Reykjavíkurprófastsdæmis.
35. Frumvarp til laga um biskupsembætti þjóðkirkju Íslands.
36. Álit starfsháttanefndar um framtíðarskipan biskupsembættis.
37. Tillögur um skipan prestakalla.
38. Ýmis frumvörp frá alþingi.
39. Fundargerð 5. fundar 3. - 5. marz 1976.
40. Dagskrá 6. fundar.
41. "Tesur" um æskulýðsmál.
42. Um skipan sókna á Íslandi.
43. Um framtíðarskipan prestsembættis á Íslandi.
44. Úrvinnsla á skýrslum um sjúkráþjónustu á Norðurlöndum.
45. Niðurstaða á úrvinnslu.
46. Úr gildandi kirkjurétti um prófasta, héraðsfundi, synodus, sóknarnefndir og safnaðarfulltrúa.
47. Fundargerð 6. fundar 7. - 8. apríl 1976.
48. Dagskrá 7. fundar.
49. Uppkast að lögum um sóknarprestsembættið, prófasts-embættið, héraðsfundi, kirkjuþing, prestastefnu, kirkjuráð og greinargerðir. - Breytingar á lögum nr. 35/1970.
50. Uppkast að sömu lögum, sbr. nr. 49.
51. Fundargerð aukafundar.
52. Fundargerð 7. fundar, 27. - 28. apríl 1976.
53. Frumvarp til laga um biskupsembætti 1975 - 1976.

54. Fundargerð aukafundar að Holti.
55. Drög að skipulagsmynd fyrir þjóðkirkju Íslands með skýringum.
56. Um skipan sókna og prófastsdæma.
57. Uppkast að lögum um sóknir, prófastsdæmi og biskupsdæmi og greinargerðir.
58. Álit um skipan prestsembætta á Íslandi.
59. Uppkast að lögum um prestsembættið og greinargerð.
60. Uppkast að lögum um prófastsembættið og greinargerð.
61. Dagskrá 8. fundar.
62. Inngangur.
63. Endurbætt skipulagsmynd, sbr. nr. 55.
64. Upplýsingar um kostnað við kirkjuráð, kirkjuþing og synodus.
65. Uppkast að efnisyfirliti.
66. Tillögur um breytingar á lögum um sóknarnefndir og héraðsn.
67. Fundargerð 8. fundar 11. - 13. júní 1976.
68. Ýmis bréf.
69. Fréttatilkynning til blaða á synodus 1976.
70. Skýrsla starfsháttanefndar til synodus 1975.

Gögn synodusárið 1976 til 1977.

1. Synodus 29. - 30. júní 1976.
2. Yfirlit yfir erlendar bækur, sem aflað var á synodus-árinu.
3. Bréf til Dóms- og Kirkjumálaráðuneytisins, ds. 8. júlí 1976.
4. Bréf formanns starfsh.n. til nefndarmanna, ds. 25. september 1976.
5. Dagskrá 1. fundar.
6. Uppkast að lögum um héraðsfundi, leikmannafundi, leikmannastefnu, prestastefnu, kirkjustefnu og kirkjuþing.
7. Tillögur og valkostir vegna fjármála og fjármögnunar kirkjunnar.
8. Finnsk skipulagsmynd um starfsemi kirkjunnar og skýringar.
9. Fundargerð 1. fundar. 12. - 13. október 1976.
10. Greinargerð og skrá yfir seldar kirkjueignir 1876-1974. Sr. Gísli Brynjólfsson.
11. Bréf sr. Sigurðar Pálssonar vígslubiskups.
12. Dagskrá 2. fundar.
13. Frumvarp til laga um kirkjubyggingar 1944.
14. Uppkast að lögum um sóknarnefndir og safnaðarfundir.

15. Um djákna og safnaðarsystur.
16. Yfirlit yfir framlög ríkisins til Þjóðkirkjunnar 1967-1976.
17. Áætlun um tekjur af aukaverkagreiðslum og greinargerð .
18. Ábendingar og ákvörðunarefni vegna umræðna um fjármál kirkjunnar.
19. Tillögur til starfsh.n. frá dómprófasti.
20. Drög að frumvarpi til laga um sóknargjöld og greinargerðir frá biskupi 1973.
21. Frumdrög að lögum um sérþjónustu kirkjunnar.
22. Athugun á tekjuþörf og tekjuöflun safnaða þjóðkirkjunnar, unnið af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins.
23. Fundargerð 2. fundar 4. - 7. janúar 1977.
24. Dagskrá 3. fundar.
25. Bréf til kirkjuráðs, ds. 14. janúar 1977.
26. Lög um sóknir, stjórn sókna og starfsmenn, fjárreiður og greinargerðir.
27. Frumdrög að álitsgjörð um sérþjónustu kirkjunnar.
28. Hugleiðingar um uppsetningu á lögum og kaflaskiptingu.
29. Nýtt uppkast að mynd, skýringum, lögum sbr. nr. 6 og breytingar.
30. Álit og greinargerðir við lög, sbr. nr. 29.
31. Drög að lögum um kirkjur og kirkjubýggingar.
32. Bréf til Þjóðhagsstofnunar, ds. 10. janúar 1977.
33. Drög að starfi söngmálastjóra. Haukur Guðlaugsson.
34. Fundargerð 3. fundar 1. - 2. febrúar 1977.
35. Dagskrá 4. fundar.
36. Skýring hugtaka og lög um sóknir.
37. Ný skipulagsmynd.
38. Lausleg áætlun um kostnað við prestastefnu, kirkjubing ofl. frá Þjóðhagsstofnun.
39. Könnun á ferminu og fermingarundirbúningi 1970-1971.
40. Fundargerð 4. fundar 23. - 24. febrúar 1977.
41. Dagskrá 5. fundar.
42. Upplýsingar um vísitölur og launabreytingar 1973-1977.
43. Um fjárreiður sókna.
44. Um jöfnunarsjóð prófastsdæma.
45. Kostnaður starfsháttanefndar 1976.
46. Uppkast að skýrslu, mynd, skýringar, lagagreinar.
47. Mannfjöldatölur 1. desember 1976 frá Hagstofnunni.

48. Úttekt á starfsemi söngmálastjóra. Haukur Guðlaugsson.
49. Fundargerð 5. fundar, 22. - 24. marz 1977.
50. Framlög ríkisins til kirkjumála 1968-1976 frá Þjóðhagsstofnun.
51. Fundargerð 6. fundar 14. - 19. apríl 1977.
52. Skýrsla Uppeldis- og menntamálanefndar.
53. Kristnisjóður, breytingatillögur á lögum.
54. Dagskrá 7. fundar.
55. Uppkast að formála.
56. Bréf frá söngmálastjóra.
57. Uppkast að lögum um söngmálastjóra og tónskála.
58. Kafli um Þjóðkirkjuna.
59. Ýmsar breytingar.
60. Fundargerð 7. fundar 18. - 19. maí 1977.
61. Álitargerð starfsháttanefndar Þjóðkirkjunnar til prests-  
stefnu 1977.
62. Fundargerð 8. fundar 6. júní 1977.
63. Kostnaður starfsháttanefndar 1977.

5.2. Skrá yfir erlendar bækur.

1. Betænkning om Folkekirken i det moderne samfund, 1 - 2.
2. Finansering av kirkebygg.
3. Oppdrag og ansvar.
4. Aksjon og ansvar.
5. Menighetsskole for voksne.
6. Kyrkans totalplan för fostran.
7. Undervisningsprogram for voksne i menigheten.
8. Dåb og dåbsundervisning i folkekirken.
9. Tjänstan åt nästan.
10. Diakoni.
11. Modeller for ordning av Kirkestyret.
12. Embetsteologi og tjenstedifferensiering.
13. Tjenester og stillinger.
14. Kirkerådets uttalelse om stat/kirke.
15. Sammen drag av stat/kirke utredninger.
16. Arkivplan for menighetsråd.
17. Idémappe for "turistmenigheter".
18. Utfordringer og behov - Håndbok i kirkelig struktureringsarbeid.



### 5.3. Eftirmáli.

Með álitni því, sem hér er birt, hefur starfsháttahefnd þjóðkirkjunnar lokið störfum. Hér er um að ræða endanlegt álit nefndarinnar, sem er ávöxtur af mikilli vinnu og íhugun um þessi mál um nærri þriggja ára skeið.

Á starfstíma sínum hefur nefndin haldið 22 fundi, og hafa þeir staðið samtals í 56 daga. Flestir fundanna hafa verið haldnir í Reykjavík og þá oftast í Neskirkju. Þar hefur nefndin notið ágatrar fyrirgreiðslu. Fyrir það eiga forráðamenn kirkjunnar og þá einkum kirkjuvörður alúðarpakkir. Fundir nefndarinnar, sem haldnir voru utan Reykjavíkur, voru á Akureyri og á Möðruvöllum í Hörgárdal, í Húsmæðraskóla kirkjunnar að Löngumýri, í Lýðháskólanum í Skálholti og að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og á Akranesi.

Á fundum sínum hefur starfsháttanefnd fjallað um flest svið og þætti kirkjulegs starfs og kirkjulegrar skipunar í landinu, og hefur starf hennar verið viðtakara og umfangsmeira en álitnið ber með sér. Álitnið ber því ekki að skoða sem tæmandi tillögur og úttekt á starfsháttum kirkjunnar. Ýmsum þáttum hefur verið sleppt, svo er t.d. um helgidagalöggjöfina og um kirkjugarða. Þar er vissulega um tvö stórmál að ræða, sem þó eru óskyld og nokkuð sérstakrar gerðar, og því hefur nefndin eigi fellt þau inn í umgjörð álits síns.

Vera má, að einhverjum finnist, að starfsháttanefnd hafi meira fjallað um skipulagsmál en starfshætti kirkjunnar. Þess ber þó að gæta, að þetta tvennt er saman slungið. Sem þjóðfélagsstofnun hlýtur kirkjan að lúta ákveðnu skipulagi. Það skipulag hefur úrslitaáhrif á starfshætti hennar og þjónustu í samfélaginu. Kirkjunni verður ekki gert kleift að aðlaga sig að breyttum háttum og nýjum þörfum, nema gerðar verði breytingar á skipulagi hennar og löggjöf. Starfsháttanefnd hefur valið þann kost að setja stóran hluta af álitni sínu fram í lagagreinum. Ekki ber að skoða þær lagagreinar sem endanlega eða lögformlega frágengin frumvörp, sem hægt væri að senda beint til löggjafarvaldsins. Áður en til þess kæmi, þyrftu lögfróðir menn og kirkjuréttarfræðingar að yfirfara og aðhæfa þessar greinar í ljósi gildandi laga. Því sýnist starfsháttanefnd eðlilegt, að álitinu verði vísað til nefndar fróðra manna í kirkjurétti og kirkjuskipan. Kemur þá til álita

nefnd sú, er kirkjumálaráðherra skipaði árið 1973 samkvæmt tillögu kirkjupings "til þess að fjalla um endurskoðun á löggjöfinni um Þjóðkirkjuna". Þá hlýtur álitid eðli sínu samkvæmt að koma til umfjöllunar á kirkjupingi.

Allt frá upphafi hefur starfsháttanefnd lagt á það áherzlu að hafa starfið sem viðtakast og ná til sem flestra starfsmanna kirkjunnar með það fyrir augum að leita eftir hugmyndum þeirra, ábendingum og tillögum um starfshætti kirkjunnar og þjónustu hennar í samfélaginu. Með þetta í huga skrifaði nefndin mörgum aðilum, sem vinna að kirkjulegu starfi, og óskaði eftir áliti þeirra og tillögum. Allir þessir aðilar hafa sýnt áhuga á störfum starfsháttanefndar, flestir svarað erindum hennar og margir þeirra átt fundi með henni. Ennfremur hafa nokkrir aðrir aðilar svo og einstaklingar haft samband við nefndina, átt með henni fundi og látið henni í té upplýsingar og ábendingar, sem nefndin metur og þakkar.

Á starfstíma sínum hefur nefndin átt marga fundi með biskupi Íslands, og skulu honum færðar sérstakar þakkir fyrir uppörvun og ábendingar, gott samstarf og margvíslega fyrirgreiðslu í þágu nefndarstarfsins. Einnig hefur nefndin notið þeirra ánægju að heimsækja báða vígslubiskupana og eiga við þá gagnlegar viðræður um starfshætti kirkjunnar. Fyrir það skulu þeim þakkir færðar.

Ennfremur hefur nefndin á starfstíma sínum átt fundi með eftirtöldum aðilum: Kirkjumálaráðherra, ráðuneyttisstjóra og deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, framkvæmdastjóra Þjóðhagsstofnunar, svo og hagfræðingi hjá Þjóðhagsstofnun, söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar og núverandi og fyrrverandi æskulýðsfulltrúa Þjóðkirkjunnar, svo og aðstoðar-æskulýðsfulltrúa Þjóðkirkjunnar, fyrrverandi formanni æskulýðsnefndar, dómprófastinum í Reykjavík, núverandi og fyrrverandi skipulagsnefnd Reykjavíkurprófastsdæmis, Ármanni Snævarr, hæstaréttardómara, stjórn Bindindisráðs kristinna safnaða, kjaranefnd Prestafélags Íslands, prestum í Breiðholtshverfi í Reykjavíkurprófastsdæmi og hópi presta bæði á Akureyri og í Reykjavík.

Þá hafa einstakir nefndarmenn mætt á kirkjulegum fundum og ráðstefnum og rætt þar um starfshætti kirkjunnar, t.d. á héraðsfundum, aðalfundi Æ.S.K. í Hólastifti og á fundum í deildarfélögum Prestafélags Íslands.

Starfsháttanefnd hefur einnig leitað sér upplýsinga um kirkjulega skipan og starfshætti í nálægum löndum, bæði með öflun bóka og rita, auk þess sem þrír nefndarmenn hafa farið til Norðurlandanna á starfstímanum og fengið þar mikilvægar upplýsingar.

Mikið af starfi nefndarinnar hefur verið unnið á milli funda, og verður því starfi ekki gerð hér nein viðhlítandi skil þess skal þó t.d. getið, að nefndarmenn hafa yfirfarið mörg lagafrumvörp um kirkjumál, bæði gömul og ný, ásamt greinargerðum og kannað umræður og afgreiðslu samkvæmt Alþingistíðindum.

Haustið 1975 sendi starfsháttanefnd öllum sóknarprestum á landinu könnunarbréf, þar sem leitað var eftir nokkrum mikilvægum upplýsingum, er taka til starfs þeirra og þjónustu, svo og skipunar og stöðu kirkjulegra málefna í sóknum og prestaköllum vítt um landið. Könnun þessi bar ekki tilætlaðan árangur og varð, sakir dræmrar þátttöku, eigi svo marktæk, sem vænt hafði verið. Þrátt fyrir það, fékk nefndin margar merkar og ýtarlegar upplýsingar frá sóknarprestum, sem komið hafa að góðu gagni við störf hennar.

Í niðurlagsorðum í skýrslu starfsháttanefndar til prestastefnu 1976 var þess óskað, að prestar sendu nefndinni athugasemdir og ábendingar, sem þeir kynnu að vilja koma á framfæri vegna álits nefndarinnar. Frá því er skemmst að segja, að nefndinni hafa engar skriflegar athugasemdir borizt við téða skýrslu, sem hún lagði fram til kynningar og umhugsunar á prestastefnunni s.l. ár. Hins vegar hafa margir rætt við nefndina um þessa skýrslu og nær undantekningarlaust á jákvæðan hátt og með þakkarhug. Auk prestanna hafa margir einstaklingar sýnt starfi nefndarinnar mikinn og þakkarverðan áhuga. Ber þar sérstaklega að nefna Ármann Snævarr, hestaréttardómara og kennara í kirkjurétti. Hefur nefndin notið uppörvunar og ábendinga frá honum, sem hún þakkar og metur.

Starfsháttanefnd leggur álit sitt fram í fullri auðmykt. Hún væntir þess ekki, að allir verði henni sammála um þá uppbyggingu og þær leiðir í kirkjulegu starfi, sem lagt er til í álitinu. Nefndin þakkar öllum, sem hafa veitt henni leiðsögn og lið í störfum hennar.

Það er einlæg ósk okkar og bæn, að störf og álit nefndarinnar verði til blessunar og heilla fyrir kirkju Krists á Íslandi og til eflingar kirkjulegri starfsemi og kirkjulegra áhrifa í landinu og veki til jákvæðra umræðna og íhugunar um stöðu og hlutverk kirkjunnar og vaxandi þörf og nauðsyn kirkjulegrar þjónustu í þjóðfélaginu.

Reykjavík, 6. júní 1977.

Jón Einarsson (sign.)

form.

Halldór Gunnarsson (sign.)

ritari

Jón Bjarman (sign.)

Jónas Gíslason (sign.)

Þórhallur Hóskuldsson (sign.)